

**SKOÐUN** Karl Garðarsson segir þörf á að bæta þjónustu við unglinga sem kljást við tilfinningavanda. 24



**MENNING** Kolbrún Björt Sigfúsdóttir er eini Íslendingurinn sem hefur lært Shakespeare-leikstjórn. 50



**SPORT** Fótboltastrákarnir okkar í Hollandi eru búnir að bæta sextán ára gamalt markamet. 44-45







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Fimmtudagur**
6. febrúar 2014
31. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


**FRÉTTIR**



### Kennurum misboðið

Formaður framhaldsskólakennara segir yfirlýsingar menntamálaráðherra um breytingar í framhaldsskólakerfinu ekki koma kjaradeilu við og kennurum sé misboðið. 8

**Sigurfari tekinn sundur** Byggðasafnið í Görðum leggur til að Akranesbær taki Kútter Sigurfara í sundur og geymi uns nægur peningur fæst í endurbyggingu skipsins. 2

**TF-SIF skilur eftir skarð** Ef flugvél Landhelgisgæslunnar hefði verið til staðar, en ekki í útleigu á Miðjarðarhafi, hefði verið hægt að ljúka nýlegri leit á Faxaflóa á mun skemmri tíma en raunin varð. 8




20

| | | |
|---|---|---|
| Bolungarvík | 1° | 13 NA |
| Akureyri | 1° | 7 NA |
| Egilsstaðir | 3° | 8 A |
| Kirkjubæjarkl. | 4° | 8 A |
| Reykjavík | 3° | 9 A |

**Rigning eða slydda víða um land** en úrkomulítið V-lands. NA- og A-læg átt, 6-18m/s og hvassast við strendur landsins. Hiti 0-7 stig. 4

**1 SÉRBLÖÐ**

Fólk




# Þjóðin er klofin um framtíð krónunnar

Samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 skiptist þjóðin í jafnstóra hópa í afstöðu sinni til krónunnar sem framtíðargjaldmiðils Íslands. Afstaðan hefur lítið breyst á einu ári. Sjálfstæðismenn vilja öðrum fremur halda krónunni.

**KÖNNUN** Afstaða landsmanna til krónunnar klýfur þjóðina í tvær jafnar fylkingar samkvæmt niðurstöðum skoðanakönnunar Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Helmingur sér krónuna fyrir sér sem framtíðargjaldmiðil landsins, en hinn helmingurinn gerir það ekki.

Alls segjast 50,3 prósent vilja krónuna áfram, en 49,7 prósent vilja það ekki, samkvæmt könnuninni. Munurinn er langt innan skekkjumarka, sem eru um fjögur prósentustig. Afstaða almennings hefur lítið breyst frá því í janúar í fyrra, en þá vildu 52,6 prósent krónuna áfram en 47,4 prósent vildu eitthvað annað.

Þegar litið er lengra aftur í tímann má sjá meiri breytingar. Í febrúar 2011 vildu aðeins 40,5 prósent að krónan yrði framtíðargjaldmiðill landsins. Enn færri voru þeirrar skoðunar í apríl 2009, um 38,1 prósent.

Aðeins meðal stuðningsmanna Sjálfstæðisflokksins er meirihluti fyrir því að halda krónunni. Alls segist 65,1 prósent þeirra, sem kjósa myndu flokkinn yrði gengið til kosninga nú, vilja halda krónunni. Um 50 prósent stuðningsmanna Framsóknarflokksins og Vinstri grænna vilja halda krónunni og mikill minnihluti stuðningsmanna annarra flokka vill krónuna sem framtíðargjaldmiðil þjóðarinnar. - bj / sjá síðu 4

**➜ Vilt þú að krónan verði framtíðargjaldmiðill á Íslandi?**




Heimild: Könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 dagana 29. og 30. janúar 2014



**HALDA GAMLA STÍLNUM** Bræðurnir Guðjón og Benjamín Kristinssynir vinna hér við umhverfislistaverkið Þúfu sem stendur við Reykjavíkurhöfn og hannað var af Ólöfu Nordal. Bræðurnir laga steina úr gömlum varnargarði, sem settir verða ofan á nýja garðinn. „Við gerum þetta í gamla stílnum eins og gamli varnargarðurinn var gerður 1914,“ segir Guðjón. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**GÆLUDÝR Í ÁTAK** Ingibjörg Salóme Sigurðardóttir hefur blásið til lífsstílsátaks fyrir gæludýr. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Átak gegn ofþyngd gæludýra:

## Vilja fá ferfætta í betra form

**GÆLUDÝR** „Fólk gerir sér oft ekki grein fyrir því hvað gæludýrin borða mikið. Tökum sem dæmi íslenskan fjárhund. Eigandi gefur honum eina pylsu sem er um það bil áttatíu grömm en ein pylsa í svona lítinn maga jafngildir því að eigandinn borðaði sex kleinuhringi,“ segir Ingibjörg Salóme Sigurðardóttir, eigandi Gæludýr.is. Verslunin hefur blásið til lífsstílsátaksins Ferfættir í form og er markmiðið einfalt – að koma gæludýrum í gott form.

„Við einblínum aðallega á hunda og ketti en okkur finnst eigendur oft ekki meðvitaðir um það að sérstaklega hundarnir þeirra eru orðnir of feitir.“ - lkg / sjá síðu 50

Könnun á aðstæðum Pólverja:

## Lægstu launin eru á Íslandi

**VINNUMARKAÐUR** Pólverjar sem starfa í Reykjavík hafa aðeins um 57 prósent af meðallaunum Íslendinga í kaup. Þeir eru talsvert verr settir en samlandar þeirra sem starfa í Ósló og Kaupmannahöfn, samkvæmt nýrri rannsókn á kjörum og starfsskilyrðum Pólverja í borgunum þremur.

Þá gerir efnahagshrunið að verkum að kaupmáttur Pólverja í Reykjavík er lítið betri en hann var í heimalandinu. Starfsöryggi og réttindi reyndust þó betri á Íslandi en í nágrannalöndunum. - eb / sjá síðu 4






Höfuðborgarbúar sleppa að flokka og skila gjaldskyldum drykkjarumbúðum:

## 200 milljónir króna í ruslið á ári

**UMHVERFI** Íbúar á höfuðborgarsvæðinu hentu áldósum, plast- og glerflöskum fyrir 192 milljónir króna í ruslið á síðasta ári í stað þess að skila umbúðunum og fá skilagjaldið endurgreitt. Árið 2012 hentu þeir sams konar umbúðum fyrir 225 milljónir. Þetta kemur fram í könnun Sorpu sem var gerð í nóvember.

Margt jákvætt má þó lesa út úr könnuninni, til að mynda að pappír og pappi hefur snarminnkað í úrgangi. Björn Hafsteinn Halldórsson, framkvæmdastjóri Sorpu, segir að fólk virðist nú orðið hugsa sig betur um þegar kemur að flokkun sorps. - jme / sjá síðu 16



**FUNDIÐ FÉ** Um 200 milljónir króna hefðu setið eftir í vösum borgarbúa ef þeir hefðu haft vit á að flokka og skila öllum drykkjarumbúðum.







## SPURNING DAGSINS



Aðalheiður, eru framhaldsskólakennarar deyjandi stétt?

**Nei, alls ekki. Þeir eru kraftmiklir, sterkir og duglegir.**

Aðalheiður Steingrímsdóttir er formaður Félags framhaldsskólakennara. Lítil nýliðun er í félaginu og eldri kennurum fjölgar hratt.

Einkaleigusamningur til bifreiðakaupa var talinn vera lánssamningur af Héraðsdómi Reykjavíkur í gær:

# Gæti haft áhrif á þúsundir lántakenda

**DÓMSMÁL** „Þetta getur haft víðtæk áhrif, ég þekki ekki nákvæman fjölda þeirra sem tóku svona lán en held að það gæti hlaupið á þúsundum. Þarna eru miklar fjárhæðir í húfi og það er mikilvægt fyrir neytendur að athuga hvort þeirra lánssamningar eru með sambærileg ákvæði,“ segir Einar Hugi Bjarnason hæstaréttarlögmaður.

Héraðsdómur Reykjavíkur komst að þeirri niðurstöðu í gær að einkaleigusamningur með kauprétti á bifreið væri í raun lánssamningur en ekki leigusamningur. Einstaklingur stefndi Lýsingu hf. og krafðist endurgreiðslu vegna ofgreiðslna og byggði kröfu sína á því að gengistrygging lánssamningsins væri ógild á sama hátt og í öðrum málum er varða kaup- og fjármögnunarleigusamninga.

Einar Hugi segir ekki hafa reynt á þetta samningsform fyrir dómi áður.

„Þetta var mjög algengt samningsform sem margir einstaklingar nýttu sér,“ segir hann.

Dómari sagði einnig að lánssamningurinn hefði verið með ólögmætri gengisviðmiðun og að fara skyldi eftir samningsvöxtum líkt og Hæstiréttur hefur áður sagt að eigi að gilda að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.

Þór Jónsson upplýsingafulltrúi Lýsingar sagði lögmenn fyrirtækisins vera að fara vandlega yfir niðurstöðuna áður en ákvörðun verður tekin um áfrýjun. - fbj



**BÍLAMERGÐ** Úrskurður Héraðsdóms frá í gær gæti haft áhrif á þúsundir bílalána. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**BROSMILD** Þessi glöðu börn hafast við í útjaðri borgarinnar Jalalabad í Afganistan. Þau brosa blítt þrátt fyrir að vera á hrakhólum ásamt fjölskyldum sínum. NORDICPHOTOS/AFP

Hundruðir þúsunda Afgana hrekjast frá heimilum sínum:

## Ástandið gæti enn versnað í ár

**AFGANISTAN Að minnsta kosti 45.000 börn eru meðal þeirra hundraða þúsunda sem hafa hrakist burt af heimilum sínum vegna átakanna sem hafa geisað í Afganistan síðustu áratugi. Þetta er mat Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna, en mannréttindasamtökin Amnesty International telja að börnin séu í raun miklu fleiri.**

**Margt bendir til þess að ástandið muni enn versna í ár þar sem forsetakosningar verða haldnar í apríl og alþjóðlega herliðið mun draga sig úr landinu fyrir árslok eftir þrettán ára veru.** - þj

Kennarar beittir ofbeldi:

## Hamlar endurnýjun stéttar

**MENNTUN** Kennarasamband Íslands hefur áhyggjur af því að aukið ofbeldi gegn kennurum geti haft áhrif á endurnýjun stéttarinnar. Í fréttum Stöðvar 2 í gær kom fram að aldrei hafa fleiri ofbeldismál verið á borði lögfræðings Kennarasambandsins.

Margt bendir til þess að ofbeldi nemenda gegn kennurum sé ákveðið feimnismál. Alvarlegustu ofbeldismálin gegn kennurum koma inn á borð Ernu Guðmundsdóttur, lögmanns Kennarasambandsins. Þeim hefur fjölgað mikið g á síðustu tveimur árum. Hún segir sífellt algengara að kennarar sem hafa verið stutt í starfi hrökklist frá störfum. - þþ

Prófkjör Sjálfstæðisflokks:

## Toppslagur í Reykjanesbæ

**REYKJANESBÆR** Gunnar Þórarinsson gefur kost á sér í fyrsta til annað sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjanesbæ. Árni Sigfússon bæjarstjóri hefur áður gefið kost á sér til áframhaldandi setu í fyrsta sæti listans.

Gunnar hefur setið í bæjarstjórn Reykjanesbæjar frá árinu 2010, fyrsta árið sem forseti bæjarstjórnar en formaður bæjarráðs síðan. Hann hefur einnig setið í stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Gunnar er smiður og viðskiptafræðingur að mennt og hefur starfrækt fyrirtækið Rekstrarþjónustu G.Þ. frá árinu 1980 - skó

# Hyggjast taka Kútter Sigurfara í sundur

Stjórn Byggðasafnsins í Görðum hefur lagt til að Akranesbær taki Kútter Sigurfara í sundur og geymi þangað til nægur peningur fæst í endurbyggingu skipsins. Fimm milljónir fengust í styrk, en áður hafði verið samið um 60 milljóna framlag.

**FRIÐUN** „Þó að við séum þakklát fyrir þennan stuðning er þetta alls ekki nægjanlegt til að gera skipið upp,“ segir Regína Ásvaldsdóttir, bæjarstjóri á Akranesi.

Forsætisráðuneytið hefur veitt fimm milljónir í viðgerðir á Kútter Sigurfara á Akranesi. Styrkurinn er hluti af átaksverkefni í samvinnu við Minjastofnun Íslands sem felur í sér atvinnuskapandi friðunarverkefni um land allt.

Ástand kúttersins, sem stendur við Byggðasafnið í Görðum, hefur verið slæmt undanfarin ár og í raun hefur verið hættulegt að fara um borð í skipið. Ekki hefur fengist nægt fé í endurbætur og hafa Akurnesingar því þurft að horfa upp á eina af táknmyndum bæjarins grotna niður.

Samningar náðust við menntamálaráðuneytið árið 2007 um að gera kútterinn sjóhæfan og átti ráðuneytið að greiða sextíu milljónir króna í verkið. Ekkert varð úr þeirri framkvæmd enda kostar fleiri hundruð milljónir að koma kútternum á sjó og hafa menn í staðinn horft til þess að byggja yfir skipið og gera við það á staðnum. Sú viðgerð gæti verið hluti af lifandi sýningu. Fjárhagsáætlun slíkrar byggingar hljóðar upp á um 117 milljónir króna.

Að sögn Regínu hefur ráðuneytið ekki komið með féð sem þarf til yfirbyggingarinnar. „Við höfum verið í samningaviðræðum við ríkið. Við höfum sjálf ekki bolmagn í verkefnið án stuðnings ríkisvaldsins en kútterinn hefur að geyma merkilega sögu fyrir atvinnu og menningu á Íslandi.“

Bæjarráð óskaði eftir umsögn hjá stjórn Byggðasafnsins í Görðum sem er í eigu Akraneskaupstaðar og Hvalfjarðarsveitar um hvað gera skyldi við milljónirnar fimm frá forsætisráðuneytinu. Lagði það til að rúm ein milljón færi í að leita eftir styrkjum til endurbóta, bæði erlendis og hér heima, og afgangurinn, 3,9 milljónir króna, í að koma heillegum hlutum kúttersins í forvörslu og geymslu þar til hægt verður að fjármagna endurbygginguna. Sem sagt að taka hann í sundur

„Bæjarráð á eftir að fjalla um þessa samþykkt stjórnarinnar. Hver endanleg niðurstaða verður eigum við eftir að sjá,“ segir Regína og bætir við að tillögur um ráðstöfun fjármagnsins þurfi að leggjast fyrir Minjastofnun.

Hún reiknar með því að ef taka þarf kútterinn í sundur þurfi meira fjármagn að koma til og bætir við að brýnt sé að ráðist verði í aðgerðir sem allra fyrst. „Þetta er merkilegt skip. En kútterinn getur ekki staðið svona lengur, hann er að skemmast.“

freyr@frettabladid.is



**KÚTTER SIGURFARI** Milljónirnar fimm frá forsætisráðuneytinu duga langt í frá til að gera við Kútter Sigurfara. MYND/JÓN ALLANSSON

### Kútterinn er eitt helsta tákn Akraness

Kútter Sigurfari var smíðaður árið 1885 í Englandi og notaður við handfæraveiðar við Íslandsstrendur til ársins 1919, og síðan af Færeyingum til ársins 1970. Kútterinn er eina skipið úr þilskipastóli Íslendinga frá fyrri tíð sem hefur varðveist og er eitt helsta tákn Akraness. Kiwanisklúbburinn Þyrill á Akranesi stóð fyrir kaupum á Sigurfara vorið 1974. Þá hafði skipið legið ónotað í höfninni í Klakksvík í Færeyjum í þrjú ár. Hinn 7. júlí 1974 lagðist Sigurfari að bryggju á Akranesi og var skipið að mestu komið í sitt upprunalega horf sumarið 1985. Þá var það opnað almenningi til sýnis á Safnasvæðinu á Akranesi. Þá mátti fólk labba um skipið og skoða en núna er bannað að fara um borð.

SVFR

**Aðalfundur SVFR 2014**

Aðalfundur Stangaveiðifélags Reykjavíkur verður haldinn á Rafstöðvarvegi 20 (Rafveituheimilinu) fimmtudaginn 27. febrúar 2014 kl. 18.00.

Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf.

*Stjórnin*

Hjördís Svan handtekin og flutt til Danmerkur þar sem hennar bíður ákæra:

# Börnin eftir hjá fjölskyldunni

**LÖGREGLUMÁL** Hjördís Svan Aðalheiðardóttir var í gær handtekin og flutt til Danmerkur þar sem hún hefur verið eftirlýst síðan í haust. Í Danmörku bíður hennar ákæra eftir að hún nam börnin sín þrjú á brott og fór með til Íslands.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins urðu börn Hjördísar eftir á Íslandi þegar móðir þeirra var handtekin og eru þau nú hjá móðurfjölskyldunni.

Kim Gram Laursen, danskur faðir barnanna, fer með forsjá þeirra samkvæmt úrskurði þarlendra yfirvalda. Hjördís og Kim hafa átt í áralangri forsjárdeilu en danskur dómstóll dæmdi Kim fulla forsjá í september 2012.

Hjördís mótmælti handtökuskipuninni en hún var staðfest bæði í Héraðsdómi Reykjavíkur og í Hæstarétti Íslands.

Það var ríkissaksóknari sem fór með málið gegn Hjördísi og eftir úrskurð Hæstaréttar fól hann ríkislögreglustjóra að hafa samband við dönsk yfirvöld og sjá til þess að handtökuskipanin yrði fullnustuð. Fulltrúar frá dönskum yfirvöldum sóttu svo Hjördísi í gær og fóru með hana til Danmerkur en þar bíður hennar ákæra. - aó



**HJÖRDÍS SVAN HANDTEKIN** Danskir lögregluþjónar handtóku Hjördísi í gær og fluttu hana til Danmerkur. MYND/STÖÐ 2




**Gæði og ábyrgð án vaxtakostnaðar**

Allir bílar hjá Betri notuðum bílum hafa farið í gegnum strangt gæðamat, 125 punkta skoðun og eru í ábyrgð að lágmarki í eitt ár. Það er þess vegna sem við getum boðið þér vaxtalaust lán, sem nemur allt að 40% af kaupverði, þegar þú velur notaðan bíl hjá okkur.

Fáðu nánari upplýsingar á www.toyotakauptuni.is
Erum á Facebook - Toyota Kauptuni

1 ÁRS ÁBYRGÐ

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Betri** notaðir bílar Kauptúni

## SVONA ERUM VIÐ



**36%** **íslenskra heimila héldu gæludýr á árunum 2009 til 2011.**

**Hundar og kettir voru algengustu gæludýrin, en kettirnir voru talsvert fleiri.**

*Heimild: Hagstofa Íslands*

Félög sem felldu kjarasamningana frá í desember hafa hafið viðræður á ný. Hin horfa nú fram á við:

# Undirbúa gerð langtímakjarasamninga

**KJARASAMNINGAR** Félögin fimm sem samþykktu kjarasamninga Starfsgreinasambandsins og Samtaka atvinnulífsins hafa hafið vinnu við kröfugerð vegna kjarasamnings til lengri tíma, en desembersamningurinn gildir í eitt ár. Að sögn Drífu Snædal, framkvæmdastjóra Starfsgreinasambandsins, fer sambandið með samningsumboðið fyrir félögin sem samþykktu samninginn.

Fulltrúar þeirra fjórtán félaga innan SGS sem felldu kjarasamninginn hittu fulltrúa Samtaka atvinnulífsins á fundi í vikunni undir verkstjórn Ríkissáttasemjara.

Samningsumboðið er nú hjá hverju félagi sem felldi samninginn. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvort félögin hafi samflot við gerð nýs kjarasamnings.

Að sögn Drífu voru menn að bera saman bækur sínar og fara yfir það hvað olli því að samningurinn var felldur.

Ekki hefur verið boðað til nýrra funda, hvorki hjá félögunum sem felldu né hinum sem samþykktu samninginn. - jme



**FRÁ UNDIRRITUN** Þau fimm félög sem samþykktu samningana hafa nú hafið vinnu að kröfugerð vegna langtímasamninga á meðan félögin sem felldu hafa aftur sest við samningaborðið. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN JÚLÍUS

# Launakjör Pólverja lökust á Íslandi

Þegar launakjör Pólverja í Reykjavík, Ósló og Kaupmannahöfn voru borin saman reyndust þau verst hér á landi. Starfsöryggi og réttindi reyndust þó betri. ASÍ segir vandamálið þekkt og lausnina liggja meðal annars í að viðurkenna starfsréttindi erlendra starfsmanna.

**VINNUMARKAÐUR** Laun Pólverja í Reykjavík eru töluvert lægri heldur en meðallaun Íslendinga og launakjör þeirra verri en í nágrannalöndunum. Starfsöryggi er þó meira hér á landi. Þetta kemur fram í nýrri rannsókn á launakjörum og starfsskilyrðum Pólverja í Reykjavík, Kaupmannahöfn og Ósló.

„Samkvæmt því sem þarna kemur fram er umtalsverður munur á milli Pólverja og þess sem almennt gildir á vinnumarkaðnum," segir Halldór Grönvold, deildarstjóri félagsmáladeildar ASÍ, um niðurstöður rannsóknarinnar.

Halldór segir niðurstöðurnar þó ekki koma á óvart. „Við vitum að útlendingar njóta ekki sanngjarnra kjara af ýmsum ástæðum," segir hann.

Miðað við höfðatölu hefur erlendum starfsmönnum frá Mið- og Austur-Evrópu fjölgað mest á Íslandi af Norðurlöndunum. Hefur þróunin vakið spurningar um stöðu erlends starfsfólks og hættu á svokölluðu félagslegu undirboði; að fyrirtæki nýti sér erlent starfsfólk af því að það sé ódýrara.

Íslenski hluti rannsóknarinnar byggir á viðtölum við fimm hundruð Pólverja í Reykjavík árið 2010. Þar kemur fram að þegar laun þátttakenda voru borin saman við meðallaun í landinu á þeim tíma, reyndust laun Pólverja vera 57 prósent af meðallaunum Íslendinga.

„Það er mikilvægt að átta sig betur á því í hverju munurinn felst. Það er klárt að einn skýringarþáttur er að erlendir starfsmenn fá ekki staðfest starfsréttindi sín og þekkingu," segir Halldór, spurður um hvort ástæða sé til að bregðast við niðurstöðum rannsóknarinnar.

„Annað atriði er að launataxtar séu nálægt raunverulegum launum í landinu," segir hann. Ein möguleg skýring á launamuninum sé að útlendingum séu frekar boðin lágmarkslaun, en á Íslandi er ólöglegt að bjóða starfsmönnum lægri laun heldur en kjarasamningar segja til um.

Rannsóknin leiddi jafnframt í ljós að þegar kaupmáttur launa þátttakenda árið 2010 var borinn saman við laun þeirra í Póllandi áður en þeir fluttust til Íslands, reyndist kaupmáttaraukningin vera lítil sem engin. Efnahagshrunið er talið vera helsta skýringin á þessum litla mun. Fyrir árið 2008 gátu Pólverjar aukið kaupmátt launa sinna við flutninginn til Íslands, en eftir hrun er efnahagslegur ávinningur þeirra lítill sem enginn.

Þar með er þó ekki öll sagan sögð, því samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar reyndist starfsöryggi vera meira á Íslandi heldur en í hinum löndunum.

Af fimm þáttum sem mældu starfsöryggi reyndust aðstæður vera bestar á Íslandi. Halldór segir mikilvægt í því samhengi að hér á landi ná kjarasamningar yfir nærri allan vinnumarkaðinn. Þá skipti máli að ekki eru starfræktar starfsmannaleigur hér á landi, líkt og tíðkast víða erlendis, en þær reyni gjarnan víkja sér undan því að virða réttindi starfsmanna.

eva@frettabladid.is



**Það er klárt að einn skýringarþáttur er að erlendir starfsmenn fá ekki staðfest starfsréttindi sín og þekkingu**

*Halldór Grönvold, deildarstjóri hjá ASÍ*

## → Rannsókn á kjörum Pólverja

Í rannsókninni voru borin saman launakjör og starfsskilyrði Pólverja í þremur norrænum borgum, Reykjavík, Ósló og Kaupmannahöfn. Rannsóknin var styrkt af Norrænu ráðherranefndinni og byggði íslenski hluti hennar á gögnum sem safnað var af Miðstöð innflytjendarannsókna Reykjavíkurakademíunni (MIRRA).



**BYGGINGAVINNA** Starfsöryggi og réttindi Pólverja reyndust vera betri í Reykjavík heldur en í Ósló og Kaupmannahöfn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHEM

## Launakjör Pólverja í Reykjavík, Osló og Kaupmannahöfn

| Launakjör Pólverja | Reykjavík | Osló | Kaupmannahöfn |
|---|---|---|---|
| Hlutfall tekna af meðaltekjum í viðkomandi landi | 57% | 65% | 85% |
| Meðallaun í Póllandi fyrir flutning (pólskt Slot) | 15 Slot | 18 Slot | 12 Slot |
| Kaupmáttur launa – í samanburði við pólsk laun | 16 | 29 | 27 |

## VEIKINDALEYFI

### Spurt var hvort þátttakendur teldu að þeir gætu tekið veikindaleyfi







## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**ÚRKOMA VÍÐA UM LAND** næstu daga og kólnar fram að helgi. En í dag verður norðaustan 6-18m/s og hvassast við SA-ströndina. Það verður heldur hægari vindur á morgun og búast má við snjókomu eða éljum á norðurhluta landsins.




**Á morgun**
Norðaustan 5-14m/s, hvassast NV-lands.




**Laugardagur**
Víða fremur hægur vindur, 7-13m/s.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 19° | Billund | 3° | Gautaborg | 2° | London | 7° | Orlando | 18° | San Francisco | 12° |
| Basel | 8° | Frankfurt | 6° | Kaupmannahöfn | 2° | Mallorca | 14° | Osló | -1° | Stokkhólmur | 1° |
| Berlín | 4° | Friedrichshafen | 7° | Las Palmas | 21° | New York | -1° | París | 9° | | |

**Vordís Eiríksdóttir**
veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson gudmundur@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is



# NÆRÐU HUGANN

## FJÖLBREYTT NÁMSKEIÐ Á NÆSTUNNI

### MENNING

Silkileiðin
skráningarfrestur til 10. febrúar

Er líf án trúarbragðanna eitthvað líf?
skráningarfrestur til 19. febrúar

Kínversk heimspeki og lífslist
skráningarfrestur til 26. febrúar

Brasilía - landið, þjóðin og fjölbreytt mannlíf
skráningarfrestur til 27. febrúar

### STARFSTENGD HÆFNI

Hlutverk hópstjórans/vaktstjórans
skráningarfrestur til 7. febrúar

Námskeið og próf til réttinda leigumiðlunar
skráningarfrestur til 10. febrúar

Skrif og skipulag efnis fyrir vefinn
skráningarfrestur til 10. febrúar

Facebook sem markaðstæki I - grunnnámskeið
skráningarfrestur til 11. febrúar

Facebook sem markaðstæki II – auglýsingakrónurnar borga sig!
skráningarfrestur til 13. febrúar

Að setja upp vefverslun í WordPress
skráningarfrestur til 14. febrúar

WordPress – Vinsælasta vefumsjónarkerfi í heimi
skráningarfrestur til 18. febrúar

Samningaréttur og lögfræðileg samningagerð
skráningarfrestur til 18. febrúar

Árangursrík samskipti á vinnustað
skráningarfrestur til 19. febrúar

Grunnatriði í verkefnastjórnun
skráningarfrestur til 20. febrúar

### HEILBRIGÐIS- OG FÉLAGSSVIÐ

Að takast á við ógnandi hegðun skjólstæðinga eða viðskiptavina
hefst 10. febrúar

Samleið til hinstu stundar. Sálgæsla við þau sem horfa fram til eigin dauða og aðstandendur þeirra
skráningarfrestur til 14. febrúar

Offita og ofþyngd barna og unglinga – Leiðir að lausnum
skráningarfrestur til 28. febrúar

### UPPELDI OG KENNSLA

Upptökur í Camtasiu – Notkun upplýsingatækni í skólastofunni
skráningarfrestur til 14. febrúar

Hagnýtar, einfaldar og jákvæðar aðferðir í kennslu: Bætt hegðun, betri líðan
skráningarfrestur til 20. febrúar

Opinn og ókeypis hugbúnaður – Notkun upplýsingatækni í skólastofunni
skráningarfrestur til 28. febrúar

### STJÓRNUN OG FORYSTA

Rekstur og viðhald á gæðastjórnunarkerfum
skráningarfrestur til 18. febrúar

Frammistöðusamtal - frammistöðumat
skráningarfrestur til 24. febrúar

Inngangur að greiningu ferla og ferlastjórnun
skráningarfrestur til 24. febrúar

Stjórnun og leiðtogahæfni – í anda þjónandi forystu
skráningarfrestur til 27. febrúar

### FJÁRMÁL OG REKSTUR

Excel II
hefst 11. febrúar

Greining ársreikninga
skráningarfrestur til 10. febrúar

Virðismat fyrirtækja
skráningarfrestur til 13. febrúar

Gerð rekstrarreiknings og framtal til skatts
haldið 14. febrúar

### TUNGUMÁL

Danska - þjálfun í talmáli á léttum nótum
skráningarfrestur til 10. febrúar

Ítalska fyrir byrjendur
hefst 11. febrúar

Spænska II
skráningarfrestur til 11. febrúar

### FERÐAÞJÓNUSTA

Menningarlás eða læsi
skráningarfrestur til 17. febrúar

Markaðssetning í ferðaþjónustu: Stefnumótun
skráningarfrestur til 21. febrúar

### PERSÓNULEG HÆFNI

Öflugt sjálfstraust
skráningarfrestur til 10. febrúar

Kjöftum um kynlíf við börn og unglinga
skráningarfrestur til 12. febrúar

Myndbandavinnsla með Moviemaker fyrir Windows
skráningarfrestur til 17. febrúar

Rafbækur fyrir alla – tæknin, tækin og lesefnið
skráningarfrestur til 18. febrúar

Kvikmyndahandrit - ritsmiðja
skráningarfrestur til 24. febrúar

### UPPLÝSINGATÆKNI

SharePoint fyrir byrjendur
skráningarfrestur til 20. febrúar

Agile hugbúnaðargerð og Scrum
skráningarfrestur til 27. febrúar

**SKRÁNINGARFRESTUR ER AÐ ÖLLU JÖFNU VIKU ÁÐUR EN NÁMSKEIÐ HEFST**

Nánari upplýsingar og skráning: sími 525 4444 endurmenntun.is

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Í hvaða landi verður jarðvarmaverkefnið sem Reykjavík Geothermal fékk styrk til að vinna?
**2.** Hvaða íslenski rithöfundur tekur í fyrsta sinn þátt í Eurovision?
**3.** Hver keppir í stað Maríu Guðmundsdóttur á Vetrarólympíuleikunum?

**SVÖR:**
**3.** Erla Ásgeirsdóttir.
**2.** Guðrún Eva Mínervudóttir.
**1.** Eþíópíu.

Neytendasamtökin vilja að tollar vegna innflutnings á geita-, ær- og buffalaosti verði afnumdir:

# Eru allt öðruvísi en innlendir ostar

**NEYTENDUR** „Það er ekkert framboð af þessum ostum hér á landi og því á að leyfa innflutning á þeim án tolla,“ segir Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna.



**JÓHANNES GUNNARSSON**

Verslunarfyrirtækið Hagar hefur óskað eftir því að atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið gefi innflutning á buffala-, geita-, og ærostum tollfrjálsan.

Jóhannes segir að samtökin vilji ganga enn lengra og gera innflutning á öllum ostategundum sem ekki eru framleiddar hér á landi tollfrjálsan.

„Ostar sem eru fluttir inn á fullum tollum eru svo dýrir að þeir geta aldrei orðið samkeppnishæfir í verði,“ segir Jóhannes.

Hann telur að rökin fyrir því að hafna tollfrjálsum innflutningi á ostategundunum þremur verði meðal annars þau að þeir lendi í samkeppni við innlenda framleiðslu.

„Þessir ostar eru allt öðruvísi en þeir ostar sem við þekkjum best hér á landi. Ég held að fólk hætti ekkert að borða innlendu framleiðsluna,“ segir Jóhannes.

Hann segir að það sama gildi um lífræna kjúklinga sem Hagar vilja líka fá að flytja inn tollfrjálst enda lítið sem ekkert framleitt af þeim hér á landi. **- jme**



**GEITAOSTUR** Neytendasamtökin vilja að tollar á geita-, ær- og buffalaosta verði afnumdir. NORDICPHOTOS/AFP



**HVATTI SVEITARFÉLÖGIN** Hanna Birna hvatti sveitarfélögin til að taka upp rafrænar íbúakosningar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Rafrænar íbúakosningar:

## Kynntu nýtt kosningakerfi

**SAMFÉLAGSMÁL** Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra hvatti sveitarfélög til að nýta rafrænt kosningakerfi á fundi hjá Þjóðskrá Íslands í gær. Á fundinum var nýtt rafrænt íbúakosningakerfi kynnt fyrir fulltrúum sveitarfélaga. Hanna Birna hvatti sveitarfélögin til að nýta þetta tækifæri til þróunar við framkvæmd kosninga.

Hún ræddi dvínandi þátttöku í kosningum á síðustu árum og sagði að hætt væri við áframhaldandi þróun í þá átt ef ekki væri spyrnt við fótum. **- skó**

### STJÓRNMÁL

### Lög og regla hjá stjórninni

Flestir telja stjórnarflokkana tvo vera besta til þess fallna að viðhalda lögum og reglu. Þetta kemur fram í nýrri könnun MMR sem var birt í gær. Alls sögðust 39,9 prósent þátttakenda telja Sjálfstæðisflokkinn bestan til þess fallinn að leiða málaflokkinn lög og regla almennt og 12,5 prósent sögðu Framsóknarflokkinn.

### LANDHELGISGÆSLAN

### Fengu dufl í trollið

Þýskt tundurdufl frá seinni heimsstyrjöldinni með 350 kílóa hleðslu barst í botnvörpu Bergeyjar VE í gærmorgun. Skipið var við veiðar úti fyrir Austfjörðum. Þyrla Landhelgisgæslunnar flaug með sprengjusérfræðinga LHG um borð í skipið þar sem þeir gerðu tundurduflið óvirkt.

# Krónan klýfur landsmenn

Um helmingur landsmanna vill að krónan verði framtíðargjaldmiðillinn á Íslandi, en hinn helmingurinn vill það ekki samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Litlar breytingar á afstöðunni síðasta árið.

**KÖNNUN** Afstaða landsmanna til krónunnar klýfur þjóðina í tvær jafnar fylkingar samkvæmt niðurstöðum skoðanakönnunar Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Helmingur sér krónuna fyrir sér sem framtíðargjaldmiðil landsins, en hinn helmingurinn gerir það ekki.

Alls segjast 50,3 prósent vilja krónuna áfram, en 49,7 prósent vilja það ekki, samkvæmt könnuninni. Munurinn er langt innan skekkjumarka, sem eru um fjögur prósentustig. Afstaða almennings hefur lítið breyst frá því síðast var spurt um afstöðu fólks til krónunnar í skoðanakönnunum Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Þegar spurt var eins í lok janúar í fyrra vildu 52,6 prósent krónuna áfram en 47,4 prósent vildu eitthvað annað.

Þegar litið er lengra aftur í tímann má sjá meiri breytingar. Í febrúar 2011 vildu aðeins 40,5 prósent að krónan yrði framtíðargjaldmiðill landsins. Enn færri voru þeirrar skoðunar í apríl 2009, um 38,1 prósent.

Aðeins meðal stuðningsmanna Sjálfstæðisflokksins er meirihluti fyrir því að halda krónunni. Alls segist 65,1 prósent þeirra, sem kjósa myndu flokkinn yrði gengið til kosninga nú, vilja halda krónunni. Um 50 prósent stuðningsmanna Framsóknarflokksins og Vinstri grænna vilja halda krónunni.

Mikill minnihluti stuðningsmanna annarra flokka vill krónuna sem framtíðargjaldmiðil þjóðarinnar. Um 26,3 prósent stuðningsmanna Bjartrar framtíðar vilja krónuna áfram, og 31,6 prósent kjósenda Samfylkingarinnar. Stuðningsmenn Pírata skera sig talsvert úr, aðeins 11,5 prósent þeirra vilja krónuna áfram sem gjaldmiðil hér á landi, en 88,5 prósent vilja það ekki.

Ekki reyndist marktækur munur á afstöðu fólks eftir kyni, aldri eða búsetu. **brjann@frettabladid.is**



**KRÓNUR** Samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 er þjóðin klofin í tvær jafnstórar fylkingar gagnvart því hvort krónan verði framtíðargjaldmiðill á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## VILT ÞÚ AÐ KRÓNAN VERÐI FRAMTÍÐARGJALDMIÐILL Á ÍSLANDI?

### → Fylgi eftir flokkum




### → Heildarfylgi frá 2009




*Heimild: Könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 dagana 29. og 30. janúar 2014*

**AÐFERÐAFRÆÐIN** Hringt var í 1.322 manns þar til náðist í 800 samkvæmt lagskiptu úrtaki dagana 29. og 30. janúar. Svarhlutfallið var 61 prósent. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir búsetu og aldri. Spurt var: Vilt þú að krónan verði framtíðargjaldmiðill á Íslandi? Alls tóku 74,3 prósent þeirra sem náðist í afstöðu til spurningarinnar.




SUBARU OUTBACK

Ný LINEARTRONIC stiglaus sjálfskipting með þrepastillingum í stýri og leðurklædd rafdrifin sæti.

**Subaru Outback 2,0l BOXER dísil, sjálfskiptur**
Verð: 6.990.000 kr.

**6,3 l/100 km**
í blönduðum akstri

**SUBARU ER EINN ÖRUGGASTI BÍLL SEM ÞÚ GETUR KEYPT**
**Rekstraröryggi** og gott endursöluverð er það sem allir þekkja og kemur fyrst upp í hugann þegar minnst er á Subaru. En hvað með **akstursöryggi**? Það nægir að nefna lágan þyngdarpunkt vegna þverliggjandi BOXER véla, sítengt fjórhjóladrif með tölvustýrðri stöðugleikastýringu eða þá staðreynd að allir Subaru bílar eru með 5 stjörnur í árekstrarprófunum EuroNCAP.

GERÐU ÖRUGG BÍLAKAUP – KAUPTU SUBARU!

GE bílar, Reykjanesbæ, 420 0400 – Bílasalan Bílás, Akranesi, 431 2622 – Bílasala Akureyrar, Akureyri, 461 2533 – Bílaverkst. Austurlands, Egilsst., 470 5070 – IB ehf., Selfossi, 480 8080 **BL ehf** / Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík 525 8000 / www.bl.is

# FRÍHAFNARDAGAR

## TAX FREE

## SNYRTIVÖRU DAGAR



**DAGANA 6.-10. FEBRÚAR**

AFNEMUM VIÐ VIRÐISAUKASKATT*
AF ÖLLUM
**SNYRTIVÖRUM**

*Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups.

# LOKADAGAR

# 70%

**AFSLÁTTUR AF ALLRI ÚTSÖLUVÖRU Í FATNAÐI OG SKÓM**

HAGKAUP
*Ein ferð betra verð*

Stækkun Panamaskurðarins:

## Vinna í óvissu vegna deilna

**PANAMA** Vinna við Panamaskurðinn er í mikilli óvissu. Viðræður á milli yfirvalda og verktaka um kostnaðinn, sem er kominn 1,6 milljarða dala, eða um 165 milljarða króna, fram yfir áætlun gengu ekki upp. Verktakarnir segja 10.000 störf í hættu, en yfirvöld í Panama segjast ekki ætla að láta undan fjárkúgun. Vinna við stækkun skurðarins hófst 2009 og átti að ljúka í júní á næsta ári. Allar tafir á verkefninu kosta Panama gífurlegar fjárhæðir. - skó

Aðeins fjórtán pakkar hafa selst af áfengislyfinu Selincro á rúmu hálfu ári:

# Áfengispillur hreyfast varla úr hillunum

**LYFLÆKNINGAR** Aðeins fjórtán pakkningar hafa selst af áfengislyfinu Selincro síðan það fór í sölu hér á landi í júní á vegum danska lyfjafyrirtækisins Lundbeck.

Selincro telst vera fyrsta lyfið sem dregur úr áfengislöngun sem er viðurkennt af heilbrigðisyfirvöldum. Önnur lyf eins og Antabus hafa þann tilgang að stöðva drykkju alfarið.

Aðalsteinn Loftsson, lyfjafræðingur, lyfsali og formaður Lyfjafræðingafélags Íslands, segist ekki hafa búist við því að Selincro myndi seljast neitt þegar það kom á markað. Í raun eru pakkarnir fjórtán því fleiri en hann bjóst við að myndu seljast.

„Við höfum fengið lyfseðla fyrir því [Selincro] sem hafa ekki verið sóttir. Það er vel þekkt vandamál því það er góður slatti af lyfseðlum sem eru aldrei leystir út. Þetta er líka töluvert dýrara en Antabus en þetta er sennilega betra lyf,“ segir Aðalsteinn. „Ég hélt að þetta myndi ekkert seljast og var voðalega hissa þegar ég fékk lyfseðil fyrir þessu.“

Fjórtán töflur af Selincro kosta um 12.800 krónur en fimmtíu stykki af Antabus kosta um fimm þúsund krónur.

Aðspurður segir Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir á Vogi, að ekki hafi verið talin ástæða til að nota áfengislyf eins og Selincro á þeirra sjúklinga. Hann segir að á Vogi hafi m.a. verið gerð „tugmilljóna“ rannsókn á virkni annars áfengislyfs, Naltrexone, sem hafi ekki skilað árangri. - fb




**SELINCRO** Aðalsteinn Loftsson segir áfengislyfið Selincro hafa selst lítið sem ekkert hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**HJÁ LÆKNI** Alls var tilkynnt um 181.280 óvænt tilvik í danska heilbrigðiskerfinu í fyrra. NORDICPHOTOS/GETTY

Ný dönsk samantekt:

## Aldrei fleiri læknamistök

**DANMÖRK** Mistök eru að jafnaði gerð á þriðju hverri mínútu í danska heilbrigðiskerfinu að því er fram kemur í nýrri skýrslu umboðsmanns sjúklinga þar í landi og Politiken segir frá.

Á síðasta ári var tilkynnt um 181.280 óvænt tilvik, eins og það kallast, til dæmis hjá læknum, apótekum og sjúkraflutningafólki. Það er met, en árið áður voru tilkynningarnar 155.791. Í 60 prósentum tilfellanna biðu sjúklingar engan skaða af, en eitt dauðsfall má rekja til slíks atviks á síðasta ári. - þj

Slysið á Breiðamerkurjökli:

## Rannsókn er langt komin

**SLYS** Rannsókn á banaslysi sem varð á Breiðamerkurjökli í fyrradag er langt komin, að því er fram kemur í frétt á vef RÚV.

Erlendur karlmaður á sextugsaldri lést þegar hann féll við ísklifur í íshelli í jöklinum.

Að sögn lögreglunnar á Eskifirði liggur atburðarás fyrir en beðið er niðurstöðu rannsóknar réttarmeinalæknis. - þj

# Segja að ráðherra misbjóði kennurum með útspili sínu

Formaður Félags framhaldsskólakennara segir styttingu náms ekkert koma yfirstandandi kjaradeilu við. Hún furðar sig á að menntamálaráðherra ræði styttingu skólans í samhengi við kjaramál og kennurum sé misboðið.

**MENNTAMÁL** „Þetta nær engri átt og ráðherra misbýður kennurum með þessu tali,“ segir Aðalheiður Steingrímsdóttir, formaður Félags framhaldsskólakennara (FF). Hún segir það óboðlegt að Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra beri fyrir sig langtíma kerfisbreytingar innan framhaldsskólanna sem framlag inn í erfiða yfirstandandi kjaradeilu.



**ILLUGI GUNNARSSON**

Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra hefur talað fyrir kerfisbreytingum í framhaldsskólunum, þar á meðal styttingu náms úr fjórum árum í þrjú. Slíkt geti skapað svigrúm fyrir launahækkanir kennara umfram þau 2,8% sem samið var um á almennum launamarkaði og stendur kennurum til boða í augnablikinu. Illugi sér breytinguna þó ekki fyrir sér sem hagræðingaraðgerð heldur aðgerð til að bæta skólana, eins og hann hefur sagt í fjölmiðlum að undanförnu spurður um kjaradeilu kennara sem komin er í harðan hnút.

„Við vitum í fyrsta lagi ekkert hvað ráðherra er að tala um. Hann hefur ekki kynnt það fyrir okkur hvað hann er að hugsa. Á hann við að skera einfaldlega eitt ár innan úr framhaldsskólanum. Ef það er hugmyndin þá er hann kominn langt aftur í tímann í umræðunni um námstímann í framhaldsskólunum,“ segir Aðalheiður. Hún útskýrir að framhaldsskólalögin frá 2008 gefi svigrúm fyrir nemendur, bæði geta þeir farið fyrr á milli skólastiga, þá úr grunnskóla yfir í framhaldsskóla, og jafnframt geti þeir flýtt námi, eða tekið sér lengri tíma eftir aðstæðum.



> „Halda menn að þetta sé eitthvað sem kennarar geta samið um; að gera kjarasamninga um það að skera niður nám nemenda eða að spara í kerfinu sem er þegar fjársvelt?
>
> *Aðalheiður Steingrímsdóttir, formaður Félags framhaldsskólakennara*

„Þetta er kjarninn í lögunum og byggt á samtali menntamálayfirvalda og kennara á undanförnum árum. Illugi staðsetur sig aftur á móti, sýnist mér, eins og umræðan var fyrir mörgum árum síðan. Mér finnst þetta dapurlegt og skilar engu. Það þarf að ræða niðurskurðinn í skólunum á undanförnum árum með skertu námsframboði og það þarf alvarlega að ræða skert kjör kennara. Námstíminn er ekkert aðalatriði og með ólíkindum að þetta sé hans framlag inn í erfiðar samningaviðræður. Halda menn að þetta sé eitthvað sem kennarar geta samið um; að gera kjarasamninga um það að skera niður nám nemenda eða að spara í kerfinu sem er þegar fjársvelt? Það er að mínu mati kosti búið að skerða framlög til framhaldsskólanna um 12 milljarða frá hruni.“

Aðalheiður bætir við að ráðherra eigi tvo fulltrúa í samninganefnd ríkisins og hann geti því ekki fríað sig allri ábyrgð á samningagerð við kennara. svavar@frettabladid.is



**ER Á MEÐAN ER Í MR** Ekkert þokaðist í viðræðum ríkisins og kennara í gær. Ekki verður fundað aftur fyrr en á mánudag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




Flugvél Landhelgisgæslunnar var í útleigu þegar umfangsmikil leit stóð yfir:

# Hefði getað lokið leit mun fyrr

**LANDHELGISGÆSLAN** Leit á borð við þá sem stóð yfir frá sunnudegi til mánudags að meintum bátsverjum í sjávarháska á Faxaflóa hefði jafnvel ekki þurft að taka nema örfáar klukkustundir – ef hátæknivædd leitarflugvél Landhelgisgæslunnar væri ekki í útleigu á Sikiley.

„Búnaður flugvélarinnar TF-SIF hefði gert okkur kleift að leita þetta svæði með nokkurri vissu á tveimur til þremur klukkustundum,“ segir Hrafnhildur Brynja Stefánsdóttir, upplýsingafulltrúi Landhelgisgæslunnar. Sá búnaður sem Hrafnhildur vísar til er meðal annars langdræg ratsjá með mikla greiningarhæfni og öflug hitamyndavél.

„Ratsjáin er sérstaklega hönnuð með eftirlit á sjó í huga og getur fundið lítil endurvörp í slæmum veðrum,“ segir Hrafnhildur sem kveður TF-SIF verða erlendis í verkefnum að minnsta kosti fjóra til fimm mánuði með áhöfn.

„Leigutekjurnar skipta umtalsverðu máli fyrir rekstur LHG og styður við rekstur annarra björgunartækja, eins og þyrlna hér á landi,“ segir Hrafnhildur sem aðspurð kveður ekki gert ráð fyrir mikilli notkun þessa háþróaða björgunartækis á Íslandi á þessu ári.

Hrafnhildur segir TF-SIF vera afar fjölþætt eftirlits- og björgunartæki sem margoft hafi sannað gildi sitt. Um borð sé lykilbúnaður fyrir leit, björgun, löggæslu sem og eftirlit. Ratsjáin hafi meðal annars nýst vel við eftirlit á Miðjarðarhafi fyrir Landamærastofnun Evrópusambandsins, Frontex.

„Landhelgisgæslan kom síðast að björgunaraðgerð í desember, um 300 sjómílur suður af Sikiley, þar sem 100 sýrlenskum flóttamönnum, 80 fullorðnum og 25 börnum, var bjargað um borð í skip ítölsku strandgæslunnar eftir að áhöfn TF-SIF hafði fundið bát þeirra,“ segir Hrafnhildur.

Fjórir til fimm eru í áhöfn flugvélarinnar og segir Hrafnhildur þá hafa öðlast mikla hæfni við notkun búnaðarins. Upplýsingar frá flugvélinni séu sendar til stjórnstöðvar Frontex í Róm þar sem fulltrúi Landhelgisgæslunnar taki þátt í samhæfingu aðgerða með öðrum viðbragðsaðilum á svæðinu. - gar



**TF-SIF** Flugvél Landhelgisgæslunnar er í útleigu, en hefði getað komið sér vel þegar umfangsmikil leit var gerð á Faxaflóa í byrjun vikunnar.

Markhönnun ehf

# netto
Kræsingar & kostakjör

**-20%**




## TANNKREM

125ml Compact Care
499 **399 kr.**
125ml Extra White Sensitive
499 **399 kr.**
50ml Adv.White Max Booster
879 **703 kr.**
75ml Adv.White
459 **367 kr.**
75ml Adv.White Sensitive
459 **367 kr.**
75ml Brilliant Sparkle
459 **367 kr.**
75ml Enamel Care Whiten
799 **639 kr.**
50ml Adv.White Max Booster
879 **703 kr.**
75ml Adv.White
459 **367 kr.**
75ml Adv.White Sensitive
459 **367 kr.**
75ml Brilliant Sparkle
459 **367 kr.**
75ml Enamel Care Whiten
799 **639 kr.**

## TANNBURSTAR

Sonic Tannburstar
2.497 **1.998 kr.**
Spinbrush My Way Boys
1.699 **1.359 kr.**
Spinbrush My Way Girls
1.699 **1.359 kr.**
799 **639 kr.**
Sonic Tannb.áfyllingar
699 **559 kr.**
Spinbrush My Way Girls
1.699 **1.359 kr.**

ARM & HAMMER
THE STANDARD OF PURITY



MAGN-
PAKNING

**-30%**

GRÍSAKÓTELETTUR
ÁÐUR 1.849.-
**1.294.-**



**-36%**

GRÍSABÓGUR
FERSKUR
ÁÐUR 935
**598.-**



FROSIÐ
SAGAÐ

**-20%**

LAMBALÆRI
ÁÐUR 1.998.-
**1.598.-**



**-30%**

GRÍSAHNAKKI
PORK ROAST
ÁÐUR 1.989.-
**1.392.-**



**-50%**

VATNSMELÓNA
ÁÐUR 279.-
**140.-**



**-32%**

KLEINUHRINGIR
USA - BAKAÐ Á STAÐNUM
ÁÐUR 189.-
**129.-**

MEÐ
ALDINKJÖTI




TRÓPÍ
1 L APPELSÍNU
ÁÐUR 229.-
**199.-**




**-23%**

COOP
SALTSTANGIR
250 G
ÁÐUR 193.-
**149.-**

**Tilboðin gilda 6. - 9. feb 2014**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

LV fjárfest í öllum félögum:

# Styður ekki kaupaukakerfi

**VIÐSKIPTI** Lífeyrissjóður verzlunarmanna styður ekki að tekið verði upp kaupréttarkerfi hlutabréfa, né kaupaukakerfi af öðru tagi án takmarkana og strangra skilyrða. Þetta kemur fram í tilkynningu frá sjóðnum í kjölfar umfjöllunar fjölmiðla um eignarhald LV í fyrirtækjum. Þá segir að haft sé að leiðarljósi að hófs sé gætt varðandi kjör og stjórnenda félaga.

LV hefur fjárfest í hlutafé allra þeirra fyrirtækja sem hafa verið skráð í Kauphöllinni eftir hrun. -skó

Bæði stjórnarherinn og stjórnarandstæðingar hafa drepið börn í borgarastyrjöldinni í Sýrlandi:

# Þjáningar barna í Sýrlandi óumræðilegar

**SÝRLAND, AP** Stjórnarherinn í Sýrlandi hefur árum saman pyntað, misþyrmt og níðst kynferðislega á börnum, en uppreisnarmenn hafa í auknum mæli tekið til við slíka iðju og meðal annars notað börn til þess að taka þátt í hernaði gegn stjórnarhernum.

Bæði stjórnarherinn og stjórnarandstæðingar hafa síðan orðið fjöldamörgum börnum að bana.

Þetta er fullyrt í nýrri skýrslu frá Sameinuðu þjóðunum. Ban Ki Moon, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, segir skýrsluna lýsa „óumræðilegum þjáningum“, sem börn hafa mátt þola í landinu í nærri þrjú ár.

Lýsingarnar eru ófagrar. Meðal annars eru hermenn Bashar al Assads forseta sagðir hafa barið börn með vírköðlum, svipum og kylfum, gefið þeim raflost og beitt kynferðisofbeldi, meðal annars nauðgunum og hótunum um nauðganir, svo fátt eitt sé til tekið.

Nú síðast hefur sýrlenski herinn verið gagnrýndur fyrir að nota svonefndar „tunnusprengjur“, sem fylltar eru af eldsneyti, sprengiefni og brotajárni. Þeim er venjulega varpað niður úr þyrlum og oft ræður hending ein hvar þær koma niður.

Í borginni Aleppo hafa slíkar sprengjur kostað að minnsta kosti áttatíu manns lífið. Á þriðjudag lenti ein slík á mosku, sem hefur verið notuð sem skóli, og varð þar að minnsta kosti átta manns að bana. - gb



**ÞJÁNINGAR Í ALEPPO** Maður ber sært barn burt af vettvangi eftir sprenginguna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**SJÁLFSMORÐSÁRÁSIR** Öryggissveitir skutu mann sem grunaður er um sprengjuárásirnar í Volgograd. FRÉTTABLAÐIÐ/AFPNORDIC

Skipulagði sprengjuárásir:

# Skotinn í átökum við lögreglu

**RÚSSLAND** Öryggissveitir í Dagestanhéraði í Rússlandi skutu og drápu í gær mann sem grunaður er um að hafa skipulagt sprengjuárásirnar í Volgograd á síðasta ári. Maðurinn var skotinn í skotbardaga við öryggissveitir sem höfðu umkringt hann og tvo aðra. Annar maður féll einnig en sá þriðji gafst upp.

Alls féllu 34 í tveimur sjálfsmorðsárásum í Volgograd í desember og yfir 60 manns særðust. Mennirnir eru meðlimir íslamsks skæruliðahóps. - skó

Styrkir veittir í Reykjavík:

# Fjölbreytt verkefni styrkt

**SAMFÉLAGSMÁL** Skóla- og Frístundaráð Reykjavíkur afgreiddi úthlutun til almennra styrkja og þróunarstyrkja fyrir árið 2014. Alls fengu 16 verkefni almenna styrki upp á samtals fjórar milljónir króna. 38 verkefni fengu styrki til nýbreytni og þróunarstarfs upp á samtals 24 milljónir.

Hæsti almenni styrkurinn, 600.000 krónur, fór til ADHD-samtakanna til að útbúa námskeið fyrir leiðbeinendur í íþrótta- og tómstundastarfi. Hæsti styrkurinn til þróunarverkefna, þrjár milljónir króna, fór til verkefnisins Fullgild þátttaka í Háaleitisskóla. - skó

# Sagður enn hlífa níðingum

Sameinuðu þjóðirnar segja kaþólsku kirkjuna enn halda hlífiskildi yfir barnaníðingum og skora á Páfagarð að breyta kirkjulögum til að tryggja betur réttindi barna. Páfagarður harmar afskipti af kenningum kirkjunnar.

Nefnd á vegum Sameinuðu þjóðanna gagnrýnir Páfagarð harðlega í nýrri skýrslu. Æðsta yfirstjórn kaþólsku kirkjunnar er sögð hafa sett sér stefnu og tamið sér vinnubrögð sem beinlínis hafa gert prestum kleift að nauðga og níðast á tugum þúsunda barna svo áratugum skiptir.

Nefndin segist hafa „alvarlegar áhyggjur af því að Páfagarður hafi ekki viðurkennt umfang þeirra glæpa, sem framdir hafa verið, ekki gripið til nauðsynlegra ráðstafana til þess að takast á við kynferðisbrot gegn börnum og til þess að vernda börn, og hafi aðhyllst stefnu og stundað vinnubrögð sem hafa orðið til þess að áfram hafa verið framin kynferðisbrot gegn börnum og hinir seku hafa sloppið við refsingu“.

Kaþólska kirkjan er því enn sögð halda hlífiskildi yfir barnaníðingum, þrátt fyrir uppljóstranir og harða gagnrýni undanfarin ár. Páfagarður er eindregið hvattur til þess að opna skjalasöfn sín um barnaníðinga innan kirkjunnar og yfirmenn þeirra, sem hafa gætt þess að hjúpa afbrot þeirra leynd. Skorað er á kaþólsku kirkjuna að víkja án tafar öllum þeim, sem vitað er til að hafi framið kynferðisbrot eða eru grunaðir um það, úr embætti og mál þeirra send lögregluyfirvöldum til rannsóknar.

Þá er kaþólska kirkjan beinlínis hvött til þess að breyta kirkjureglum sínum til að tryggja betur réttindi barna.

Í skýrslunni er kaþólska kirkjan einnig harðlega gagnrýnd fyrir stefnu sína gagnvart samkynhneigð, getnaðarvörnum og fóstureyðingum. Kirkjan þurfi að breyta stefnu sinni til þess að tryggja réttindi barna og aðgang þeirra að heilbrigðisþjónustu.

Nefndin hefur það hlutverk að fylgjast með því hvernig ríki, sem staðfest hafa Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, standa við skuldbindingar sínar og framfylgja ákvæðum sáttmálans.

➜ Páfagarður segist harma tilraunir nefndarinnar til að skipta sér af kenningum kaþólsku kirkjunnar um sæmd mannsins og af iðkun trúfrelsis.

Fyrstu viðbrögð Páfagarðs komu fram í yfirlýsingu í gær, þar sem stofnunin segist harma tilraunir nefndarinnar til að „skipta sér af kenningum kaþólsku kirkjunnar um sæmd mannsins og af iðkun trúfrelsis“.

Páfagarður vísar gagnrýni nefndarinnar á bug og segist bæði „verja og vernda réttindi barna, í samræmi við þær meginreglur sem settar eru fram í Barnasáttmálanum og samkvæmt þeim siðferðilegu og trúarlegu gildum sem kaþólsk kenning boðar“.

gudsteinn@frettabladid.is



**HRÓSAÐ FYRIR BRYTINGAR** Í skýrslunni er Frans páfa hrósað fyrir breyttan tón. NORDICPHOTOS/AFP

## Barnaníðingar fluttir milli söfnuða til að hylma yfir afbrot



**KYNNING** Eftirlitsnefnd með framkvæmd Barnasáttmálans kynnti skýrslu sína á blaðamannafundi í Genf í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Í umræddri skýrslu segir meðal annars: „Vel þekktir barnaníðingar hafa verið fluttir frá einum söfnuði til annars eða til annarra landa í þeim tilgangi að hylma yfir slík afbrot. Þessi framkvæmd hefur verið staðfest af rannsóknarnefndum einstakra landa. Sú framkvæmd að flytja brotamenn til, sem hefur gert mörgum prestum kleift að umgangast börn áfram og halda áfram að níðast á þeim, gerir það að verkum að börn í mörgum löndum eru enn í mikilli hættu á því að verða þolendur kynferðisbrota, þar sem tugir barnaníðinga eru enn sagðir vera í tengslum við börn.“




DEBENHAMS
20%*
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM
KJÓLUM OG
JAKKAFÖTUM
Gerðu lífið skemmtilegra
*Gildir ekki af öðrum tilboðum
Gildir út sunnudag
Finndu okkur á facebook
THE COLLECTION DEBENHAMS
B Young
GERRY WEBER
JASPER CONRAN
JONATHAN SAUNDERS
JUST FEMALE
Mantaray
MEXX
PART TWO
PREEN
principles BY BEN de LISI
redherring
ROCHA.JOHN ROCHA
by SECOND FEMALE COPENHAGEN
SOAKED IN LUXURY
STAR BY julienmacdonald
TAIFUN COLLECTION
TODD LYNN
WAREHOUSE
Opið 11 - 21 í dag
DEBENHAMS SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

# Stelpur vilja kannski vera Batman en ekki prinsessur

Barnaheill skora á fyrirtæki að selja ekki eða auglýsa vörur sem viðhalda staðalímyndum um hlutverk kynjanna. Segja börnin sjá fyrirmyndir í vörum og auglýsingum sem stundum eru óviðeigandi og ólöglegar.

**Ingibjörg Bára Sveinsdóttir**
ingibjorgbs@365.is



**ÖSKUDAGUR** Auglýsingar með grímubúningum viðhalda oft staðalímyndum, að sögn Barnaheilla. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Barnaheillum – Save the Children á Íslandi berast reglulega ábendingar um vörur eða auglýsingar með börnum eða ætlaðar börnum sem eru óviðeigandi eða jafnvel ólöglegar. „Vörurnar eru gjarnan fatnaður eða leikföng með orðsendingum sem brjóta í bága við þau réttindi sem börn eiga samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna,“ segir Margrét Júlía Rafnsdóttir, verkefnisstjóri hjá Barnaheillum.

Hún segir samtökin beina því til íslenskra fyrirtækja að varan sendi ekki skilaboð til stúlkna með áherslu á útlit eða mismunun vegna útlits. „Slíkt viðheldur staðalímyndum auk þess sem það elur á óöryggi og skorti á sjálfstrausti en beinir ekki sjónum að hæfileikum eða andlegu atgervi stúlkna.“

Barnaheill biðja einnig fyrirtæki um að framleiða ekki, merkja eða selja leikföng, geisladiska, myndbönd, tölvuleiki, bækur eða annað sem sérstaklega er ætlað annaðhvort drengjum eða stúlkum. Þau eigi að fá að velja eftir áhugasviði. Jafnframt að vörur sem ætlaðar eru börnum séu ekki kynferðislegar eða sendi kynferðisleg skilaboð. „Að búa til slíkt efni og dreifa því er brot á íslenskum lögum og brot á réttindum barna. Einu gildir hvort barnið eigi að líta út fyrir að vera eldra eða yngra en það er. Það er einnig ólöglegt að barngera fullorðinn einstakling og sýna á kynferðislegan hátt.“

Að sögn Margrétar hafa viðbrögð fyrirtækja við ábendingunum verið misjöfn. „Mörg taka því vel en sum ekki og er það þá yfirleitt vegna skorts á þekkingu á lögum um vernd barna.“

Í bæklingum sem bornir eru í hús fyrir öskudaginn með auglýsingum um grímubúninga er mikill munur á búningum sem ætlaðir eru stelpum og strákum. Margrét segir búninga ætlaða stelpum alltof oft kynferðislega eða sýna stelpuna í hlutverki hinnar prúðu undirgefnu prinsessu, eins og hún orðar það. „Búningar strákanna sýna hugrakkan mann sem sigrar heiminn og bjargar prinsessum. Nútíma stelpur þurfa ekki á því að halda að láta bjarga sér. Þær eru sjálfbjarga og nútíma strákar hafa nóg við tímann að gera annað en að bjarga prinsessum. Stelpur vilja kannski sjálfar vera Batman.“

Það er mat Margrétar að allir foreldrar vilji að möguleikar dætra þeirra séu jafnir möguleikum drengja. „En þegar foreldri rekur fyrirtæki finnst því kannski allt í lagi að selja vöru sem viðheldur staðalímyndum. Í vörum og auglýsingum sjá börnin fyrirmyndir og það er mikilvægt að fyrirmyndirnar endurspegli framtíðarsýnina sem við höfum fyrir börnin okkar.“

ibs@frettabladid.is



**Búningar stákanna sýna hugrakkan mann sem sigrar heiminn og bjargar prinsessum. Nútíma stelpur þurfa ekki á því að halda að láta bjarga sér. Þær eru sjálfbjarga og nútíma strákar hafa nóg við tímann að gera annað en að bjarga prinsessum.**

*Margrét Júlía Rafnsdóttir, verkefnisstjóri hjá Barnaheillum.*



**HJÁLPARHELLA** Í Svíþjóð á að nota hunda í nokkrum skólum til að hvetja börn til lestrar. NORDICPHOTOS/GETTY

Nýjung í lestrarkennslu:

## Hundar látnir hjálpa börnum við lestur bóka

Sérþjálfaðir hundar eiga að fá börn og unglinga í Svíþjóð til að lesa. Tveir sænskir framhaldsskólakennarar hafa fengið styrk til þriggja ára verkefnis sem beinist að börnum sem glíma við lestrarörðugleika en einnig börnum sem hafa gaman af lestri og vilja lesa meira.

Í byrjun á að þjálfa sex til átta hunda, að því er segir í sænsku riti um skólamál. Kenna á hundunum að veita barninu athygli og svara viðbrögðum þess. Hugsunin er sú að barnið eigi að geta fengið viðbrögð frá hundinum þegar það hugleiðir textann sem það var að lesa. Slíkt verkefni hefur þegar náð fótfestu í Bandaríkjunum.

Verkefnið í Svíþjóð er fyrst og fremst ætlað börnum í 1. til 6. bekk. Þjálfari hundsins á að vera til staðar en halda sig til hlés nema barnið þurfi hjálp við lesturinn eða vilji sérstaklega ræða textann.

Verkefninu er jafnframt ætlað að hvetja börn til þess að lesa bækur Asrid Lindgren. Börnum sem lesa bækur hennar fækkar á meðan þeim sem horfa á myndir gerðar eftir bókunum fjölgar.

- ibs






**SKÓLAGARÐAR** Ísabel Baldursdóttir og Bára Björg Ólafsdóttir taka upp rófur og kálhaus í Skólagörðunum.

Nýjar danskar rannsóknir:

## Lægri blóðþrýstingur af norrænu fæði

Blóðþrýstingurinn lækkar og vonda kólesterólið minnkar þegar svokallaðs nýs norræns hversdagsmatar er neytt. Niðurstöður tveggja nýrra rannsókna, sem gerðar voru við Háskólann í Árósum, sýna að neysla á berjum, grófu brauði, norrænu grænmeti og repjuolíu hafi fyrrgreind áhrif, jafnvel þótt þátttakendur í rannsóknunum hafi ekki lést.

Þátttakendum var skipt í tvo hópa og fékk annar nýja norræna hversdagsmatinn en hinn venjulegan danskan mat. Rannsóknirnar stóðu yfir í 18 til 24 vikur. Þátttakendur voru um 100 í hvorum hópi en nokkur forföll urðu á meðan á rannsóknunum stóð.

- ibs

# ESTĒE LAUDER

## Kaupaukinn þinn

DAGANA 6. – 12. FEBRÚAR
Í SNYRTIVÖRUDEILDUM HAGKAUPS

Glæsilegur kaupauki* fyrir þig ef þú verslar tvær vörur eða fleiri frá Estée Lauder í snyrtivörudeildum Hagkaups dagana 6.-12. febrúar.







**KAUPAUKINN INNIHELDUR:**
**Advanced Night Repair** – viðgerðardropa, 7ml
**Daywear Creme SPF 15,** - dagkrem 15ml
**Sumtuous Extreme Mascara** – svartan maskara
**Pure Color Eyeshadow** – 4 augnskugga í boxi
**Pure Color Lipstick** – varalit, fulla stærð, lit Rose Tea
**Pure Color Eyeliner** – augnblýant,lit Blackened Cocoa
**Pure Color Nail Laquer** – naglalakk, lit Black Plum
**Smarta snyrtitösku**

*meðan birgðir endast

OKKAR MEST SELDU
HÚÐDROPAR
NÚ BETRI EN
NOKKRU SINNI FYRR




Færðu ekki nægan svefn, eldist húð þín of hratt?
**Kynnum Advanced Night Repair.**
Athugaðu hvað það getur gert fyrir þína húð.

HAGKAUP
*Ein ferð betra verð*


ÚTSALA
HEMMI GUNN SÓLUR ÞJÓÐAR
kr. 3.149
kr. 6.599
Hollráð Hugos
Hlustum á börnin okkar
kr. 1.999
kr. 2.499
MÓTORHJÓL
Í MÁLI OG MYNDUM
kr. 4.899
kr. 8.999
VÍSINDABÓK VILLA
VILHELM ANTON JÓNSSON
kr. 2.699
kr. 4.999
Árleysi alda
kr. 2.498
kr. 2.999
Meistari Tumi
Fríða Bonnie Andersen
kr. 3.699
kr. 4.299
LÍKAMINN
kr. 1.999
kr. 2.999
Lokkar
kr. 2.999
kr. 5.499
TÍMAKISTAN
kr. 2.399
kr. 4.399
fyrstu 100 tölurnar
kr. 1.499
kr. 2.999
VEISTU HVAÐ ÉG ELSKA ÞIG MIKIÐ?
kr. 1.499
kr. 2.999
Julia Donaldson
Lydia Monks
Snjalla
kr. 899
kr. 2.999
MÁNASTEINN
SJÓN
kr. 2.699
kr. 4.999
ER LÍTIÐ MEIN YFIRTÓK LÍF MITT
kr. 999
kr. 3.499
Mobii 701
20% afsláttur
Point of View
Spjaldtölvur á 20% afslætti
Stærð frá 7"- 10"
5% afsláttur af ÖLLUM VÖRUM einnig tilboðum
VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON
Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Kringlunni
Álfabakka 14b, Mjódd

# Allt að 75% afsláttur, yfir 1000 titlar

kr. 2.999 ~~kr. 3.999~~ — JÓN PÁLL

kr. 1.999 ~~kr. 2.999~~

kr. 3.999 ~~kr. 6.699~~ — ÍSLENSK KNATTSPYRNA 2013

kr. 2.999 ~~kr. 3.999~~ — LÁG KOLVETNA LJÚFMETI 100 LÉTTIR RÉTTIR

kr. 3.999 ~~kr. 4.999~~ — AFBRIGÐI

kr. 1.999 ~~kr. 2.999~~ — Óvænt vinátta

kr. 3.299 ~~kr. 6.299~~ — GUÐNI

kr. 3.299 ~~kr. 6.999~~ — STEINGRÍMUR J FRÁ HRUNI OG HEIM

kr. 2.999 ~~kr. 4.999~~ — HÁSKI Í HAFI

kr. 3.599 ~~kr. 4.499~~ — STÍGUM FRAM

kr. 2.999 ~~kr. 5.799~~ — Bernskudagar

kr. 3.299 ~~kr. 6.299~~ — ANDKÖF

kr. 2.499 ~~kr. 3.999~~ — Tröllastrákurinn sem gat ekki sofnað

kr. 1.999 ~~kr. 3.999~~ — Sagan af Jóa

kr. 3299 ~~kr. 4.999~~ — LYGI

kr. 1.499 ~~kr. 2.999~~ — Skagfirskar skemmtisögur

kr. 3.899 ~~kr. 4.599~~ — FRÚ KENNEDY og ÉG

kr. 1.999 ~~kr. 2.499~~ — STJÖRNUBLIK

kr. 3.799 ~~kr. 6.999~~ — Megas

kr. 3.299 ~~kr. 5.999~~ — FAGUR FISKUR

## Mikið úrval af erlendum bókum á allt að 75% afslætti!

Smáralind
Strandgötu 31, Hafnarfirði
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Vestmannaeyjum - Faxastíg 36
Penninn - Hallarmúla 4

Penninn | Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl. Gildistími útsölu er til 28. febrúar eða á meðan birgðir endast.

# Gríðarlegir fjármunir fara í ruslið

Íbúar á höfuðborgarsvæðinu hentu gosdrykkjaumbúðum fyrir nærri 200 milljónir króna á síðasta ári. Þeir eru hins vegar orðnir nokkuð duglegir að flokka pappír og pappa að því er fram kemur í skýrslu.

**NEYTENDUR** Íbúar á höfuðborgarsvæðinu hentu áldósum, plast- og glerflöskum fyrir 192 milljónir króna á síðasta ári. Árið 2012 hentu þeir samskonar umbúðum fyrir 225 milljónir króna. Þetta er meðal þess sem kemur fram í könnun Sorpu sem var gerð í nóvember.

Það er ýmislegt jákvætt sem má lesa út úr könnuninni, til að mynda að pappír og pappi hefur snarminnkað í úrgangi. Hlutfall pappírs og pappa í úrgangi var 24 prósent árið 2011, sama ár var 15 prósent af úrganginum plast. Í fyrra var pappírinn kominn niður í tæp 9 prósent en plastið hafði aukist í rúm 19 prósent.

Það er ekki spurning að blátunnuvæðing sveitarfélaganna hefur skilað góðum árangri," segir Björn Hafsteinn Halldórsson, framkvæmdastjóri Sorpu.

Hann segir að fólk virðist orðið hugsa sig betur um þegar kemur að því að henda því annar úrgangur hafi einnig minnkað, svo sem málmar, textíll og skilagjaldskyldar umbúðir.

Reglur sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu eru misjafnar þegar kemur að blátunnunni. Strangastar eru þær í Reykjavík þar sem sorptunnur eru ekki hirtar frá húsum ef í þeim finnst pappi eða pappír.

„Fyrstu vísbendingar benda til að þetta hafi þau áhrif að Reykvíkingar henda heldur minna af pappír og pappa í tunnurnar en íbúar í hinum sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu," segir Björn.

Það er ýmislegt fleira forvitnilegt að finna í könnun Sorpu. Má þar nefna að innihald grænna rusladalla sem hanga á ljósastaurum víðsvegar á höfuðborgarsvæðinu var skoðað.

Innihaldið kom nokkuð á óvart en rúmlega 60 prósent af úrganginum reyndist vera hundaskítur og matarleifar, næstmest var af pappír og pappa eða rúm 20 prósent.

johanna@frettabladidid.is




→ **Gosdrykkjaumbúðum hent fyrir milljónir**

| Tegund | 2012 Mkr | 2013 Mkr |
|---|---|---|
| Ál | 125 | 93 |
| Plast | 95 | 97 |
| Gler | 4 | 2 |
| **Alls** | **225** | **192** |





TILBOÐSDAGAR



Lagerheinsun

Takmarkað magn af Miele ofnum og gufuofnum
á einstöku verði ásamt helluborðum frá Witt.
Einnig frystikistur, kæli- og frystiskápar frá Liebherr
GE og Mabe ásamt ýmsum öðrum spennandi vörum.

LIEBHERR mabe Miele

EIRVÍK
HÖNNUN FYRIR LÍFIÐ

Suðurlandsbraut 20 | 108 Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is


**NEYTANDINN Björn B. Björnsson**

## Rauðar rósir örugglega bestu kaupin



Björn B. Björnsson kvikmyndagerðarmaður segir að bestu kaupin sem hann hafi örugglega gert séu nokkrar rósir sem hann keypti fyrir mörgum árum. „Þannig var að ég þurfti að fara utan vegna kvikmyndatöku, nánar til tekið um borð í skemmtiferðaskip sem sigldi um Karíbahafið. Konu minni var ekki skemmt við þær fréttir enda sat hún eftir í vetrarkuldanum hér og þurfti ein að annast börn og bú."

Björn kveðst hafa gert sér ferð í blómabúð áður en hann hélt af stað. „Ég skrifaði fjórtán falleg kort til konunnar og lét blómabúðina senda henni þau með rauðri rós á hverjum degi þær tvær vikur sem ferðin stóð. Er ekki að orðlengja það að hjónabandið heldur enn."

Hann telur gallabuxur sennilega verstu kaupin sem hann hafi gert. „Ég keypti þær í London og þurfti ekki að máta því númerin voru rétt. Þær smellpössuðu líka þegar ég fór í þær hér heima en þegar ég beygði mig eftir beltinu rifnaði rassinn úr buxunum með skerandi veini – og þær fóru beint í ruslið.



**FÉKK INNI Á FLE** Norwegian flugfélagið hefur fengið úthlutað afgreiðslutíma á Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Norwegian úthlutað tíma:

## Tvær ferðir á viku til Köben

Norska lággjaldaflugfélagið Norwegian hefur fengið úthlutað afgreiðslutíma við Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Úthlutunin er fyrir tvær ferðir í viku á milli Kaupmannahafnar og Keflavíkur.

Haft er eftir Daniel Kirchhoff, talsmanni Norwegian í Danmörku, á vefnum turisti.is að ekki sé víst að tímarnir verði nýttir. Verið sé að skoða möguleika á nýjum áfangastöðum um allan heim.

- hva



**ÓVISSA MEÐ ÚTLIT** Útlit Galaxy S5 liggur ekki fyrir og margar sögusagnir eru í gangi, en hann gæti litið svona út.

Samsung kynnir nýjan síma:

## Galaxy S5 er væntanlegur

Suður-kóreski símaframleiðandinn Samsung mun kynna nýjasta síma sinn, Samsung Galaxy S5, þann 24. febrúar næstkomandi. Töluvert af sögusögnum eru á kreiki um símann og ein segir símann vera úr áli.

Þá eru vísbendingar um að breyting verði á útliti símans, frá útgáfu S4, og að „heim"-takkinn muni hverfa. Jafnframt er gert ráð fyrir að í símanum verði 16 megapixla myndavél.

- skó




# HÖFUM ÞAÐ **NOTALEGT**

## MIKIÐ ÚRVAL AF KOMMÓÐUM, SKÁPUM OG NÁTTBORÐUM



**49.900** **22.900** **16.990** **16.990** **19.990** **19.990**

Skilti




**3.999** **1.690**



Ljós **16.990**

Styttur frá **1.990**



Hnettir



**12.990** **19.990**

Mikið úrval af kertum



Ljósker - Mikið úrval



**8.990,** **12.990,**

DOBBÍA

Verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

the PIER

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880

Nýjar tölur frá Eurostat:

## Samdráttur í smásölu í ESB

**VIÐSKIPTI** Smásöluverslun dróst saman í ríkjum ESB í desember síðastliðnum miðað við nóvember. Í nýjum tölum frá Eurostat kemur fram að sala dróst saman um 1,6% í evruríkjunum sautján en um 0,8% þegar horft er á ESB í heild.

Samanborið við desember í fyrra dróst smásala saman um eitt prósent í evruríkjunum, en jókst lítillega, um 0,1%, í ESB í heild.

Milli ára jókst smásala mest í Lúxemborg (9,4%), Póllandi, Rúmeníu og Búlgaríu og dróst mest saman í Þýskalandi (2,4%) og Belgíu. - þj

Gjaldeyrisútboð Seðlabanka:

## Ekki hærri fjárhæðir í tvö ár

**EFNAHAGSMÁL** Seðlabankinn hélt gjaldeyrisútboð á þriðjudag en ekki hafa hærri fjárhæðir skipt um hendur í gjaldeyrisútboðum bankans í tvö ár.

Bankinn seldi mikið af verðtryggðum ríkisbréfum í útboðinu og þá fengu aflandskrónueigendur evrur á hagstæðara gengi í útboðinu en þeir hafa fengið síðan í apríl í fyrra.

Gjaldeyrisútboð Seðlabankans eru burðarásinn í fyrri áfanga áætlunar um losun gjaldeyrishafta, sem birt var fyrir tæpum þremur árum. Seðlabankinn hefur þegar tilkynnt um fjögur útboð til viðbótar fram til september á þessu ári. - fbj

# Fjölgun í öllum landshlutum

Gistinóttum heilsárshótela fjölgaði um 31 prósent í desember miðað við sama mánuð 2012. Á Vesturlandi og Vestfjörðum fjölgaði seldum gistinóttum um 135 prósent. Aukin áhersla á markaðssetningu og vetraropnanir.

**FERÐAÞJÓNUSTA** Seldum gistinóttum heilsárshótela fjölgaði um 31 prósent í desember síðastliðnum miðað við sama mánuð 2012. Nóttunum fjölgaði í öllum landshlutum en hótel á Vesturlandi og Vestfjörðum sáu mestu hlutfallslegu aukninguna eða 135 prósent. Þetta kemur fram í tölum Hagstofu Íslands.



HELGA ÁRNADÓTTIR

„Það er búin að vera stöðug aukning í gistinóttum í hverjum mánuði og ferðamenn hafa aldrei verið jafn margir og á síðasta ári. Ef maður tekur desember þá er hlutfallslega aukningin á landsbyggðinni augljóslega mikil þó að stærstur hluti ferðamanna gisti í Reykjavík,“ segir Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF).

Heilsárshótel á höfuðborgarsvæðinu áttu um áttatíu prósent af seldri gistingu í desember og þar jókst salan um 27 prósent frá sama mánuði 2012. Hótel á Suðurlandi sáu samanlagða 66 prósenta aukningu og á Austurlandi fjölgaði gistinóttum um 62 prósent. Þar á eftir komu Suðurnes með 48 prósenta aukningu en hótel á Norðurlandi ráku lestina með fjölgun upp á rúm átta prósent.

„Á þessu eina ári sem um ræðir fjölgaði herbergjum á heilsárshótelum í Reykjavík um tæp þrettán prósent. Það eru um tvö hundruð herbergi og maður myndi ætla að herbergjanýtingin hafi batnað á milli ára í desembermánuði,“ segir Helga.

Hún segir nokkur atriði hafa stuðlað að aukinni sölu á gistingu á landsbyggðinni og nefnir sérstaklega aukna áherslu landshlutanna á markaðssetningu og vetraropnanir.

### GISTINÆTUR Á HEILSÁRSHÓTELUM ÁRIN 2011-2013




*Heimild: Hagstofa Íslands*

„Markaðsstofurnar hafa unnið vel með ferðaþjónustufyrirtækjunum í að efla þjónustu og úrval afþreyingarmöguleika. Menn eru að horfa til þess að það verði áframhaldandi vöxtur og ef þú horfir á aukið framboð á flugi til landsins þá er það góð vísbending um það sem koma skal.“

haraldur@frettabladid.is

## Norðurljósin virðast eiga stóran þátt í fjölgun gistinátta



„Herbergjanýtingin hjá okkur í desember og janúar hefur verið þokkaleg og hefur haldist nokkuð jöfn en hún mætti alltaf vera meiri. Við höfum nú þegar fengið fjölmargar bókanir fyrir næsta sumar og núna er skíðavertíðin að byrja og þá fáum við mikið af Íslendingum til viðbótar við þá ferðamenn sem koma hingað á þessum árstíma til að skoða norðurljósin.

*Sigrún Björk Jakobsdóttir, hótelstjóri Icelandair Hótel Akureyri*



„Í janúar og desember bjóðum við eingöngu upp á gistingu fyrir hópa og við höfum séð miklu fleiri hópa en á sama tíma í fyrra og þeir koma allir til að sjá norðurljósin. Ég var með sex hópa í janúar en engan í sama mánuði í fyrra, og í þessum hópum eru frá fimmtán og upp í þrjátíu manns. Það er mikið um bókanir fyrir næsta sumar og við erum einnig farin að fá pantanir fyrir árið 2015.

*María Bryndís Ólafsdóttir, hótelstjóri Hótel Stykkishólms*



„Ég hef séð aukningu upp á vel yfir þrjátíu prósent í gistingu í janúar. Hingað hafa komið fleiri norðurljósahópar þrátt fyrir að það hafi verið lítið um norðurljós. Á sama tíma og þetta hefur verið að aukast höfum við verið að reka hótel og veitingahús allt árið og erum einmitt að bæta við okkur 32 herbergjum og stækka um meira en helming enda lítur árið vel út.

*Gunnlaugur Jónasson, hótelstjóri Gistihússins á Egilsstöðum*




CRÉATIVE TECHNOLOGIE

KOMDU OG PRÓFAÐU CITROËN BERLINGO VAN

Öflug en sparneytin dísilvél fyrir hagkvæman rekstur. Frábær vinnuaðstaða með 180° opnun á afturhurðum, gíraffalúgu, rennihurð, lækkaðri hleðsluhæð, hárri sætisstöðu og fjölda geymsluhólfa. Rúmar tvo farþega ásamt ökumanni.

50 ár í bílgreininni
brimborg
Öruggur staður til að vera á

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

CITROËN

Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu

# AEG

FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI




**0% vextir**
Vaxtalausar raðgreiðslur í tólf mánuði!*

*3.5 % lántökugjald

# ÞVOTTADAGAR

## 20% afsláttur af öllum þvottavélum, þurrkurum og uppþvottavélum

**ÞVOTTAVÉL** LAVAMAT 60260FL
ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
1200 snúninga
Taumagn 6 kg
Öll hugsanleg þvottakerfi
Íslensk notendahandbók
*Listaverð:* 135.900,-
*Þú sparar:* 27.180,-
AEG
TILBOÐSVERÐ – **108.720,-**

**UPPÞVOTTAVÉL** FAVORIT 45010-M
12 manna stell
5 þvottakerfi
Turbo-þurrkun
Hljóðlát vél: 47db (re 1 pW)
Orkunýtni: A
Þvottahæfni: A
Þurrkhæfni : A
AEG
TILBOÐSVERÐ – **95.920,-** STÁL

**UPPÞVOTTAVÉL** ZDF2010 - W/M
12 manna stell
5 þvottakerfi
4 hraðastillingar
A/A/A orkunýting
Hljóð 51db
Þvottahæfni: A
Þurrkhæfni : A
ZANUSSI
TILBOÐSVERÐ – **79.900,-** HVÍT **89.990,-** STÁL

**ÞVOTTAVÉL** LAVAMAT98699FL
1600 snúninga
**Taumagn 9 kg**
Öll hugsanleg þvottakerfi
Kolalaus mótor
25% afsláttur
*Listaverð:* 217.900,-
*Þú sparar:* 54.475,-
AEG
TILBOÐSVERÐ – **163.425,-**

**ÞURRKARI** LAVATHERM T76280AC
ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
Barkalaus
Rakaskynjari
Taumagn: 8 kg
Íslensk notendahandbók
*Listaverð:* 149.900,-
*Þú sparar:* 29.980,-
AEG
TILBOÐSVERÐ – **119.920,-**

**FRÁBÆRT PAR OG MIKILL SPARNAÐUR:**

**ÞVOTTAVÉL OG ÞURRKARI**
LAVAMAT 75470 & LAVATHERM T76280
ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
ÞVOTTAVÉL
1400 snúninga · Taumagn 7 kg
Öll hugsanleg þvottakerfi
Íslensk notendahandbók
ÞURRKARI
Barkalaus með rakaskynjara
Taumagn 8 kg
Íslensk notendahandbók
*Listaverð á PARINU:* 329.800,-
*Þú sparar:* 65.960,-
AEG
TILBOÐSVERÐ – PARIÐ **263.840,-**



*–og gerðu frábær kaup!*

*Athugið! ... Bjóðum einnig:*
**AEG RYKSUGUR með 20% afslætti**

# ORMSSON

**LÁGMÚLA 8 • REYKJAVÍK • SÍMI 530 2800 • ORMSSON.IS**

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **KS** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **GEISLI** |
| KEFLAVÍK | AKRANESI | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK-EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 530 2870 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 471 2038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 |

# SKOÐUN

Kjöt er ekki bara kjöt og mjólk ekki bara mjólk:

## Tollvernd fyrir buffalabændur



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Markaðurinn, fylgirit Fréttablaðsins um viðskipti, sagði frá því í gær að smásölufyrirtækið Hagar hefði farið fram á við atvinnuvegaráðuneytið að það felldi niður innflutningstolla á ostum úr geita-, buffala- og ærmjólk. Rök fyrirtækisins eru að framleiðsla á þessum ostum sé hverfandi hér á landi. „Við teljum eðlilegt að þegar skortur er á vörum og innlend framleiðsla annar ekki eftirspurn, þá séu þær fluttar inn án gjalda og tolla,“ sagði Finnur Árnason, forstjóri Haga.

Beiðni Haga er fullkomlega eðlileg. Rökin fyrir ofurtollunum, sem lagðir eru á sumar innfluttar búvörur, eru að verið sé að vernda innlenda framleiðendur fyrir samkeppni. Búvörur sem ekki eru í samkeppni við innlenda vöru, til dæmis kornmatur og ávextir, eru tollfrjálsar.

Hins vegar virðast gæzlumenn landbúnaðarkerfisins oft líta svo á að kjöt sé bara kjöt og mjólk bara mjólk. Að minnsta kosti eru allar kjöt- og mjólkurvörur sem fluttar eru til landsins tollaðar upp í topp, þótt oft sé engin sambærileg innlend vara til.

Eins og fram kemur í beiðni Haga eru ostar framleiddir úr alls konar mjólk. Á Íslandi eru þeir búnir til nánast eingöngu úr kúamjólk. Ostarnir sem Hagar vilja fá að flytja inn tollfrjálst eru ekki sambærilegir við neina osta sem eru framleiddir á Íslandi. Ekkert hefur frétzt af buffalabúunum, mjólkandi geitur á landinu eru örfáar og einhverra hluta vegna eru sauðfjárbændur hættir að færa frá og mjólka ærnar til að búa til ost úr mjólkinni. Það er því vandséð af hverju á að leggja ofurtolla á innflutta osta úr mjólk þessara dýrategunda.

Sama á við í kjötinu. Fréttablaðið sagði frá því fyrir stuttu að verzlanir sem vilja selja lífrænt ræktaðan kjúkling fengju hann ekki hjá innlendum framleiðendum, þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir. Finnur Árnason bendir á hversu fáránlegt þetta fyrirkomulag er. Ofurtollar eru lagðir á lífrænan kjúkling sem fluttur er inn frá útlöndum til að vernda framleiðendur sem neita að fjölga kostum neytenda. Svipað á við um ýmsa villibráð, sem er ekki skotin á Íslandi. Landbúnaðarkerfið tollar kengúrukjöt í drasl, svo dæmi sé tekið. Til að vernda hvað?

Fyrirfram, svona miðað við reynsluna síðustu áratugi, má gera ráð fyrir að svar atvinnuvegaráðuneytisins við beiðni Haga verði nei. En þó eru til nýleg fordæmi, sem benda til að jafnvel þar á bæ séu menn byrjaðir að átta sig á að kjöt sé ekki bara kjöt eða mjólk bara mjólk. Þannig voru tollar á nautakjöti lækkaðir þegar skortur var á því innanlands, þrátt fyrir að nægt framboð væri til dæmis af blessuðu dilkakjötinu. Finnur Árnason vitnar líka til þess hvað ráðuneytið var dæmalaust lipurt við Mjólkursamsöluna þegar hún fékk að flytja inn írskt smjör til að fyrirbyggja vöruskort fyrir jólin.

Einhver nefnd í ráðuneytinu fundar í lok vikunnar um beiðni Haga. En auðvitað er það ráðherrann, Sigurður Ingi Jóhannsson, sem hefur síðasta orðið. Ætlar hann að standa með neytendum eða halda áfram að tollvernda innlenda buffalabændur sem eru ekki til?

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Enginn heima

Þingmenn eru stundum sagðir eyða tíma sínum í óþarfa og margir klóra sér í höfðinu yfir endalausum nefndadögum og kjördæmavikum og hvað þetta heitir allt saman. Flestir gera sér þó grein fyrir því að vinna þingmannsins er að miklu leyti ósýnileg og þótt beinar útsendingar Alþingisrásarinnar séu ekki allan sólarhringinn séu nú flestir kjörinna fulltrúa að vinna vinnuna sína. Nýbirt fundargerð frá umhverfis- og samgöngunefnd frá 27. janúar fær mann þó til að efast um þá fullvissu. Þar átti fundur að hefjast klukkan hálf tíu um morgun, með þremur gestum vel að merkja sem gert höfðu sér ferð á fund nefndarinnar og væntanlega undirbúið sig. Á þeim tíma var enginn nefndarmanna mættur. Þeir tíndust síðan í hús einn af öðrum, en þegar upp var staðið voru fimm af níu nefndarmönnum fjarverandi vegna ýmissa ástæðna, veikinda, annarra þingstarfa og einn, Jón Þór Ólafsson þingmaður Pírata, var fjarverandi án uppgefinnar ástæðu. Eitthvað væru nú vinnustaðir landsins fámennir ef tæplega 60% starfsmanna létu sig almennt vanta á vinnutíma.



### Bráðsmitandi veira

Halldór Halldórsson, oddviti Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík, svaraði spurningum lesenda í beinni línu á vefsíðunni dv.is í gær. Þar var hann meðal annars spurður um afstöðu sína til aðildar að Evrópusambandinu. Halldór hefur, eins og kunnugt er, verið yfirlýstur aðildarsinni hingað til. Eitthvað dró hann þó í land í svari sínu í gær þar sem hann sagðist alltaf hafa verið hlynntur „viðræðum“ við ESB og að þeim yrði lokið með þjóðaratkvæðagreiðslu. Hann bætti því hins vegar við að sjávarútvegurinn myndi standa í honum við að segja já í slíkri atkvæðagreiðslu vegna sjávarútvegsins. Halldór hefur þannig smitast af þekktri ESB-andspyrnuveiru sem herjar gjarnan á þá sem taka við forystuhlutverkum í Sjálfstæðisflokknum og breytir velvild þeirra í garð sambandsins í óvild. Ætli það sé til eitthvað við þessu?



fanney@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Einstein var innflytjandi

SAMFÉLAG



Hanna Birna Kristjánsdóttir
innanríkisráðherra

Við höfum alltaf litið á það sem kost þegar ungir Íslendingar fara utan til að mennta sig og koma síðan heim til að starfa við það sem numið var. Með sama hætti ættum við að líta á það sem kost þegar erlendir ríkisborgarar vilja koma hingað til lands til að stunda nám eða starfa.

Það eru tækifæri fólgin í því að fjölga útlendingum hér á landi. Ég sótti nýlega ráðstefnu um innflytjendamál þar sem það var rifjað upp með eftirminnilegum hætti að Albert Einstein hefði verið innflytjandi – en tilgangurinn var augljóslega sá að benda okkur réttilega á að innflytjendum fylgja nýjar hugmyndir, ný tækifæri, nýjar lausnir og nýr heimur.

Ég tel að við eigum að búa þannig í haginn fyrir land okkar og samfélag að við séum opin fyrir því að útlendingar setjist hér að. Umræðan um útlendinga á Íslandi snýr oftast að erlendum fjárfestingum í ákveðnum atvinnugreinum eða stöðu hælisleitenda. Við getum vandað til verka við hvort tveggja – og það ætlum við m.a. að gera með þeim breytingum sem nú eru í farvegi til að gera afgreiðslu hælismála skilvirkari og skýrari og eins með því að fá fram skýrari lagaramma um erlendar fjárfestingar hér á landi.

**➜ Við viljum vera land tækifæranna, við viljum vera land umburðarlyndis og við viljum vera land fjölbreytninnar.**

En við skulum þó ekki gleyma stóru myndinni. Hér höfum við góð lífsskilyrði, öfluga skóla og síbatnandi hagkerfi. Við megum ekki missa af þeim tækifærum sem felast í því að fá hingað útlendinga. Þannig tengjum við Ísland enn betur við umheiminn – og um leið umheiminn við Ísland. Við viljum vera land tækifæranna, við viljum vera land umburðarlyndis og við viljum vera land fjölbreytninnar. Við viljum víkka út sjóndeildarhringinn og við viljum vera opin fyrir þeim tækifærum sem okkur gefast.

Þetta er ekki mál sem snýst um hina hefðbundnu hægri-vinstri pólitík. Öll viljum við nýta þau tækifæri sem okkur gefast. Það að opna Ísland fyrir fjölbreyttari hópi Íslendinga er eitt af þeim tækifærum.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **RITSTJÓRNARFULLTRÚI:** Álfrún Pálsdóttir *alfrun@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason, *kolbeinntumi@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Traustur fjárhagur tryggir lífsgæði

Kæri Mosfellingur.
Ég vil bjóða fram krafta mína og vinna í þína þágu næstu 4 árin. Við höfum farið í gegnum verstu kreppu í manna minnum en stöndum samt sterk í bæjarfélaginu Mosfellsbæ með traustan fjárhag. Það tryggir okkur ákveðin lífsgæði og ég vil stuðla að því að svo verði áfram. Bærinn stækkar hratt og ég vil að fé bæjarins sé varið til góðra verka. Fjárfest hefur verið í íþróttahúsi og hjúkrunarheimili, auk þess sem framhaldsskóli hefur risið, og vil ég sjá áframhaldandi uppbyggingu til hagsbóta fyrir alla bæjarbúa.

STJÓRNMÁL



**Eva Magnúsdóttir**
varabæjarfulltrúi sækist eftir 4. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Mosfellsbæ

Ég vil standa vörð um menntun barnanna okkar og stuðla að valfrelsi í þeim efnum. Almennt tel ég að efla þurfi grundvallarfærni barna í lestri og skrift og leggja áherslu á innihald námsins og mannauð og stefnu skólanna. Notum tækifærið til að gera enn betur þegar við hefjum uppbyggingu fleiri skóla.

Sérstaða Mosfellsbæjar er að mörgu leyti fólgin í því að náttúran er alls staðar í göngufæri. Við þurfum að standa vörð um þessa sérstöðu og láta skipulag bæjarins taka mið af því. Lífsgæði Mosfellinga felast meðal annars í öflugu og fjölbreyttu íþrótta- og tómstundastarfi. Við þurfum að gefa íbúum bæjarins á öllum aldri færi á heilsueflingu. Allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Mosfellsbær ætti því að verða fyrsti kostur þeirra sem kjósa útivist og almenna heilsueflingu.

Velferð eldri borgara er mikilvæg þar sem frelsi til ákvarðanatöku er lagt til grundvallar. Það skiptir máli að geta haft raunverulegt val og fengið þjónustu við hæfi. Nýlega tóku sveitarfélög yfir umsjón með málefnum fatlaðra og hefur það í heildina tekist vel. Þeim málaflokki þarf áfram að sinna vel.

Að þessari uppbyggingu, valfrelsi og málefnum vil ég stuðla og leggja mitt af mörkum fyrir bæjarfélagið. Ég óska eftir þínum stuðningi í 4. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Mosfellsbæ sem verður laugardaginn 8. febrúar.

Höfundur er formaður fræðslunefndar, varabæjarfulltrúi, situr í framkvæmdastjórn Mílu og er með MBA-próf í viðskiptafræði og stjórnun.




# Opið bréf til Kristjáns Þórs Júlíussonar heilbrigðisráðherra

HEILBRIGÐISMÁL



**Bryndís Snæbjörnsdóttir**
formaður Landssamtakanna Þroskahjálpar



**Friðrik Sigurðsson**
framkvæmdastjóri Landssamtakanna Þroskahjálpar

Ágæti ráðherra.
Landssamtökunum Þroskahjálp hefur borist fjöldi ábendinga og kvartana vegna þeirra breytinga sem gerðar voru á kostnaðarþátttöku notenda í bleyjukaupum við setningu nýrrar reglugerðar sem tók gildi nú um áramótin.

Þessi breyting hefur í för með sér verulega kjaraskerðingu hjá því fólki sem vegna veikinda eða fötlunar er háð því að nota bleyjur að staðaldri. Samkvæmt upplýsingum sem samtökin hafa aflað sér getur kostnaðarþátttaka hjá fullorðnum einstaklingi numið 4-5.000 krónum á mánuði. Þær u.þ.b 5.700 króna auknu ráðstafanatekjur sem margir af skjólstæðingum samtakanna fengu nú um áramót vegna verðlagshækkana örorkulífeyris hefur ríkissjóði tekist að ná til baka að stærstum hluta. Fyrir manneskju sem eingöngu hefur tekjur sínar af örorkulífeyri er hér um að ræða alvarlega og viðvarandi kjaraskerðingu sem ekki getur talist ásættanleg.

Kaup á bleyjum geta ekki talist til eðlilegra útgjalda fyrir fólk sem komið er af barnsaldri og engar líkur á að um misnotkun sé að ræða enda ekki varningur sem er eftirsóttur nema fyrir þá sem þurfa nauðsynlega á honum að halda. Því eru öll rök fyrir því að það sé bæði sanngjarnt og eðlilegt að Sjúkratryggingar Íslands taki 100% þátt í kostnaði við bleyjukaup.

Landssamtökin Þroskahjálp fara fram á það við ráðherra að hann endurskoði umrædda reglugerð og færi hana aftur til fyrra horfs, þ.e. í 100% greiðsluþátttöku Sjúkratrygginga Íslands vegna bleyjukaupa einstaklinga þriggja ára og eldri.

**➔ Kaup á bleyjum geta ekki talist til eðlilegra útgjalda fyrir fólk sem komið er af barnsaldri.**

Jafnframt vilja samtökin benda á að þær breytingar sem gerðar hafa verið á bótum almannatrygginga og skattamálum að undanförnu hafa ekki komið þeim einstaklingum til góða sem einvörðungu hafa bætur almannatrygginga sér til framfærslu. Hagur þessara einstaklinga mun því hreinlega versna frá því sem áður var.



# Okkur vantar upplýsingar

NÁTTÚRU-VERND



**Ari Trausti Guðmundsson**
jarðvísindamaður og rithöfundur

**→ Öllum er til gagns, hver sem afstaða þeirra er nú, að fá staðreyndir á borðið.**

Ég verð vonandi seint sakaður um að vera lítill áhugamaður um umhverfis- og náttúruvernd. Þegar kemur að deilunum um veitumannvirki sunnan við Þjórsárver og að lagaumhverfinu, ákvarðanaferlinu og fleiru skyldu, fallast mér þó hendur. Ég átta mig á litlum hluta málefnisins. Mig grunar að þannig fari fyrir flestum. Sérfræðingar um orkumál hafa sín álit á miðlun vatns í virkjanir sem fyrir eru og hagkvæmni framkvæmda á umræddu svæði, jarðvísindamenn hafa sín á afrennsli frá Hofsjökli og verunum í Þjórsá og fleiru skyldu, og lífvísindamenn segja sitt um áhrifin á lífríkið. Svo koma þeir til sem íhuga landslagsheildir og hrein sjónræn áhrif mannvirkja, loks stjórnmálamennirnir og þannig mætti áfram telja.

Óháð nýjustu breytingum á friðlandsmörkum og hugsanlegri endurskoðun Rammaáætlunar, tel ég eitt og annað vanta í opinberu umræðuna, þ.e. fyrst og fremst upplýsingar handa öllum þeim er ekki standa djúpum fótum í henni.

### Staðreyndir á borðið

Hvað er veitulónið stórt ef af verður (sennilega mismunandi útfærslur)? Hvar væri það niður komið? Hefur það lítil, miðlungs eða mikil áhrif á tiltekna landslagsheild? Nákvæmlega hvers konar land færi undir vatn; vel gróið, lítt gróið, með öllu gróðurvana? Hvernig mannvirki þarf og hvar (sennilega mismunandi útfærslur sem auðvelt er að sýna)? Hver eru sjónrænu áhrifin (sæmilega sýnd með tölvulíkönum)? Hver eru fyrirsjáanleg áhrif á fossana í Þjórsá (sem inniheldur bæði jökulvatn og lindar- og yfirborðsvatn)? Þá á ég ekki við ágiskanir heldur útreiknuð áhrif á sennilegu magnbili og eftir árstíðum. Minnkar rennslið í Dynk um 5%, 15% eða 50%? Er verið að eyðileggja alla fossana, eins og fréttamaður einn komst að orði? Í hverju felst hagkvæmnin?

Öllum er til gagns, hver sem afstaða þeirra er nú, að fá staðreyndir á borðið. Þannig verður mikilvæg umræða um friðlýsingar, orkumál, ferðamennsku eða hvaðeina að öðru en þeim loftkenndu skylmingum sem hún er í allt of mörgum tilvikum. Því miður finnst mér því þannig varið nú um stundir og hef raunar áður minnst á skort á upplýsingum og staðreyndum í átökum og umræðum um náttúruvernd og náttúrunytjar.

# Um aðalnámskrá og úrtölur

MENNTUN



**Hilmar Hilmarsson**
skólastjóri Réttarholtsskóla

**→ Aðalnámskrá má nefnilega ekki bara vera skólapólitískt manífestó – hún verður líka að marka kennurum skýra og færa leið við skipulagningu daglegs skólastarfs.**

Í grein Henrys Alexanders Henryssonar í Fréttablaðinu 31. janúar er því haldið fram að ýmsir þeir sem látið hafa í sér heyra um nýja aðalnámskrá fyrir grunnskóla hafi takmarkaðan skilning á lykilhugtökum í námskránni. Mér finnst ég hafa ástæðu til að taka þessa sneið til mín. Ástæðan er sú að þann 22. janúar var eitt og annað haft eftir mér um námsmat og einkunnagjöf eins og því er lýst í námskránni. Vissulega var sú umfjöllun takmörkuð. Mig langar í þessu greinarkorni til að skýra eilítið betur viðhorf mín til námskrárinnar þótt til þess þyrfti lengra mál en hér er pláss fyrir.

Ég hygg að það sé rétt hjá Henry að engum hafi dottið í hug að nemendur yrðu flokkaðir siðferðilega hæfir eða óhæfir í grunnskólum. En að halda því fram að hvergi sé ýjað að slíku í námskránni er að mínu viti hæpið. Á bls. 55 í aðalnámskránni segir m.a.: „Vissa þætti í menntun í grunnskóla er erfitt að meta. Dæmi um slíka þætti eru siðgæði og siðferðileg viðhorf, jafnrétti, lýðræði, mannréttindi, borgaravitund, sjálfbærni og heilbrigði. Skólar skulu sjálfir móta leiðir til að meta slíka þætti….“

Ég skil þetta þannig að skólar skuli móta leiðir til að meta siðgæði og siðferðileg viðhorf nemenda. Kannski má bera mér á brýn takmarkaðan skilning á þessari málsgrein en með tilliti til þess sem áður sagði, að það hafi trúlega aldrei verið ætlun eins eða neins að flokka nemendur eftir siðferði þá held ég að nær sé áfellast þá, sem senda frá sér þessu lík fyrirmæli til grunnskólanna, fyrir takmarkaða nákvæmni í orðavali. Önnur dæmi mætti nefna þar sem gert virðist ráð fyrir að þættir sem telja verður persónuleikabundna, s.s. sjálfsmynd, eigi að vera viðfang námsmats í grunnskólum. Eyða verður öllum vafa um að einkunnir eða annars konar vitnisburðir fyrir þess háttar rati ekki inn á útskriftarskírteini. En síst af öllu vil ég gerast úrtölumaður þess að skólar geri allt sem í þeirra valdi stendur til að efla borgaravitund og styrkja sjálfsmynd nemenda sinna og kenna þeim sæmilega siði.

### Marki skýra og færa leið

Ég, líkt og allt annað skólafólk sem ég hef rætt við um hina nýju námskrá, fagna þeirri áherslubreytingu sem í henni er að finna og kristallast í hugmyndinni um framsetningu hæfniviðmiða og ég þykist hafa talsverðan skilning á því að hæfnin sé ofin úr þekkingu og leikni. Ég tel hins vegar að útfærsla þessara hugmynda sé ekki sem skyldi (og hugtakanotkun reyndar ekki heldur) og ég tel að námskráin gegni ekki vel því hlutverki sem lýst er í henni sjálfri og er m.a. að tryggja samræmi og samhæfingu skólastarfs við útfærslu sameiginlegrar menntastefnu. (bls. 11). Til dæmis er sú þekking sem stefnt er að einatt fremur flausturslega skilgreind. Hugmyndin á bakvið fjórskiptan einkunnakvarða er líka illa rökstudd en þar með er svo sem ekki sagt að hún sé slæm.

Þá má nefna að hæfni sem lýst er og sagt að nemendur eigi að geta náð er á köflum svo stórfengleg að höfundum getur varla verið sjálfrátt. Þegar stjórnvöld senda frá sér aðalnámskrá sem ætlað er að stýra námi og stuðla að sem bestri menntun barna í skyldunámi er afar brýnt að þau segi það sem þau meina og meini það sem þau segja. Hugtakanotkun verður að vera markviss og vafaatriði eins fá og kostur er. Markmið og hugmyndir verða að vera í samræmi við þann vettvang þar sem útfærsla þeirra á sér stað og þann tíma sem til ráðstöfunar er. Aðalnámskrá má nefnilega ekki bara vera skólapólitískt manífestó – hún verður líka að marka kennurum skýra og færa leið við skipulagningu daglegs skólastarfs. Því miður er erfitt að halda því fram að fyrirliggjandi aðalnámskrá uppfylli þær kröfur nægilega vel.

Rokka

Kynning í dag milli kl. 16-18, 6. febrúar á fatnaðinum sem er að finna í Prjónablaðinu ÝR nr. 56 Einnig kynning á garni frá Tinnu.




Prjónablaðið ÝR nr. 56
2.195,kr.

50% afsláttur
af öllum eldri TINNU blöðum




Smart
468,kr./dokkan
verð áður 584,-




Lanett babyull
570,kr./dokkan
verð áður 713,-




Neon
358,kr./dokkan
verð áður 448

Alpakka ull
698,kr./dokkan
verð áður 873,-




20% afsláttur
af öllum prjónasettum



VISA
FK VIÐSKIPTAMANNAKORT
- Tilvalið gjafakort
Tilboð gilda til 8. febrúar
FK FJARÐARKAUP

Opið mánudaga - miðvikudaga frá 09:00 - 18:00, fimmtudaga 09:00 - 18:30, föstudaga 09:00 - 19:00 og laugardaga 10:00 - 16:00, lokað sunnudaga www.FJARDARKAUP.is




CINTAMANI OUTLET

AUSTURHRAUNI 3, GARÐABÆ
mán - fös. 10-18 | lau. 10-16
533 3811



# Þarf fjórðungur stúlkna aðstoð vegna þunglyndis eða kvíða?

HEILBRIGÐISMÁL



Karl Garðarsson
þingmaður Framsóknarflokksins

**➜ Nauðsynlegt er að ráðast í átak á landsvísu með því markmiði að skima fyrir tilfinningavanda unglinga.**

Spurningin vaknar í kjölfar könnunar sem Þjónustumiðstöð Breiðholts gerði í 9. bekk í grunnskólum hverfisins árið 2012. Könnunin leiddi í ljós að 26,2% stúlkna voru yfir viðmiðunarmörkum vegna kvíða 2012. Hlutfallið hafði lækkað í 15,5% á síðasta ári. Þá mældust 12,6% stúlkna vera yfir viðmiðunum vegna þunglyndis 2012. Hlutfallið hafði lækkað í 10,2% 2013. Það gæti meðal annars verið vegna þess að gripið var inn í þau tilfelli sem komu upp og rætt við nemendur og foreldra og bent á úrræði til hjálpar.

Það breytir hins vegar ekki stóru myndinni að heildartölurnar eru áhyggjuefni og vekja upp spurningar um geðheilbrigði þeirrar kynslóðar sem nú er að vaxa úr grasi. Vandamálið virðist vera til staðar og nauðsynlegt fyrir borgaryfirvöld og stjórnvöld að bregðast skjótt við. Athygli vekur að mun lægri tölur mælast hjá drengjum í Breiðholtinu. Aðeins 4,1% þeirra var yfir viðmiðunarmörkum þegar kom að kvíða 2009 en 1,9% 2013. Þá voru 6,8% yfir mörkum vegna þunglyndis 2009 og 3,9% á síðasta ári.

Niðurstöður og umræður úr ýmsum könnunum um líðan skólabarna hafa verið birtar að undanförnu. Setja þarf spurningarmerki við margar þeirra, enda skortir oft upp á faglega nálgun á viðfangsefnið.

**Átak á landsvísu**

Könnunin í Breiðholti er hluti af svokölluðu Breiðholtsmódeli, sem þróast hefur í hverfinu á síðustu sjö árum. Þetta módel byggist meðal annars á því að reynt er að greina vandann eins fljótt og hægt er og veita síðan bestu mögulega þjónustu á sem hagkvæmastan hátt. Þá sinna sálfræðingar bráðamálum sem koma upp. Hönnuð hafa verið sérstök námskeið þar sem boðið er upp á fyrstu inngrip við uppeldis- og tilfinningavanda og eru þau hluti af þeim úrræðum sem boðið er upp á í Breiðholti. Námskeiðin eru ætluð foreldrum og börnum og þau ná allt niður til foreldra 3ja ára barna sem eru í áhættuhópi. Góð samvinna er við geðdeild Landspítala, BUGL og fleiri aðila.

Niðurstaða vinnulags Þjónustumiðstöðvar Breiðholts gefur tilefni til að staldra við. Hún bendir til mjög vaxandi tilfinningavanda unglinga á árunum eftir kreppu. Sú niðurstaða þarf ekki að koma á óvart í ljósi reynslu annarra þjóða, t.d. Finnlands, en Finnar glímdu við alvarlegar afleiðingar kreppu, sem birtist m.a. í auknum tilfinningavanda barna.

Nauðsynlegt er að ráðast í átak á landsvísu með því markmiði að skima fyrir tilfinningavanda unglinga og bjóða þeim sem þurfa viðeigandi hjálp. Það er fjárfesting til framtíðar.

# Réttar upplýsingar fást hjá réttum aðilum

HEILBRIGÐISMÁL



Kristbjörg Halla Magnúsdóttir
áfengis- og vímuefnaráðgjafi hjá SÁÁ, CAC

Í tilefni umræðu í fjölmiðlum undanfarna daga um mál menntunar áfengis- og vímuefnaráðgjafa og hlutverk þeirra í meðferð þá langar mig að leggja orð í belg.

Umræðan hefur verið einhliða frá félagi sem berst fyrir málefnum kvenna með áfengis- og fíknvanda, málefni sem mér finnst þarft og alltaf pláss að ræða hvernig hægt er að bæta hag alkóhólista og hvað má gera betur. Það sem mér þykir undarlegt er að þær sem harðast gagnrýna og hafa skoðanir á þessum málum virðast ekki hafa kynnt sér málin nægilega vel og geta sér til um og álykta og hafa ekki haft samband til að fá að vita hvernig málum er háttað. Ég gleðst yfir áhuga á málaflokknum, harma aðferðirnar.

Áfengis- og vímuefnaráðgjafar eru ný fagstétt í raun og veru, fengu löggildingu, viðurkenningu og skilgreiningu á starfinu og hvað þyrfti til að geta kallað sig þessum starfstitli 2006 þótt árum saman hafi áfengisráðgjafar verið til og starfað í þverfaglegu teymi. Við höfum barist fyrir því að fá nám okkar metið og fögnum áhuganum á því að standa vörð um að fagfólk sinni áfengissjúkum.

**Víðtæk og markviss fræðsla**

Það að segja að nám okkar sé í skötulíki og að ekkert sé að gerast finnst mér best lýsa þörfinni á að kynna þetta betur fyrir fólki hvað það er sem áfengis- og vímuefnaráðgjafar gera í sínu starfi og til að geta kallað sig þeim starfstitli. Til er námsskrá sem samþykkt var árið 2006, á sama tíma og reglugerð um starf og starfsheiti, og hefur verið kennt samkvæmt henni síðan. Að sjálfsögðu má ræða það hvort hún sé nægilega góð eða hvort þurfi að endurskoða hlutina.

Mjög víðtæk og markviss fræðsla í margs konar málefnum tengdum alkóhólistum, mannlegu eðli, lyfjafræði, viðtalatækni, siðfræði, kenningum í sálarfræði, áhugahvetjandi samtalstækni, hópvinnu og svona væri lengi hægt að telja upp. Okkar þekking er í stöðugu mati og endurmati og þrátt fyrir að hafa unnið í þessum geira í rúm níu ár, tekið formleg próf, fengið löggildingu frá landlækni og löngu orðin „útskrifuð“ þá vitum við að þegar unnið er með fólki þá er maður líklega seint fullnuma. Þess vegna er reglulega horft á okkur vinna, við gagnrýnd, studd og hjálpað til að geta verið sem færust í okkar starfi. Við sækjum okkur endurmenntun allt árið um kring innanlands og utan. Í okkar hópi er margra áratuga reynsla af þessari vinnu, þekking sem er uppfærð reglulega og viljum við svo sannarlega vanda til verka og höfum mikinn metnað í okkar starfi. Við erum ekki sálfræðingar, geðlæknar eða félagsráðgjafar og gefum okkur ekki út sem slíkir og vinnum ekki þeirra störf.

**Röng staðhæfing**

Að halda því fram að meðferðin okkar sé byggð á 12-spora vinnu áfengis- og vímuefnaráðgjafar og um sé að ræða fólk sem styðst eingöngu við persónulega reynslu er röng staðhæfing og umræða á villigötum. Rétt er það að mörg okkar höfum reynslu af þessum málefnum, enda er það mjög oft það sem kveikir áhuga margra á starfinu því að það sé ekki algilt. Því hryggir það mig að sjá umræðu sem gæti fælt fólk frá því að leita sér aðstoðar.

Og að tjá sig um þess konar mál sem eiga heima hjá landlækni í fjölmiðlum og mála upp svarta mynd af starfseminni og sjúklingunum sem hingað leita með einhliða alhæfingum og á ómálefnalegan hátt er í besta falli óheppilegt fyrir þá aðila sem hafa komið eða þurfa að koma og leita sér aðstoðar án þess að gert sé lítið úr þeim málum sem upp geta komið.

Öll mál sem koma upp á heilbrigðisstofnunum fara í ákveðna verkferla, hægt er að tilkynna, láta rannsaka og fá upplýsingar um hvernig best er að snúa sér í þeim málum og hvet ég þá sem telja sig eiga erindi í slíka vinnu að gera það. Gagnrýni er af hinu góða, ef fólk þekkir efnistökin vel og er að rýna til gagns. Ágiskanir, ályktanir og umræða byggð á vanþekkingu á málefninu er ekki neinum til góðs.

# Virkara íbúalýðræði

STJÓRNMÁL



Gunnar Gíslason
fræðslustjóri á Akureyri og sækist eftir 1. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins á Akureyri

**➜ Við verðum að hafa í okkur dug til að takast á við erfiða umræðu í stað þess að flýja hana.**

Á Akureyri sem víðar heyrast háværar raddir um að bæjarfulltrúar hafi ekki nægilegt samráð við íbúana um stærri mál sem snerta beint hagsmuni og velferð bæjarbúa. Við þessu vil ég bregðast og auka þátttöku íbúanna í ákvörðunartöku sem snertir ýmis stærri mál. Margt hefur verið gert; íbúaþing hafa verið haldin, boðið er upp á viðtalstíma bæjarfulltrúa, skipulagsákvarðanir eru settar í lögboðið umsagnarferli, boðað er til kynningarfunda um einstök mál og íbúum hefur staðið til boða að koma fram með tillögur um afmörkuð mál. En betur má ef duga skal.

Íbúarnir gera kröfu um að á þá sé hlustað og tillit tekið til afstöðu þeirra til einstakra mála. Þetta eru oft mál sem hafa mikil áhrif á líf þeirra til framtíðar. Ég tel góðan kost í mörgum stærri málum, svo sem skipulagsmálum sem hafa áhrif á bæjarbúa alla, að haldnar verði rafrænar íbúakosningar. Tæknin og þekkingin er til staðar nú á 21. öldinni svo einfalt og hagkvæmt verði að framkvæma slíkt.

Einnig vil ég auka vægi hverfisnefnda í stjórnkerfi bæjarins. Stjórnmálamenn eiga ekki að þvinga í gegn hugmyndir sem snerta nánasta umhverfi hóps bæjarbúa sem íbúum almennt hugnast ekki. Leggja þarf ríka áherslu á að móta skýra sýn fyrir sveitarfélagið allt til lengri tíma í stærri málum sem valdið geta úlfúð og deilum, svo sem þegar horft er til þéttingar byggðar.

Við verðum að hafa í okkur dug til að takast á við erfiða umræðu í stað þess að flýja hana og keyra málin í gegn án tillits til allra sjónarmiða. Með því að móta skýra sýn og setja okkur markmið getum við saman horft með meira öryggi til framtíðar. Það gefur íbúum og fyrirtækjum betri grunn að byggja á til framtíðar. Framtíðin verður ekki okkar nema við gerum hvað við getum til að hafa áhrif á hana og breyta aðstæðum til batnaðar.






# Reykjavík – borg tækifæranna

STJÓRNMÁL



Natan Kolbeinsson
formaður Hallveigar UJR og er frambjóðandi í flokksvali Samfylkingarinnar fyrir komandi borgarstjórnarkosningar

**➜ Sannleikurinn er sá að iðnnám nýtur ekki sannmælis í samfélaginu.**

Reykjavík er borg tækifæra. Eitt stærsta verkefnið framundan fyrir okkur Reykvíkinga er að mæta breyttum tímum í atvinnulífinu – að takast á við breytta hugsun þegar kemur að atvinnulífi dagsins í dag. Það atvinnulíf sem við búum við núna kallar á sérfræðimenntun í tækni og nýsköpun. Fyrirtæki á borð við Össur og CCP sækjast eftir vel menntuðu ungu fólki til að koma með sér í nýsköpun á vöru og þjónustu sem skilar sér til samfélagsins í bættum lífskjörum. Við búum við næg tækifæri og höfum sýnt það og sannað að þegar við tökum höndum saman náum við árangri.

Til að undirbúa ungt fólk undir nýja og spennandi tíma þarf m.a. að fara í róttækar breytingar á skólakerfinu. Það þarf að breyta kennsluháttum og hugsun okkar um menntun og sú breyting þarf að byrja hjá grunnskólanum þar sem við leggjum grunn að framtíðarmenntun nýrra kynslóða í dag. Og við þurfum að byrja sem fyrst.

**Ekki í takt við tímann**

Grunnskólinn í dag er ekki í takt við tímann og meira til þess gerður að undirbúa krakka undir bóknám á framhaldsskólastigi. Lítið sem ekkert svigrúm er fyrir nemendur sem hyggja á nám í forritun og/eða iðnnámi. Sú kennsla sem fer fram í verknámi innan veggja grunnskóla byggir á smíði og saumaskap sem segja má að sé í takt við það atvinnulíf sem var þegar kynslóðin sem nú situr við völd lærði fyrir. Þó vissulega sé þörf á félagsfræðingum, lögfræðingum, læknum og smiðum þá er það samt þannig að atvinnulífið kallar eftir fólki með fjölbreyttan bakgrunn í menntun svo sem forritun – fólki getur tekið þátt í þeirri nýsköpun sem á sér stað í dag.

Þær breytingar sem ég vil fá tækifæri til að berjast fyrir á vettvangi borgarstjórnar eru ekki bara þess eðlis að þær gagnist atvinnulífinu. Þetta snýst líka um að gefa öllum tækifæri til þess finna sér þá braut í lífinu sem vænlegt er að ná árangri á. Sannleikurinn er sá að iðnnám nýtur ekki sannmælis í samfélaginu og skrifast það m.a. á þá staðreynd að ungt fólk fær takmarkað að kynnast því fyrr en það velur sér framhaldsskóla. Við þurfum fjölbreytileika í lífinu og þess vegna þarf grunnur að iðn- og tækninámi að vera raunhæfur kostur fyrir ungt fólk strax í grunnskóla.

Með því að fara í breytingar á menntakerfinu getum við gert ungu fólki í Reykjavík kleift að takast á við nýja tíma í atvinnulífinu og fundið öllum farveg í menntakerfinu.

# Heillaóskir á degi leikskólans

MENNTUN



Fanný Heimisdóttir
leikskólastjóri

**➜ Lögleiðing Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna veitir okkur byr og nýja möguleika.**

Innviðir, stoðir og styttur, grunnurinn, hin raunverulegu verðmæti …
Ég vinn í leikskóla; á hverjum degi er ég með fólki sem er skemmtilegt, uppátækjasamt, forvitið og kærleiksríkt.

Auknar áherslur á skóla sem lýðræðislegan vettvang með þátttöku foreldra og barna gera leikskólastarf áhugaverðara, flóknara og ánægjulegra. Foreldraráðin fara með lögbundið umboð til að hafa umsögn um skólastarfið. Foreldrar hafa skyldur og vald til að láta sig varða. Á sama hátt höfum við bundið réttindi barna í lög. Lögleiðing Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna veitir okkur byr og nýja möguleika. Ég sé sóknarfæri og ætla áfram að vera til þjónustu reiðubúin.

Til hamingju með daginn leikskólafólk. Við tengjumst öll leikskólum á einhvern hátt þannig að allir geta tekið sinn hlut af hamingjuóskum dagsins og óskað áfram.

Ég finn það oní maga að ég vinn við að ávaxta auð. Ég er tannhjól í ævintýravél … Dagur leikskólans er alla daga.


RAFVÖRU MARKAÐURINN
ÓDÝR RAFMAGNSVERKFÆRI
Við Fellsmúla - Reykjavík
3996 4995 BORVÉL 500W
7996 9995 HÖGGBOR/BROTVÉL 620W
2396 2995 HLEÐSLUSKRÚFJÁRN
3196 3995 HLEÐSLUBORVÉL 12V
4796 5995 SLÍPIROKKUR 580W
3596 4495 HITABYSSA
1436 1795 LÍMBYSSA
3196 3995 LÓÐBYSSA
3196 3995 SLÍPIMÚS
TILBOÐSDAGAR
Á RAFMAGNSVERKFÆRUM
20% afsláttur
4796 5995 BÓNVÉL
3196 3995 JUÐARI
7196 8995 FLÍSASÖG
3996 4995 JUÐARI 150W
4796 5995 STINGSÖG
5596 6995 HJÓLSÖG 1200W
4796 5995 SMERGEL
7196 8995 BELTASLÍPIVÉL 900W
8796 10.995 RAFMAGNSHEFILL
7676 9595 VATNSRYKSUGA
21.520 26.900 BÚTSÖG M. SLEÐA 2100W
Birt með fyrirvara um prentvillur. Vörur geta verið uppseldar.
RAFVÖRU MARKAÐURINN
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
OPIÐ ALLA DAGA
Mán. til fös. kl. 9 - 18
Laugard. kl. 10 - 16
Sunnud. kl. 12 - 16

## MERKISATBURÐIR

**337** Júlíus 1. verður páfi.

**1626** Húgenottar semja frið við frönsku krúnuna í La Rochelle.

**1643** Hollenski landkönnuðurinn Abel Tasman uppgötvar Fídjieyjar.

**1658** Sænski herinn, undir stjórn Karls 10., ræðst inn í Danmörku með því að fara yfir Eyrarsund á ís.

**1788** Massachusetts verður 6. ríkið til að staðfesta stjórnarskrá Bandaríkjanna.

**1922** Achille Ratti verður Píus 11. páfi.

**1936** Vetrarólympíuleikarnir 1936 hefjast í Garmisch-Partenkirchen í Þýskalandi.

**1968** Vetrarólympíuleikarnir 1968 hefjast í Grenoble í Frakklandi.

**1987** Fjölbrautaskóli Vesturlands á Akranesi er stofnaður.

**1988** Alfred Jolson vígður biskup kaþólskra á Íslandi.

**1999** Vinstrihreyfingin - grænt framboð stofnuð.

**ÞETTA GERÐIST** 6. FEBRÚAR 1926

# Laurel og Hardy urðu til

Þann sjötta febrúar árið 1926 skrifaði skemmtikrafturinn Oliver Hardy undir langtímasamning við framleiðandann og leikstjórann Hal Roach. Fram að þeim tíma hafði Hardy leikið í fjölda mynda, gjarnan skúrkinn í sumum gamanmynda Hal Roach Studios.

Það var svo leikstjórinn Leo McCarey sem spyrti hinn kringluleita Hardy saman við horaða leikarann Stan Laurel í stuttmyndinni Duck Soup. Þeir félagar urðu svo heimsþekktir fyrir gamanmyndir sínar. Hér á landi voru þeir jafnan nefndir dönskum heitum, Gög og Gokke, en voru svo síðar kallaðir Steini og Olli. Í Ameríku og hinum enskumælandi heimi eru þeir hins vegar þekktir sem Laurel and Hardy.

Á árabilinu 1926 til 1950 komu þeir félagar fram í yfir 100 kvikmyndum, þar af 27 í fullri lengd, en í mörgum þeirra aðstoðaði Laurel við leikstjórnina. Þeir unnu meðal annars til Óskarsverðlauna árið 1933 fyrir kvikmyndina The Music Box, en hún fjallaði um tvo vita vanhæfa flutningamenn sem áttu að flytja píanó upp stigagang.

Steini og Olli riftu samningi sínum við MGM og Hal Roach árið 1940 til að stofna eigið framleiðslufyrirtæki, en hættu svo að búa til kvikmyndir fimm árum síðar. Þeir komu þó saman aftur og gerðu mynd að nafni Utopia árið 1950, sem þótti ekki vel heppnuð. Til stóð að gera aðra tilraun árið 1954 þegar Hardy fékk hjartaáfall. Hann varð sjúklingur á eftir og lést þrem árum síðar. Laurel tók fráfall hans mjög nærri sér og sór að koma aldrei fram aftur. Hann lést svo árið 1965.


LAUREL OG HARDY


**VOCES SPONTANE** Austurrískur spunahópur vill leyfa landsbyggðinni að njóta krafta sinna. AÐSEND MYND

# Spunatónleikar í Landnámssetrinu

## Spunahópurinn Voces spontane spilar í Landnámssetrinu í kvöld klukkan 20.

„Þau langaði að koma og spila aðeins úti á landi, vera ekki bara í Reykjavík, og leyfa landsbyggðinni að njóta krafta sinna," segir Sigríður Margrét Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Landnámssetursins, en austurríski spunahópurinn Voces spontane spilar í Landnámssetrinu í Borgarnesi í kvöld klukkan 20.

„Hópurinn kemur til landsins í tengslum við Myrka músíkdaga, en stofnandi hópsins, Sibyl Urbancic hafði samband og við tókum því fagnandi," heldur Sigríður áfram. „Þetta er æðislegt tónlistarfólk og þau eru að gera eitthvað mjög sérstakt," segir Sigríður jafnframt.

Austurríski spunahópurinn Voces spontane var stofnaður árið 1993 af Sibyl Urbancic. Spunahópurinn hefur áður komið fram á Íslandi á Kirkjulistahátíð Hallgrímskirkju, ásamt Manuelu Wiesler flautuleikara, á MMD í Borgarleikhúsinu, á Þjóðlagahátíð á Siglufirði, og haldið spunanámskeið í Tónlistarskóla Hafnarfjarðar.

Hópurinn kemur nú frá Vínarborg til Íslands í fjórða sinn, að þessu sinni með klarinettutvennunni Stump-Linshalm, en þau eru bæði kennarar við Tónlistarháskólann í Vín, eins og félagar þeirra í Voces spontane.

Fyrir tónleikaferðina til Íslands 2014 á Myrka músíkdaga í Hörpu, Landnámssetrið í Borgarnesi og Vatnasafnið í Stykkishólmi, valdi hópurinn tónsmíðar skrifaðar fyrir klarinettudúóið af diskunum Short Cuts til að byggja spunann á. Þannig geta áheyrendur valið verk, sem þeir vilja heyra flutt og spunnið út frá.

Á listanum eru einnig tvö nýsamin verk tileinkuð Stump-Linshalm eftir Atla Heimi Sveinsson og Petru Stump, sem voru frumflutt á tónleikum hópsins á Myrkum músíkdögum í Reykjavík í ár.

Spuninn felst í notkun raddar, blokkflautu, klarinettu og látbragðsleiks.

Flytjendur eru Johann Leutgeb, bariton, Katharina Lugmayr, blokkflautur og Karin Schneider-Riessner, alt, ásamt klarinettu-dúóinu Stump-Linshalm, sem eru þau Heinz-Peter Linshalm og Petra Stump.

olof@frettabladid.is



†

Ástkær eiginkona mín,
móðir, tengdamóðir og amma,

**GUÐRÚN JÓNA GÍSLADÓTTIR**
**Gullsmára 5, Kópavogi,**

lést 2. febrúar sl. á krabbameinsdeild Landspítalans. Útför fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 7. febrúar kl. 13.00.

**Gunnar Guðjónsson**
**Þuríður Gunnarsdóttir** **Eyjólfur Magnús Kristinsson**
**Gísli Rúnar Gunnarsson** **Helga Bjarnadóttir**
**Gunnar Örn Gunnarsson** **Pilar Olivares Villalonga**
**Kolbrún Klara Gunnarsdóttir**
**Sólrún Ása Steinarsdóttir, Hákon Fannar Steinarsson og Bjarni Berg Gíslason**



†

Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**BJÖRGVIN ÁRNASON**
**fv. félagsmálastjóri**
**Suðurgötu 8, Keflavík,**

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja laugardaginn 18. janúar. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju í dag, fimmtudaginn 6. febrúar kl. 13.00.

**Sigurður Björgvinsson** **Þórdís Guðjónsdóttir**
**Svala Björgvinsdóttir** **Baldur Kristjánsson**
**Árni Björgvinsson** **Friðbjörg Helgadóttir**
**Sveinn Vopnfjörð Björgvinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir og afi,

**EINAR S. H. ÞORBERGSSON**
**kennari, leikari, leikstjóri,**
**Melabraut 25, Seltjarnarnesi,**

lést þann 29. janúar á Landspítalanum v/Hringbraut. Útför hans fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 7. febrúar kl. 15.00.

**Stefanía Ósk Ásgeirsdóttir**
**Örn Einarsson**
**Þorbergur Ásgeir Einarsson** **Ástrós Bryndís Björnsdóttir**
**Kristinn R. Einarsson**
**Rósalind H. Einarsdóttir**
**Eyrún M. Einarsdóttir**
**Sólon P. Einarsson**
**og barnabörn.**



†

**GUÐRÚN KARLSDÓTTIR**
**DÚNA,**
**fyrrum húsfreyja í Miðdalskoti,**

lést aðfaranótt 2. febrúar að Ási í Hveragerði. Útförin fer fram frá Skálholtskirkju laugardaginn 8. febrúar kl. 11. Jarðsett verður í Haukadal.

**Fyrir hönd vandamanna,**
**Margrét Eiríksdóttir** **Einar Geir Friðgeirsson**
**Karl Eiríksson** **Margrét Sigurrós Lárusdóttir**
**Ósk Eiríksdóttir** **Haraldur Rúnar Haraldsson**
**Eiríkur Rúnar Eiríksson** **Helga Helena Sturlaugsdóttir**



†

Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**STEFÁN HALLGRÍMSSON**
**rafeindavirkjameistari,**
**Kringlumýri 2, Akureyri,**

er lést að heimili sínu þriðjudaginn 21. janúar, verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju þann 7. febrúar kl. 13.30.

**Guðmundur Stefánsson** **Sunna Jaroensuk**
**Guðrún Hörn Stefánsdóttir** **Sverrir Þór Kristjánsson**
**Tómas Bergmann** **Halla Pálsdóttir**
**Hallgrímur Stefánsson**



†

Elskuleg systir, mágkona og frænka,

**ANNA RÚN SIGURRÓSARDÓTTIR**
**28.11.1968**

lést á Landspítalanum í Reykjavík laugardaginn 01.02. sl. Jarðarför hennar fer fram frá Guðríðarkirkju þriðjudaginn 11. febrúar kl. 13.00. Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélagið.

**Röngvaldur A. Hrólfsson** **Elín Kristín Björnsdóttir**
**Jónas S. Hrólfsson** **Aðalheiður Guðjónsdóttir**
**Sigríður A. Hrólfsdóttir** **Ingólfur Jón Sigurðsson**
**Gunnar S. Hrólfsson** **Díana Oddsdóttir**
**Sigurrós Jónasdóttir** **Bjarni Auðunsson**

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



**KLÆÐI FORSETA**

Sýningin „Ertu tilbúin frú forseti?“ hefst í Hönnunarsafni Íslands á morgun. Þar getur að líta kjóla og fylgihluti sem Vigdís klæddist á ferlinum | SÍÐA 8

TÆKIFÆRISGJAFIR
Margar gerðir iittala
Mikið af flottum tilboðum
Tékk Kristall
www.tk.is
Laugavegi 178 - Sími: 568 9955

STÓRÚTSALA
50-60% afsláttur
KLASSÍSK GÆÐAVARA FRÁ GERRY WEBER
TAIFUN - GARDEUR - CREENSTONE -
FUCHS SCHMITT O.FL. O.FL.
Líður að útsölulokum
Allt að 50-60% afsláttur
Sparidress - Vetrardragtir - Peysur - Blússur - Bolir
www.laxdal.is
BERNHARD LAXDAL
Laugavegi 63 • S: 551 4422

ÚTSÖLULOK

-70% afsláttur af útsölufatnaði og öllum skóm!
Ekki missa af þessu! Opið til kl 21 í kvöld
TUZZI
KRINGLUNNI
SÍMI 5688777



# HEILBRIGT OG FALLEGT HÁR SKIPTIR MÁLI

**HALLDÓR JÓNSSON KYNNIR** *Masterline er hárvörulína frá Ítalíu í hæsta gæðaflokki og er loksins komin á markað hér á landi. Vörurnar fást í stórmörkuðum og verslunum út um allt land.*

Masterline-hárvörurnar eru fyrir alla fjölskylduna og fást nú á Íslandi. Línan er seld á hárgreiðslustofum og í snyrtivörudeildum út um víða veröld en fæst í stórmörkuðum hér á landi. „Masterline-vörulínan er í hæsta gæðaflokki, framleidd á Ítalíu og er rómuð fyrir gæði og endingu, á verði sem hentar flestum.“ segir Magðalena S. Kristjánsdóttir, vörumerkjastjóri hjá Halldóri Jónssyni ehf. sem flytur inn hárvörurnar.

**GÆÐAVÖRUR Á GÓÐU VERÐI**

Við vöruþróun var einblínt á að framleiða gæðavöru með einstökum stíl. Masterline-vörurnar eru afrakstur mikils rannsóknarstarfs og gæðaprófana til að tryggja notendum vellíðan, gæði og hámarksöryggi. Masterline-vörurnar eru ofnæmisprófaðar og standa fyllilega undir merkinu – Made in Italy.

„Masterline-línan fæst í stórmörkuðum á góðu verði en hún er þróuð í samstarfi við hárgreiðslumeistara og stenst fyllilega samanburð við mun dýrari vörur á markaði. Mikil áhersla er lögð á mild og góð innihaldsefni. Línan er án SLES (Sodium Lauryl Sulfate) og án allra parabena.“

**EFNIN SKIPTA MÁLI**

Þar sem ekkert SLES er í Masterline-sjampóinu þá freyðir það minna en „hefðbundin“ sjampó sem nota SLES. „Þetta þýðir alls ekki lakari gæði, heldur þvert á móti. Sífellt fleiri kjósa vörur eins og Masterline þar sem höfuðáherslan er á mildari innihaldsefni. Svo eru sjampóið og næringin með pumpu þannig að þau henta vel á baðið og rúsínan í pylsuendanum er svo útlitið,“ segir Magðalena.

**FALLEGT HÁR**
Ítalska hárvörulínan Masterline er nú komin á markað á Íslandi. Vörurnar eru ofnæmisprófaðar og án parabena og SLES.
MYND/STEFAN



Rýmum

til fyrir nýjum heilsudýnum og bjóðum því góðan afslátt af frábærum verðum!
Komdu og gerðu ævintýralega góð kaup!
20% afsláttur af lökum og hlífðardýnum við dýnukaup.
*3.5% lántökugjald
Baldursnesi 6 - Akureyri
Listhúsið - Reykjavík
Fimm stjörnu verslun
Svefn & heilsa
Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00
www.svefn.is
KORTER.IS
Umboðsaðilar: Reynisstaður - Vestmannaeyjum | Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum

# EKKI ENNÞÁ VERIÐ TALIN PÚKÓ

**SÉRSTAKUR STÍLL** *Söngkonan Ásdís María Viðarsdóttir þótti flott í undankeppni Eurovision-keppninnar. Bæði andlitsmálningin og hárskrautið vakti athygli en hún vill vera öðruvísi þegar hún syngur. Hún leitar að fólki til að gera alvöru „soul“-tónlist með henni.*

Ásdís María Viðarsdóttir söngkona skartaði sérstakri andlitsmálningu í undankeppni Eurovision-keppninnar um síðustu helgi. „Ég fékk Elísabetu Ormslev, vinkonu mína, til liðs við mig til að sjá um förðunina. Mér finnst mjög mikilvægt að vera öðruvísi en ég er í daglega lífinu þegar ég syng. Ég er stundum dálítið skrýtin venjulega þannig að ég þarf því að vera mjög, mjög skrítin þegar ég syng,“ segir Ásdís og skellihlær. „Við Elísabet skoðuðum förðun á netinu og blönduðum saman alls kyns hönnun ásamt eigin hugmyndum, teiknuðum svo útkomuna á blað og svo beint á andlitið á mér.“ Hún hlær þegar hún er spurð hvort hún hafi komið af stað tískubylgju með andlitsmálningunni. „Ég er alveg til í að þannig bylgja fari af stað og ég ætla að fá einkaleyfi á hana á meðan ég get.“

**HÁRSKRAUT VINSÆLT NÚNA**

Hárskraut Ásdísar sem hún var með í keppninni vakti líka athygli. Það var fimmtán sentimetra löng keðja sem var búið að hanna á sérstakan hátt. „Gréta Þorkelsdóttir, vinkona mín, bjó hárkeðjuna til eftir hugmynd minni og systur minnar, Önnu Sóleyjar. Gréta hafði aldrei gert svona áður þannig að það voru undur og stórmerki að keðjan skyldi heppnast svona vel en hún er alveg hrikalega klár og fær í höndunum.“ Ásdís vinnur í Spúútnik og segir að undanfarið hafi mikið verið spurt um alls kyns hárbönd og -skraut. „Þetta er alveg rosalega vinsælt núna og verður örugglega eitthvað áfram.“

**EKKI ALHEILAGUR TÍSKUGÚRÚ**

Ásdís kaupir flest fötin sín í Spúútnik eða í öðrum „second-hand“-búðum. „Ég er með fjölbreyttan stíl en ég er ekkert endilega að fara ótroðnar slóðir allan daginn. Ég er enginn alheilagur tískugúrú og er ekki góð í að fylgjast með tískublöðum og veit ekki hvað módel heita. Ég hef þó ekki lent í því ennþá, held ég, að vera púkó,“ segir hún.

**LEITAR AÐ FÓLKI Í „SOUL“**

Aðspurð um Eurovision segist hún hafa viljað gera þetta einu sinni, gera þetta öðruvísi og „get out“. „Ég býst ekki við því að verða standard-Eurovision-kona. Mig langar að syngja „soul“-tónlist og er alltaf að leita að fólki til að gera alvöru „soul“ með mér. Það hefur lítið verið gert af þess konar tónlist hér á landi.“ ■ liljabjork@365.is



**Í FÖRÐUN** Ásdís María Viðarsdóttir skartaði sérstakri förðun í undankeppni Eurovision. Hún vill vera sérstök þegar hún syngur. MYND/RÚV



**FLOTT Á SVIÐI** Ásdís María stóð sig vel í Söngvakeppni Sjónvarpsins um liðna helgi.



# Ferming í Flash

Mikið úrval af fermingarkjólum og ermum



Margar stærðir







Fleiri myndir á Facebook

Verð frá 9.990



FLASH

**Laugaveg 54,**
**sími: 552 5201**



# HAUSTTÍSKA KYNNT Í KÖBEN

**GLÆSILEGT** *Það kenndi ýmissa grasa á tískuvikunni í Kaupmannahöfn sem lauk á sunnudag. Kynnt var haustttíska þessa árs og eru tískusérfræðingar á einu máli um að fjölbreytileikinn hafi verið í fyrirrúmi. Að vanda fengu nýir hönnuðir að láta ljós sitt skína.*

Pelsar voru óvenju fyrirferðarmiklir á sýningunni, einnig málmefni og þykk ullarefni. Ljósir litir voru áberandi, sömuleiðis týpískir haustlitir og sterkir litir. Svo virðist sem frjálsræði verði mikið með haustinu þegar kemur að litum. Tískuvikan í Kaupmannahöfn er afar vinsæl hjá þeim sem sjá um innkaup í verslanir og var eftir því tekið hversu margir Kínverjar voru meðal gesta, bæði verslunareigendur og blaðamenn. Danir sjá mikla möguleika í því að selja fatahönnun sína til Kína þar sem uppgangur er mikill um þessar mundir.

Tískuvikan var glæsileg að vanda og margir nýir hönnuðir fengu tækifæri til að sýna framleiðslu sína. Dönsk hönnun hefur lengi verið eftirsótt. Meðal sýnenda voru þekkt vörumerki eins og Bitte Kai Rand, Bruuns Bazaar, By Malene Birger, DAY Birger et Mikkelsen, David Andersen, Edith & Ella, Anne Sofie Madsen auk margra annarra.



**STINE GOYA** Litagleðin er hér ríkjandi. Víðar pokabuxur fyrir haustið hjá danska hönnuðinum Stine Goya.

**FREYA DALSJOE** Rautt og blátt verða áberandi litir með haustinu. Alls kyns skinn og pelsar sáust á tískuvikunni.

**VERONICA B. VALLENES** Appelsínugulur litur heldur velli í ár.

**VERONICA B. VALLENES** Hentugur síðkjóll í vetrarkulda.

**BIRGER CHRISTENSEN** Látlaus kjóll með herðaslá.

**WHIITE DURING** Óvenjulegur hvítur kjóll með svörtum ermum.









Pågen







Mundu eftir trefjaríku
Pågens bruðunum á
morgunverðarborðið,

fínar og grófar,
stökkar og ljúffengar.

# LANGAR Í AÐRA SOKKAPRJÓNAVÉL

**PRJÓNAKLÚBBUR** *Ósk Óskarsdóttir er áhugamanneskja um prjón. Hún heldur úti prjónavélaklúbbi á Facebook sem hefur nú hátt í 500 félaga.*

Ég fékk fyrstu vélina þegar ég var 18 ára og hef átt nokkrar gegnum tíðina. Núna eru þrjár vélar uppistandandi heima og nokkrar gamlar í geymslunni,“ segir Ósk Óskarsdóttir, kjóla- og klæðskerameistari og eldheit áhugamanneskja um prjónavélar og prjónaskap. Ósk heldur úti Facebook-grúppunni Prjónavélaklúbbnum sem hefur nú hátt í fimm hundruð meðlimi.

„Ég setti hópinn á laggirnar fyrir nokkrum árum. Mér fannst vanta umræðuvettvang fyrir áhugafólk um prjónavélar,“ segir Ósk en á síðunni deilir fólk uppskriftum og ýmsum upplýsingum og þá hefur Ósk einnig haldið námskeið í vélprjóni fyrir hópinn. Hún segir vinsældir vélprjóns alltaf að aukast.

„Vélprjón datt mikið niður þegar flísefnið kom til sögunnar og þá var framleiðslu á mörgum prjónavélagerðum hætt. Eftir efnahagshrunið í heiminum hefur vélprjónið tekið sig upp aftur og fer vaxandi en það eru ekki seldar prjónavélar hér á landi. Það eru þó gamlar vélar til víða í geymslum og uppi á háaloftum,“ segir Ósk.

Sjálf auglýsti hún á sínum tíma eftir vél í Bændablaðinu og fékk góð viðbrögð. „Ég ætlaði bara að fá mér eina vél en það höfðu margir samband, og ég á erfitt með að segja nei,“ segir hún sposk.

„Elsta vélin mín er frá 1930 og einnig á ég sokkaprjónavél frá því um 1920. Þær voru algengar í kringum fyrri heimstyrjöld og hér á Íslandi var verið að prjóna sokka á slíkar vélar á mörgum heimilum. Þegar móðir mín, sem nú er áttræð, var í sveit hjá ömmusystur sinni, voru einmitt prjónaðir á hana háir ullarsokkar í svona vél. Mig langar í aðra sokkaprjónavél en hef ekki fundið fleiri ennþá.“



**PRJÓNAVÉLAKLÚBBUR** Ósk Óskarsdóttir, kjóla- og klæðskerameistari, hefur safnað að sér gömlum prjónavélum og heldur úti klúbbi á Facebook. Hún á eina forláta sokkaprjónavél frá því í kringum 1920 og dauðlangar í fleiri. MYND/GVA

En prjónarðu þá ekkert í höndunum lengur?

„Jú, eitthvað. Ég prjóna til dæmis lopapeysur að hluta í vél og klára þær svo í höndunum. En mér finnst skemmtilegra að prjóna á vélina, það er meiri áskorun. Það er öðruvísi en að prjóna í höndunum. Maður er ekkert endilega fljótari þar sem ýmis konar frágangur er á því sem kemur úr vélinni. Þetta er bara skemmtilegra.“

■ **heida@365.is**



**BÓTOX** Unglegt útlit er eftirsóknarvert og algengt að konur sem nálgast miðjan aldur vilji halda því sem lengst.

# BÓTOX Í ÁSTARGJÖF

*Valentínusardagur rennur upp bráðlega. Ný könnun sýnir að breskar konur vilja bótox frá ástinni sinni.*

Ástin á sér mörg andlit og sá sem elskar konu finnst hún jafn falleg nývöknuð að morgni eins og vel snyrt í sínu fínasta pússi.

Sú staðreynd virðist þó litlu breyta fyrir konur því samkvæmt nýrri breskri könnun óska 78 prósent kvenna sér bótoxmeðferðar í Valentínusargjöf frekar en skartgripi, blóm eða konfekt.

Könnunin fór fram á vegum Good Surgeon Guide og sýndu niðurstöðurnar að tæp 80 prósent kvenna yrðu beinlínis dolfallnar kæmi ástmaður þeirra færandi hendi með gjafakort í bótoxmeðferð. Aðeins sjö prósent þátttakenda sögðust verða hvekktar við svo óvænta gjöf en fimmtán prósent sögðust verða áhyggjufullar en þó afar ánægðar.

Á nýliðnum vikum hefur kvikmyndastjarnan Cameron Diaz talað opinskátt fyrir náttúrulegri fegurð og eðlilegri framvindu öldrunar. Hún sér eftir því að hafa fengið sér bótox sem hún segir að hafi gefið andliti hennar ókunnuglegt og furðulegt útlit. Konur á fertugsaldri ættu því frekar að horfast í augu við að þær nálgist nú miðjan aldur og einblína á heilbrigði í stað óeðlilega unglegt útlit.

Þrátt fyrir að Diaz hafi verið klappað lof í lófa virðast flestar konur umfram allt vilja líta unglegar út og því tilbúnar að fylla upp í hrukkur ef með þarf.

„Eins órómantískt og það hljómar mælum við með að karlar kanni hug kvenna áður en þeir gefa þeim fegrunaraðgerðir í Valentínusargjöf og séu vissir um að gjöfin falli þeim í geð,“ segir talsmaður Good Surgeon Guide.

# FLENSUNA BURT MEÐ DLÚX 1000

**GENGUR VEL KYNNIR** *DLúx 1000 er byltingarkennd nýjung í baráttunni gegn flensu og kvefi.*

Nú þegar myrkrið er við völd og D-vítamínbirgðir okkar sem búum hér á norðurslóðum í lágmarki er alveg nauðsynlegt að fá D-vítamín með öðrum leiðum en frá sólinni. D-vítamín er oft talið eitt nauðsynlegasta vítamín sem mannslíkaminn þarfnast. Það leikur lykilhlutverk í bein- og tannheilsu, hefur styrkjandi áhrif á ónæmiskerfið og getur því spilað stórt hlutverk í að fyrirbyggja og losa okkur við flensu, kvef og aðra fylgifiska vetrarins. Dlux 1000 er fyrsta D-vítamínið á markaðnum í munnúðaformi sem spreyjað er undir tungurót til að tryggja fljóta og örugga upptöku. Vítamínið er blandað olíu og fer því beint inn í blóðrásina í stað þess að fara í gegnum meltingarveginn þar sem það oftar en ekki tapar stórum hluta af virkni sinni.

**AF HVERJU DLUX 1000?**

- Er í munnúðaformi og tryggir hámarksupptöku og -nýtingu
- Vítamínið fer beint út í blóðrásina
- Skammtar 1000IU í hverjum úða
- Í hverju glasi eru 100 úðar eða 3ja mánaða skammtur
- Með góðu piparmyntubragði
- Fyrir alla fjölskyldumeðlimi, 6 ára og eldri
- Hentar grænmetisætum

***Fáanlegt í flestum apótekum, heilsubúðum, Fjarðarkaupum, Krónunni, Nóatúni, Vöruvali Vestmanneyjum og Kjarval. Nánari upplýsingar á: www.gengurvel.is***







**DLÚX 1000** Byltingarkennd nýjung gegn kvefi og flensu.

## HVAÐ ERU BÆTIEFNI UNDIR TUNGU OG HVERNIG NÝTAST ÞAU ÞÉR?

*Bætiefni undir tungu (sublingual supplements) eru tekin inn við tungurót. Þegar efnin komast í snertingu við slímhúðina undir tungunni seytla þau í gegnum hana. Þar sem vefurinn undir tungunni er ríkur af háræðum berast þau þaðan hratt inn í blóðrás líkamans. Efni sem fara fyrst í gegnum meltingarveginn rýrna mikið í virkni í snertingu við magasýrur, gall og ensím áður en þau komast út í blóðrásina. Þá leið þurfa öll þau lyf og fæðubótarefni sem við gleypum, og frásogast í meltingarveginum að fara. Þau fara úr meltingarveginum til lifrarinnar og tapa á þeirri ferð sinni stórum hluta virkni sinnar vegna hreinsunar- og efnaskiptavirkni lifrarinnar.*

*Inntaka undir tungu hefur þ.a.l. fjölmarga kosti fram yfir hefðbundna inntöku. Þar sem efnin komast fljótt í snertingu við blóðrásina verður virkni þeirra hraðari og rýrnun þeirra minni því aðeins munnvatnsensím komast í snertingu við þau á leið sinni inn í blóðrásina.*


Bakaðu þitt eigið
hrökkbrauð
hollt og ljúffengt
Vilko
-einfaldara
getur það
ekki verið!
Hrökkbrauð
Ótrúlega
einföld
trefjarík
þurrefnablanda
NÝTT
FRÁ VILKO
Hreint hrökkbrauð
og hrökkbrauð með
trönuberjum
SPELT
HÖRFRÆ
SÓLBLÓMAFRÆ
SESAMFRÆ
HAFRAMJÖL
GRASKERSFRÆ
TRÖNUBER
Vilko hrökkbrauð er mjög
einfalt í bakstri og bragðast vel
með allskyns ostum og áleggi
eða bara eitt og sér sem snakk.
Vilko
Hrökkbrauð
með trönuberjum
Nettóþyngd:
370g
Vilko
-einfaldara
getur það
ekki verið!

LOKA-UTSOLULOK



70% af öllum útsöluvörum

FLOTT FÖT FYRIR FLOTTAR KONUR
stærðir 38-58

Verslunin Belladonna

belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is



Undirpils !
Pils
(undirpils)
á 5.900 kr.
Einn litur
Stærð 36 - 46/48.

Opið virka daga kl. 11–18.
Opið laugardaga kl. 11–16.

Kíkið á myndir og verð á Facebook

black pepper
FASHION
Laugavegi 178 (Bolholtsmegin) | Sími 555 1516



MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Hafðu fjölpóstinn þinn inni í Fréttablaðinu.
Það er áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448
eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára



**GLÆSILEGIR** Tveir fallegir kjólar sem Vigdís klæddist við opinber tilefni. MYND/GVA



**UNDIRBÚNINGUR** Þær Systa Oddsdóttir og Doddý Hjörvarsdóttir, sem lengi aðstoðaði Vigdísi á ferðum hennar, leggja lokahönd á sýninguna sem opnuð verður á morgun.



**SKÓSAFN** Fallegir skór eru ómissandi við fagra kjóla. Vigdís á dágott safn af skóm og hluta þess má sjá á sýningunni.

# FATASKÁPUR FRÚ VIGDÍSAR FORSETA

**TÍSKA** *Sýningin „Ertu tilbúin frú forseti?" hefst í Hönnunarsafni Íslands á föstudag. Sýndur er fatnaður og fylgihlutir úr eigu Vigdísar Finnbogadóttur.*



Vigdís er fyrirmynd margra enda ruddi hún braut kvenna til nýrra metorða í vestrænum samfélögum. Okkur langaði hins vegar að reyna að varpa ljósi á það sem minna er talað er um en var stór hluti af hennar mikilvæga hlutverki. Það er að fatnaður er ekki aukaatriði í lífi kvenna, hvort sem þær eru þjóðarleiðtogar eða venjulegar konur, heldur skipti höfuðmáli í framkomu," segir Harpa Þórsdóttir, forstöðumaður Hönnunarsafns Íslands. Hún hefur í tvö ár unnið að undirbúningi sýningarinnar „Ertu tilbúin frú forseti?" þar sem sýndur er fatnaður og ýmsir fylgihlutir Vigdísar Finnbogadóttur, fyrrverandi forseta Íslands.

„Ég hef lengi haft áhuga á því að sýna meira af fatnaði í safninu hér heima en slíkar sýningar eru tiltölulega algengar í hönnunarsöfnum erlendis," upplýsir Harpa sem er í sýningarnefnd ásamt Ástríði Magnúsdóttur, dóttur Vigdísar, og Guðrúnu Hildi Rosenkjær, klæðskera- og kjólameistara. „Ástríður þekkir vitanlega vel til móður sinnar og strax í upphafi vinnunnar var auðvelt að sjá hvernig sýningin gæti orðið, þar sem við drögum fram söguna, orðið og fatnaðinn. Guðrún vann sem ung kona hjá Vigdísi við embætti forsetans og þekkir því vel til," segir Harpa.

Sýningin var einnig unnin í góðu samstarfi við Vigdísi sjálfa. „Vigdís tók hugmyndinni strax vel sem er dæmigert fyrir viðhorf hennar til lífsins," segir Harpa glaðlega. Öll fötin og fylgihlutirnir sem sjá má á sýningunni eru í einkaeigu Vigdísar sjálfrar. „Hún hefur haldið vel upp á flíkurnar," segir Harpa en á sýningunni er lögð áhersla á þær flíkur sem Vigdís klæddist við opinberar heimsóknir og sérstaklega þær sem mörkuðu upphaf ferils hennar.

Sýningin verður opnuð almenningi á safnanótt, föstudaginn 7. febrúar. Opið verður frá 19 til miðnættis en boðið upp á tvær leiðsagnir, klukkan 20 og 22. Sama dag verður gefin út bók í tilefni sýningarinnar. Sýningin stendur til 5. október.

solveig@365.is



**FJÖLBREYTTUR KLÆÐNAÐUR** Allar flíkurnar á sýningunni eru í eigu Vigdísar sem hefur haldið upp á flest föt sem hún hefur klæðst í gegnum tíðina. Sérstaklega þau sem hún hefur verið í við opinberar athafnir.



**VESKI Í STÍL** Sýningar á borð við þessar eru tiltölulega algengar í hönnunarsöfnum erlendis.



**HATTAR** Nokkrir af höttum Vigdísar.


BORGES®
Mediterranean Oils
Borges hafa verið meistarar í framleiðslu á olíu frá 1896. Kynna með stolti 4 Olier, úrvalsblöndu af olíum sem gerir ykkur kleift að njóta náttúrulegs bragðs matarins með hollri steikingu.
UPPSPRETTA
OMEGA3
Stuðlar að heilbrigðu hjarta- og æðakerfi.
INNIHELDUR
OMEGA6
Stuðlar að minna magni LDL, slæma kólesterólsins
NÁTTÚRULEGA RÍK AF
VÍTAMÍNIE
Stuðlar að því að verja frumurnar
BÆTT MEÐ
VÍTAMÍNID
Stuðlar að heilbrigðri virkni ónæmiskerfisins.
Ómissandi þáttur
í ELDUN og STEIKINGU.
Borges hugsar um þig!
ANBEFALET BRUG
MADLAVNING
FRITURE
STEGNING
BORGES
Mediterranean Oils
BORGES
Mediterranean Oils
HØJT INDHOLD AF
OMEGA 3
& VITAMIN
E&D
4Olier

## BÍLAR & FARARTÆKI

BÍLAHÖLLIN
S: 567-4949



Mercedes Benz B 200 Cdi Blue Efficiency 3/2012 ek.4þús. Sjálfskiptur. Fjarlægðarskynjarar. Leður. Ásett verð 5.490.000.- Rnr.104277 - Engin skipti.



Toyota Land Cruiser 120 VX 5/2005 ek.175þús. Sjálfskiptur. Leður. 8 manna. Topplúga. Dráttarbeisli. Ný vél í 138þús. Ásett verð 4.190.000.- Rnr 104144



Toyota Land Cruiser 90 Gx 35" Diesel 6/1999 ek.185þús. Sjálfskiptur. Ný ryðvarinn. Ásett verð 1.690.000.- Rnr.286430



Suzuki Ignis GL 4WD 1/2005 ek.75þús. Sjálfskiptur. Ásett verð 990.000.- Rnr.310706

www.bilarydvorn.is
S. 587 1390

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**www.bilahollin.is**

TOYOTA
Notaðir bílar Kletthálsi
Sími: 570 5220
www.toyotakletthalsi.is



TOYOTA Aygo terra. Árgerð 2012, ekinn 48 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.590.000. Tilboð 1.390.000 Rnr.181530. Toyota Kletthálsi 570-5220

**Notaðir bílar Kletthálsi**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 570 5220**
**Opið virka daga 9-18, lau 12-16.**
**www.toyotakletthalsi.is**

Stofnað 1974
Bílamarkaðurinn



AUDI Q7 quattro s line. Árgerð 2012, ekinn 33 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 11.490.000. Rnr.223070.



KIA Sorento luxury. Árgerð 2013, ekinn 23 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 7.380.000. Rnr.105658

**Bílamarkaðurinn**
**Smiðjuvegi 46E, Kópavogi**
**Sími: 567 1800**

Bílalíf



M.BENZ C 200 kompressor. Árgerð 2007, ekinn 112 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.990.000. Rnr.104181. s. 562-1717



JEEP Grand Cherokee Limited Hemi. Árgerð 2005, ekinn 103 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.980.000. Rnr.390071. s. 562-1717

**Bílalíf**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið virka daga 10-18**
**www.bilalif.is**

bíll.is
bestir í bílum...



**DÍSEL SJÁLSKIPTUR**
SKODA Octavia ambiente combi. Árgerð 2007, ekinn 146 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur besta verðið 1.880.000. Rnr.136890.



**4X4 OG VISALÁN Í BOÐI**
VW Passat 4motion. Árgerð 2004, ekinn 134 Þ.KM, bensín, 5 gírar besta Verð 880.000. Rnr.145728.

**Bíll.is**
**Sími: 577 3777**
**www.bill.is**

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



KIA Ceed w/g lx 1.6 disel beinsk.. Árgerð 2012, ekinn 42 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 2.850.000. Rnr.210165. 5 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.



KIA Sportage ex 4wd. Árgerð 2013, ekinn 39 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.490.000. Rnr.160915. 6 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.



BMW 320 s/d e90 sjálfsk.. Árgerð 2005, ekinn 150 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.990.000. Rnr.990682.



CHEVROLET Captiva 7 sæta með leðri. Árgerð 2010, ekinn 58 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.290.000. Rnr.990720.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

BÍLA KAUP
S:577.1111
bilakaup.com



TOYOTA AVENSIS 2012 ÁRGERÐ EKIN 26Þ KM BEINSKIPTUR BENSÍN VERÐ 3960þ RAÐNÚMER 104541 Sportlegur og fallegur fjölskyldu bíll fullur af aukabúnaði.



Vw Golf Trendline Ekinn 210þ km 09/2007 Beinskiptur Bensín RAÐNÚMER 330045 Góð kaup , Besta verðið.

Vegna mikilla sölu undanfarið vantar okkur allar gerðir af bílum til sölu og á staðinn.
Alltaf heitt á könnunni og frítt er að skrá ökutækið.

**Bílakaup**
**Funahöfða 13, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 1111**
**http://www.bilakaup.com**

Bíla & FerðavagnaMarkaður



Chevrolet Lazetti, 1,8 ssk, 2010 ek. 41 þús km. áhv. 1,190 þús. Ný heilsársdekk Athuga skipti á jeppling eða 4x4 station.. Flottur og vel með farinn bíll.. V: 1.790 þús raðn.121746.

**Ferðavagnamarkaður**
**Höfðabakka 9, 110 Reykjavík**
**Sími: 445 3367**
**Sérhæfum okkur í ferðavögnum.**
**www.ferdavagnamarkadur.is**

BILO.IS
HÖFÐAHÖLLIN



LAND ROVER RANGE ROVER HSE Árgerð 2006, ekinn aðeins 70 Þ.km, bensín, sjálfskiptur, 20" felgur ofl. Flott eintak! Verð 4.190.000. Raðnr.251709 - Er í salnum stífbónaður!

**Höfðahöllin**
**Funahöfða 1, 110 Rvk.**
**Sími: 567 4840**
**www.bilo.is**

LITLA bílasalan
www.litla.is 587 7777



SUZUKI Swift gl sjálfsk. Árgerð 2010, ekinn 48 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.790.000. Rnr.112701.



MMC Pajero did. Árgerð 2006, ekinn 133 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.290.000. Rnr.111158.



NISSAN Pathfinder. Árgerð 2007, ekinn 128 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. tilboðsverð 3.190.000. Rnr.111906.

**Litla bílasalan**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 587 7777**
**www.litla.is**

## Bílar til sölu



Nissan Patrol nýskr 07.02.2005. Ek. 163 þús km 3 lítra vél. Beinskiptur, 33" dekk á 17" felgum. Verð 2.300 þús kr. S:6964436



**7 MANNA BÍLL!**
Mazda 5,árg.'07,ekinn 85.000 km, skoðaður og í góðu standi. Verð 1.750.000. Upplýsingar í síma 660-8212 eða beggagumm@gmail.com.



Wv póló árg 01 vél 1,4 beinskiftur ek 130 þús á vél nýleg heilsársdekk verð 355 þús gsm 8682352



Toyota Yaris árg ,06 ek 132 þús fimm dyra topp bíll. Verð 970 þús gsm 8682352

Honda Civic árg. ,98. Verð 250 þ. SI LS. Verð 250þ. uppl. í síma 841-9587

## 250-499 þús.



**SJÁLFSKIPTUR GOLF - 320 ÞÚS!**
VW GOLF COMFORTLINE 1,6 árg' 98 ek aðeins 162 þús, sjálfskiptur, 5 dyra, með skoðun og í góðu standi ásett verð 450 þús TILBOÐ 320 ÞÚS möguleiki á allt að 100 visa/euro S.841 8955.

## 500-999 þús.



**FRÁBÆR RÚMGÓÐUR JEPPLINGUR**
Nissan X-trail 4x4 árg ,02 Ssk, ek. 187þ. Allur ný yfirfarin tímakeðja ofl. Næsta sko ,15! Verð 790þ TILBOÐ 590stgr Get útvegað visa/euro lán til 3ára S. 776-0484



**2005 SPARIBAUKUR -TILBOÐ 590 ÞÚS!**
OPEL CORSA 1,2 COMFORTLINE árgerð 2005 ek174 þús, 5 dyra beinskiptur, ný vetrardekk, ný tímakeðja og ný skoðaður, eyðir um 5ltr/100 ásett verð 800 þús TILBOÐ 590 ÞÚS möguleiki á 100% visaraðgreiðslum í allt að 36 mánuði s.841 8955

## Bílar óskast

**KAUPI BÍLA FYRIR ALLT AÐ 500 ÞÚS.STGR!!**
Óska eftir að kaupa bíla fyrir allt að 500þús. staðgreitt. Er með pappíra og pening til að ganga frá því samdægurs ef að samningar nást. Bíllinn má þarfnast lagfæringar og/eða skoðunar. skoða allar tegundir. Hringdu í síma: 659-9696 eða sendu email á 6599696@gmail.com

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

## Sendibílar

568 5000
NS
NÝJA - SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Bátar



Smíðum álhurðir í báta stóra sem smáa. Skoðaðu heimasíðuna okkar alngluggar.is Hafðu samband og fáðu tilboð. S. 557 5757.

## Varahlutir

**EIGUM VARAHLUTI Í ÞESSA. KAUPUM BÍLA Í NIÐURRIF.**
Nissan, Ford, Skoda, Subaru, Toyota, Mitsubishi. Hyundai Accent-Trajet, Dodge Caravan, Peugeot. Kia Sportage-Volvo S70, Mazda 323, Opel Astra. Bílar&Partar 421-7979 bilarogpartar.is

## Viðgerðir

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, mmc carisma, kangoo. Renni diska og skálar. Óska eftir Toyotu Yaris til viðgerðar eða niðurrifs. S. 892 7852.

## ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315.

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**MÁLNINGARÞJÓNUSTA**
Vönduð vinnubrögð og snyrtimennska í fyrirrúmi. Ágúst S:695-4464 malningartjonusta@gmail.com

**MÁLARAMEISTARI**
Við tökum að okkur alla almenna málningarvinnu f. húsfélög, einstaklinga og fyrirtæki. Fagmennska og sanngjarnt verð. Uppl. í s. 868 5171 & egillsverris@gmail.com

**MÁLNINGARÞJÓNUSTA REYKJAVÍKUR**
25% vetrarafsláttur af öllum mælingum. Frítt verðtilboð. S. 778 0100.

## Búslóðaflutningar

**SENDIBILL.IS**
Búslóðaflutningar, píanóflutningar, gerum tilboð í búslóðaflutninga út á land. Almenn sendibílaþjónusta. S. 772 3222

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## tilkynningar

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

# Auglýsing um skipulag – Hafnarfjarðarbær

**Tillögur að breyttu deiliskipulagi „Reykjanesbraut frá Áslandi að Hellnahrauni" í Hafnarfirði.**

Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 28.01. 2014 að auglýsa tillögu að deiliskipulagsbreytingu Reykjanesbrautar frá Áslandi að Hellnahrauni í Hafnarfirði ásamt umhverfisskýrslu í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin felst í að tvöföldun brautarinnar er nú leyst í þröngu vegsniði með 5 metra miðdeili í stað 11 metra vestan Strandgötu. Reykjanesbrautin verði lækkuð í hæð miðað við núverandi hæðalegu. Á mótum Reykjanesbrautar og Krýsuvíkurvegar breytast hringtorg í dropalaga lausn, minni að umfangi og sem hefur minni áhrif á nánasta umhverfið en áður var. Í stað gabbíon hljóðmana verði hljóðmanir byggðar upp af jarðvegshólfum sem síðar verður gróðursett í. Mótvægisaðgerðir gegn umferðarhávaða felast í hefðbundnum jarðvegsmönum, jarðvegshólfum og hljóðveggjum. Áætlað að framkvæmdin taki 2-3 ár en tímasetningin liggur ekki fyrir.

Deiliskipulagið verður til sýnis hjá skipulags- og byggingarsviði á Norðurhellu 2, og bæjarskrifstofum að Strandgötu 6 frá 6. febrúar til 20. mars 2014. Hægt er að skoða deiliskipulagstillögurnar á forsíðu vefs Hafnarfjarðarbæjar **www.hafnarfjordur.is**
Nánari upplýsingar eru veittar á skipulags- og byggingarsviði.

Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarbæjar, eigi síðar en 20. mars 2014. Þeir sem eigi gera athugasemdir við breytinguna innan tilskilins frests, teljast samþykkir henni.

*Skipulags- og byggingarsvið Hafnarfjarðar*

## uppboð

# Sýslumaðurinn á Húsavík

# - UPPBOÐ -

**Framhald uppboðs á eftirfarandi eignum verður háð á þeim sjálfum, sem hér segir:**
**Einnig birt á www.naudungarsolur.is.**

**Garðarsbraut 73, fnr. 215-2689, 640 Húsavík, Norðurþingi,** þingl. eig. Elke Maria Foelsche Polo, gerðarbeiðandi Fjarskipti hf, þriðjudaginn 11. febrúar 2014 kl. 13:00.

**Brúnagerði 3, fnr. 230-1766, 640 Húsavík, Norðurþingi,** þingl. eig. Héðinn Helgason, gerðarbeiðendur Íslandsbanki hf, Norðurþing og Sjóvá-Almennar tryggingar hf, þriðjudaginn 11. febrúar 2014 kl. 13:45.

**Röndin 13, fnr. 222-7271, 670 Kópaskeri, Norðurþingi,** þingl. eig. Rústir ehf, gerðarbeiðendur Norðurþing, Sýslumaðurinn á Húsavík og Vátryggingafélag Íslands hf, miðvikudaginn 12. febrúar 2014 kl. 11:30.

**Aðalbraut 24, fnr. 216-7217, 675 Raufarhöfn, Norðurþingi,** þingl. eig. Maritza Esther P Ospino, gerðarbeiðendur Íbúðalánasjóður, Norðurþing og Vörður tryggingar hf, miðvikudaginn 12. febrúar 2014 kl. 13:00.

**Langanesvegur 31, fnr. 216-7891, 680 Þórshöfn, Langanesbyggð,** þingl. eig. Sigurður Bjarki Magnússon, gerðarbeiðendur Íbúðalánasjóður og Vátryggingafélag Íslands hf, miðvikudaginn 12. febrúar 2014 kl. 14:30.

**Bakkavegur 9, fnr. 216-7726, 680 Þórshöfn, Langanesbyggð ,** þingl. eig. Grétar Jósteinn Hermundsson, gerðarbeiðandi Sýslumaðurinn á Húsavík, miðvikudaginn 12. febrúar 2014 kl. 15:00.

**Skútustaðaskóli 153625, fnr. 216-3343, 660 Mývatni,** þingl. eig. Hótel Mývatn ehf, gerðarbeiðendur Byggðastofnun og Stafir lífeyrissjóður, fimmtudaginn 13. febrúar 2014 kl. 13:30.

*Sýslumaðurinn á Húsavík*
*5. febrúar 2014*

## Húsnæði í boði

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

Konu vantar tveggja herbergja íbúð m/GEYMSLU, langtímaleiga. S. 551 4421 & 663 4421.

## Atvinnuhúsnæði

**TIL LEIGU VERSLUNAR EÐA ÞJÓNUSTHÚSNÆÐI MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**
Nýbýlavegi 8 (gamla Toyota húsinu) Til leigu 60 - 700 fm verslunar eða þjónustuhúsnæði hentar vel fyrir verslanir, veitingastarfsemi, hárgreiðslustofur og fleira, einnig 150- 1.500 fm húsnæði með allt að 4 metra lofthæð sem hentar undir léttan iðnað, lagerrými, heildsölur, verslanir o.fl greið aðkoma að húsnæðinu, frábært auglýsingagildi, matvöruverslanir, veitinga og kaffihús í göngufæri.
**Allar nánari uppl. veitir Sverrir í s. 661-7000**

## Geymsluhúsnæði

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

## Gisting



**ENDURNÆRING Í STYKKISHÓLMI**
Helgargisting með heitum pottum. Sund, gönguferðir og siglingar. Veitingastaðir á heimsmælikvarða. Upplýsingar í síma 861 3123 eða á www.orlofsibudir.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**BIFREIÐASTJÓRI ÓSKAST Í AFLEYSINGAR !**
Ferðaþjónusta fatlaðra í Kópavogi óskar eftir að ráða bifreiðastjóra í afleysingar, gæti hentað sem aukavinna f. leigubílstjóra eða vaktavinnumenn. Uppl. í s. 860 0761 á milli kl. 12-16

Jói Fel

**HJÁ JÓA FEL KRINGLAN**
Óskum eftir fólki í fullt starf til afgreiðslustarfa í bakarí okkar í Kringlunni. Vinnutími frá kl. 12-19 Íslenskukunnátta skilyrði.
**Upplýsingar gefur Harpa í s. 663 8998 eða á linda@joifel.is**

**SKURÐSTOFUHJÚKRUNARFRÆÐINGUR ÓSKAST**
Læknastöðin í Orkuhúsinu óskar eftir skurðstofuhjúkrunarfræðingi. Starfhlutfall samkomulag. Þarf að geta hafið störf sem fyrst. Hæfniskröfur: Umsækjandi þarf að hafa menntun sem skurðstofuhjúkrunarfræðingur.
**Upplýsingar veitir Kristín Úlfljótsdóttir yfirhjúkrunarfræðingur á skurðstofu, kristin@orkuhusid.is**

**LEBOWSKI BAR VANTAR STARFSFÓLK**
HRESST STARFSFÓLK VANTAR Á LEBOWSKI BAR UM KVÖLD OG HELGAR, MÖGULEIKI Á FULLU STARFI Í SUMAR. SENDIÐ UMSÓKN ÁSAMT MYND Á INFO@LEBOWSKIBAR.IS FYRIR 10 FEBRÚAR.

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

**SKIPASALA**
NESEIGNIR - SKIPASALA Vegna eftirspurna vantar allar gerðir skipa og báta á söluskrá. Erum með kaupendur að aflaheimildum í báðum kerfum meiga vera skuldsett. Neseignir/ Skipasala Sími 8970150/johannes@neseignir.is

Föstudaginn 7. febrúar kl.14 verður opnuð málverkasýning í Félagsmiðstöðinni Hæðargarði 31. Sýningin er samsýning nemenda Selmu Jónsdóttur sem um um árabil sá um myndlistarkennslu Í Hæðargarði og er sýningin til minningar um Selmu.

## Einkamál

**Rauða Torgið**
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Heitar kynl.sögur
905-2002 • 535-9930
Símadömur • live spjall
908-6000 • 535-9999

## fasteignir

**108 Reykjavík**

# Lágmúli 4 – jarðhæð



## Frábær staðsetning miðsvæðis



Allar nánari upplýsingar veitir
**Svan G. Guðlaugsson**
sölufulltrúi
**sími:** 697-9300
svan@miklaborg.is



**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

Erum með tvö leigurými laus í þessu þekkta húsi við Lágmúla

Hvort rými er um 100 fm auk sameignar

Getur nýst sem skrifstofur eða fundarsalur

Í öðru rýminu er góð eldhúsaðstaða sem gæti hentað til framleiðslu

Getur leigst saman – hagstætt leiguverð

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

Stakfell :: 535_1000

**Grétar Haraldsson**
Hrl. Lögg.fast.fyrirt.og skipasali
**Aðalheiður Karlsdóttir**
Lögg.fast.fyrirt.og skipasali
**Berta Bernburg**
Lögg. fasteignasali og leigumiðlari

**Fasteignasala . Íbúðarhúsnæði . Skúlatún 2 . 105 Rvk**

# Skólastræti 5 – Efri hæð

**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL 17:00 – 17:30**




Falleg og nýuppgerð 151,7 fm. efri hæð og ris í einu elsta og glæsilegasta íbúðarhúsi Reykjavíkur, sem staðsett er við Bernhöftstorfuna. Íbúðin er skráð 7 herbergja og hefur mjög rúmgott, flísalagt eldhús, 2 fallegar stofur, góð svefnherbergi og tvö baðherbergi. Ótrúlegt útsýni og einstök staðsetning. Sjón er sögu ríkari. Eignaskipti möguleg.
**Óskað er eftir tilboðum í eignina.**
**Berta, lögg. fasteignasali verður á staðnum. Sími: 694-6369**

## tilkynningar

Sveitarfélagið ÁRBORG

## Auglýsing

# Um tillögu að deiliskipulagi fyrir hreinsistöð fráveitu við Sandvík í Sveitarfélaginu Árborg

Samkvæmt 1.mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 auglýsir bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar tillögu að deiliskipulagi fyrir hreinsistöð fráveitu við Sandvík.

Stofnuð verður ný lóð úr landi Eyði-Merkur undir hreinsistöðina, Eyði-Mörk lóð 1. Á sömu lóð verður gert ráð fyrir aðstöðu fyrir þjónustuaðila í tengslum við fráveituúrgang og vinnslu. Í vestur frá hreinsistöðinni verður lögð útrásarlögn sem liggja mun norður Geitanes og þar út í Ölfusá. Fyrirliggjandi er fráveitustofnlögn sem liggur frá Selfossbyggð norðan aðkomuvegar að skipulagssvæðinu. Núverandi útrásarlögn liggur í norður frá stofnlögninni, um landfyllingu norður af skipulagssvæðinu og út í Ölfusá. Sú lögn verður yfirfalslögn þegar hin nýja útrásarlögn um Geitanes hefur verið lögð.

Aðkoma að svæðinu er frá Eyrarbakkavegi nr. 34 um Hagalæk. Aðkoma að aðstöðu fyrir þjónustuaðila aðgreinist frá aðkomuvegi áður en komið er að hreinsistöð. Við hreinsistöðina og aðstöðu þjónustuaðilana verða lögð plön sem nýtt verða sem athafnasvæði vegna starfseminnar.

Teikning ásamt greinagerð og skilmálum, vegna tillögunnar munu liggja frammi á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi frá og með fimmtudeginum 6.febrúar 2014 til og með fimmtudeginum 20.mars 2014.

Öllum er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til að skila athugasemdum rennur út 20.mars 2014, og skal þeim skilað skriflega til skipulags – og byggingarfulltrúa á skrifstofu hans að Austurvegi 67, 800 Selfossi.

Á sama tíma er teikning, greinagerð og skilmálar til kynningar á heimasíðu Árborgar **http://www.arborg.is** þar sem hægt er að skoða tillöguna og senda athugasemdir til skipulags- og byggingarfulltrúa í netfangið **bardur@arborg.is.**

*Bárður Guðmundsson*
*skipulags- og byggingafulltrúi*

Eirberg





swöpper
for the benefit of your back

Einstakur vinnustóll sem hvetur til góðrar setstöðu og gefur þér möguleika að vera á hreyfingu og breyta um stellingar meðan þú situr. Stóllinn fylgir hreyfingum líkamans og styrkir kvið og bakvöðva. Við hreyfinguna eykst blóðflæði til brjóskþófa, liðbanda og vöðva í hrygg. Hentar fólki með bakvandamál.

Fjölbreytt litaúrval.

**119.750 kr.**

# Vertu á hreyfingu meðan þú situr

muv•man
Active Sit-Stand

Tyllistóll sem hentar bæði við há og lág borð. Fylgir hreyfingum líkamans. Einfalt að stilla og færa úr stað. 4° sethalli sem gefur góða stöðu á bak og mjaðmir.

Hæðarstillanlegur frá 60-93 cm.

Fjölbreytt litaúrval.

Einnig fáanlegur með svörtum fæti.

**79.750 kr.**





Opið virka daga kl. 9 - 18 • og á laugardögum kl. 11 - 15 • Eirberg ehf. Stórhöfða 25 • eirberg@eirberg.is • Sími 569 3100 • eirberg.is



2 | KL. 20:05
**Heilsugengið**
Vandaður og fróðlegur þáttur í umsjón Völu Matt sem fjallar um mataræði og lífsstíl með fjölbreyttum hætti.

# Fjölbreytt fimmtudagskvöld

2 | KL. 20:30
**Masterchef USA**
Stórskemmtilegir matreiðsluþættir með Gordon Ramsay í forgrunni.



2 | KL. 21:10
**Person Of Interest**
Hörkuspennandi þáttaröð sem kemur úr smiðju J.J. Abrams.



BÍÓ STÖÐIN | KL. 22:00
**Special Forces**
Spennumynd með Diane Kruger og Djimon Hounsou í aðalhlutverkum.



3 | KL. 20:00
**American Idol**
Einn vinsælasti þáttur í heimi og dómarar að þessu sinni eru þau Keith Urban, Jennifer Lopez og Harry Connick Jr.




3 | KL. 21:20
**Shameless**
Bráðskemmtilegir gamanþættir með William H. Macy í aðalhlutverki.



Krakkastöðin | KL. 07:00-20:00
**Barnaefni alla daga**
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



Fáðu þér áskrift! 365.IS


## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | | | 6 | 3 | | | 7 | 4 |
| | | | 5 | | 9 | 1 | | 3 |
| 9 | | | 2 | 7 | | | 6 | 5 |
| 6 | | | 7 | 1 | | | 4 | |
| | 4 | | | | | 3 | 1 | |
| | 3 | 2 | | | 8 | | | 7 |
| | 9 | | 3 | | | | | |
| | | 1 | | 9 | 6 | | | |
| 4 | 8 | 6 | | | 2 | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 4 | 3 | | 1 | | | | 9 |
| | 7 | 2 | | | 3 | | 1 | 4 |
| | 9 | | | 6 | 7 | | | |
| | | 5 | 3 | | | | | 1 |
| 4 | | | | | 2 | | 6 | 3 |
| | | | | | | | 2 | |
| | | 6 | | 2 | 4 | | | 5 |
| 1 | | | 8 | | 9 | | 4 | |
| | | | 1 | 5 | 6 | 9 | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 8 | | | | 4 | | 1 |
| 4 | | 9 | | | 6 | | | |
| 2 | 3 | | | | 1 | 8 | | |
| | | 5 | | | 7 | | | |
| 6 | 9 | | 2 | | | | | |
| | | | | 9 | | 2 | | 6 |
| | 4 | 2 | 6 | | | | 8 | |
| | | 3 | | 4 | | 9 | | |
| 1 | | | | | | | 3 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 5 | 8 | 4 | 7 | 1 | 2 | 9 | 6 |
| 4 | 2 | 6 | 5 | 3 | 9 | 7 | 1 | 8 |
| 7 | 9 | 1 | 8 | 2 | 6 | 5 | 3 | 4 |
| 5 | 8 | 2 | 7 | 9 | 4 | 1 | 6 | 3 |
| 9 | 3 | 4 | 1 | 6 | 2 | 8 | 5 | 7 |
| 1 | 6 | 7 | 3 | 5 | 8 | 4 | 2 | 9 |
| 8 | 7 | 9 | 6 | 1 | 5 | 3 | 4 | 2 |
| 2 | 4 | 5 | 9 | 8 | 3 | 6 | 7 | 1 |
| 6 | 1 | 3 | 2 | 4 | 7 | 9 | 8 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 1 | 7 | 4 | 2 | 8 | 5 | 6 | 9 |
| 8 | 5 | 4 | 9 | 6 | 3 | 1 | 2 | 7 |
| 9 | 6 | 2 | 5 | 7 | 1 | 3 | 4 | 8 |
| 2 | 7 | 8 | 1 | 9 | 5 | 4 | 3 | 6 |
| 5 | 4 | 9 | 3 | 8 | 6 | 7 | 1 | 2 |
| 1 | 3 | 6 | 7 | 4 | 2 | 8 | 9 | 5 |
| 4 | 2 | 5 | 6 | 3 | 7 | 9 | 8 | 1 |
| 6 | 9 | 1 | 8 | 5 | 4 | 2 | 7 | 3 |
| 7 | 8 | 3 | 2 | 1 | 9 | 6 | 5 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 8 | 1 | 2 | 7 | 5 | 6 | 3 | 9 |
| 5 | 7 | 6 | 9 | 8 | 3 | 4 | 1 | 2 |
| 9 | 2 | 3 | 1 | 4 | 6 | 7 | 8 | 5 |
| 6 | 4 | 7 | 3 | 2 | 9 | 8 | 5 | 1 |
| 8 | 1 | 2 | 4 | 5 | 7 | 9 | 6 | 3 |
| 3 | 9 | 5 | 6 | 1 | 8 | 2 | 7 | 4 |
| 7 | 3 | 4 | 8 | 9 | 1 | 5 | 2 | 6 |
| 1 | 5 | 9 | 7 | 6 | 2 | 3 | 4 | 8 |
| 2 | 6 | 8 | 5 | 3 | 4 | 1 | 9 | 7 |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** — Eftir Frode Øverli




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** — Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

„Ekki hræðast fullkomnun–þú nærð henni aldrei."

*Salvador Dali*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
**2.** eyja í Asíu, **6.** í röð, **8.** húðsepi milli táa, **9.** farfa, **11.** tveir eins, **12.** fáni, **14.** einkennis, **16.** rás, **17.** flíkur, **18.** kvabb, **20.** fyrir hönd, **21.** ögn.

**LÓÐRÉTT**
**1.** helminguð, **3.** frá, **4.** hrörnun, **5.** sigað, **7.** geðtruflaður, **10.** skítur, **13.** gifti, **15.** sálda, **16.** espa, **19.** tveir eins.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** Java, **6.** áb, **8.** fit, **9.** lit, **11.** tt, **12.** flagg, **14.** aðals, **16.** æð, **17.** föt, **18.** suð, **20.** pr, **21.** arða.
**LÓÐRÉTT: 1.** hálf, **3.** af, **4.** vitglöp, **5.** att, **7.** bilaður, **10.** tað, **13.** gaf, **15.** strá, **16.** æsa, **19.** ðð.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Vignir Vatnar Stefánsson (1.800) vann mjög góðan sigur á Júlíusi Friðjónssyni (2.175) í lokaumferð Skákþings Reykjavíkur.**

**Hvítur á leik:**



36. Hg4! Þessi hógværi leikur vinnur strax vegna slakrar stöðu svarta hróksins á a8. Ef 36. … He8 þá 37. Hh8 Kf7 38. Hf4+ og hrókurinn fellur. Svartur gafst því upp. Vignir átti gott mót–hlaut 6 vinninga í 9 skákum. **www.skak.is** Fimmta umferð Nóa Síríus-mótsins í kvöld.


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Sláturfélag Suðurlands Frosið lambakjöt slátrun 2013
SS SLÁTRUN 2013
1159 krónur kg.
Frosið lambalæri 1159 kr.kg
SS SLÁTRUN 2013
1698 krónur kg.
Frosinn lambahryggur 1698 kr.kg
ENERGY DRINK SUGAR FREE 250 ml
ENERGY DRINK 250 ml
67 kr. 250ml
SLÁTRUN 2013
759 krónur kg.
KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA
Frosinn heill lambabógur
SLÁTRUN 2013
759 krónur kg.
KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA
Frosið Lambasúpukjöt 1 fl.
ÍSLANDS NAUT
3598 krónur kg.
Íslandsnaut Ungnauta-ribey ferskt
STONE OVEN PIZZA MARGHERITA
STONE OVEN PIZZA SALAMI
229 krónur 300g.
298 krónur 350g.
Frosin Euroshopper Pizza Margaríta og Salami/pepperoni
BÓNUS
Grísabógur
598 krónur kg.
BÓNUS Ferskur grísabógur
BÓNUS
Grísakótilettur
1098 krónur kg.
Bónus Grísakótilettur m.beini
Ali ferskar
ÍSLENSKAR GRÍSALUNDIR
Ali
1598 krónur kg.
CHICKEN TERIYAKI
THAI CHICKEN RED CURRY
THAI CHICKEN PANANG
THAI CHICKEN PEANUT
398 krónur 350g.
THAI tilbúnir
FROSNIR ASÍURÉTTIR
ÞARF AÐEINS AÐ HITA
VINSÆLUSTU KJÚKLINGABRINGURNAR Í VERSLUNUM BÓNUS
KYCKLINGFILÉ
1548 krónur 900g.
ÍSLANDS NAUT
2598 krónur kg.
Íslandsnaut Ungnauta-piparsteik
( úr innralæri)
KJARNAFÆÐI
ÍSLENSKT HEIÐALAMB
1398 kr. kg.
Kjarnafæði ferskt kryddað heiða-lambalæri
Mjúkís
759 kr. 2 ltr.
Kjörís Mjúkís 2 ltr.
Pólskar PYLSUR
KJARNAFÆÐI
298 kr 360g.
87% KJÖT-INNIHALD
Kjarnafæði Pólskar pylsur
AFGREIÐSLUTÍMI FIMMTUDAGUR 11:00-18:30
BÓNUS EKKERT BRUÐL
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI FIMMTUDAGUR 11:00-18:30



**ÁSGRÍMUR** Húsafell Ásgríms nefnist sýning í Ásgrímssafni á Bergstaðastræti 74.

# Fríar ferðir milli safna

## Úr hundrað og sextíu viðburðum er að velja á safnanótt annað kvöld milli klukkan sjö og miðnættis.

Ljósmyndir og ljóðaslamm, skjalasýning og skuggalegur ratleikur eru meðal þeirra 160 viðburða sem á dagskrá eru á Safnanótt annað kvöld milli klukkan 19 og miðnættis í öllum sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu. Bryndís Pjetursdóttir, markaðsstjóri Höfuðborgarstofu, segir mikinn metnað hjá söfnunum að setja saman fjölbreytta og skemmtilega dagskrá. „Þetta eru 160 viðburðir í allt þannig að af nógu er að taka,“ segir hún.

Erfitt er fyrir Bryndísi að velja einstaka viðburði, þó nefnir hún að Tónlistarsafn Íslands í Kópavogi verði með sýninguna Dans á eftir sem fjallar um danshefð Íslendinga fram undir miðja síðustu öld. „Þar skapa Reynir Sigurðsson og félagar stríðsárastemningu,“ lofar hún. „Mörg söfn eru með dagskrá bæði fyrir fullorðna og börn, þar á meðal Þjóðminjasafnið, til dæmis verða þar lesnar álfasögur í Silfurhelli.“



**BRYNDÍS PJETURSDÓTTIR**



**VÍSINDA VILLI**

Vísinda-Villi verður með fróðleik og léttar tilraunir í Bókasafni Seltjarnarness, kvöldvaka verður á baðstofuloftinu í Árbæ, í Norræna húsinu meðhöndlar Ásdís Sif Gunnarsdóttir myndbandsmiðilinn eins og tónlist og breytir húsinu í eitt allsherjar listaverk. Á Gljúfrasteini leikur mosfellska hljómsveitin Kaleo og á Bókasafni Hafnarfjarðar verða dægurlög í sparibúningi. Þess má geta að í safninu er líka köngulóarkompa og þar eru einungis notuð vasaljós til að rata um.

Söngfjelagið Góðir er með opna æfingu á íslenskum lögum í Listasafni Íslands við Fríkirkjuveg sem gestum býðst að taka þátt í og Kór Sjómannaskólans syngur vel valin lög á Sjóminjasafninu Víkinni.

Bryndís tekur fram að Safnanæturstrætó gangi frítt milli safna þannig að fólk geti lagt bílunum og bendir líka á að dagskrá Safnanætur sé öll á vefnum vetrarhatid.is.

gun@frettabladid.is



RYOJI IKEDA

NORDICPHOTOS/GETTY

# Skemmtidagskrá í Guantanamo

TÓNLIST ★★☆☆☆

**Verk eftir Ryoji Ikeda**

Hátíð helgaðri sjónrænni tónlist

SILFURBERGI Í HÖRPU
LAUGARDAGINN 1. FEBRÚAR

Sjónræn tónlist er eitthvað sem verður æ meira áberandi. Sumir tónleikanna á síðustu Airwaves-hátíðinni voru t.d. skreyttir myndefni. Á Bíófilíu-tónleikum Bjarkar Guðmundsdóttur voru stórir skjáir með gríðarlega flottum myndskeiðum undir nánast hverju lagi. Og eitt aðalatriðið á Myrkum músíkdögum í fyrra var þegar Megumi Masaki flutti tónverk byggt á kvikmyndum Alfreds Hitchcocks. Þannig mætti lengi telja.

Þetta er ekkert skrýtið í ljósi þess að skjáir eru allt í kringum okkur, frá snjallsímum upp í flatskjái, í matvöruverslunum, flugvélum og heima í stofu. Flest af því sem þar sést inniheldur tónlist. Fólk er því farið að gera kröfu um að upplifa tónlist á tónleikum í sýnilegri mynd. Og ef það er ekki hægt, eins og t.d. á Sinfóníutónleikum, þá alltént að geta lesið eitthvað fróðlegt um tónlistina í tónleikaskrám. Ég hugsa að það sé orðið býsna sjaldgæft að maður loki bara augunum og hlusti.

Um helgina var haldin hátíð sem var helguð sjónrænni tónlist, að þessu sinni samspili tónlistar og afstrakt myndlistar. Þetta tengdist spænskri hátíð sem nefnist Punto y Raya. Á hennar vegum var m.a. haldin alþjóðleg samkeppni stuttmynda, og mátti sjá allt það besta úr keppninni á hátíðinni hér.

Því miður missti ég af opnunartónleikunum á fimmtudagskvöldið, með nýjum verkum eftir Huga Guðmundsson og Önnu Þorvaldsdóttur. Ég fór hins vegar á lokatónleikana, sem voru í Silfurbergi í Hörpu á laugardagskvöldið. Þar tróð upp hinn japanski Ryoji Ikeda.

Sýnilegi þátturinn var mjög flottur. Hann byrjaði sem eins konar skjáhvíla í tvívídd. Svo magnaðist hann og varð að flókinni þrívídd sem var hrein veisla fyrir augað.

Tónlistin var ekki eins áhugaverð. Hún var ákaflega endurtekningarsöm, samanstóð megnið af tímanum af einhverju sem helst líktist vélbyssuskothríð og fallbyssudrunum. Það hefði í sjálfu sér verið ásættanlegt, tónlist getur verið svo margt. Vissulega passaði hún prýðilega við það sem sást á skjánum. Gallinn var sá að hún var afar hátt stillt og það var þreytandi að þurfa að halda fyrir eyrun í heil þrjú korter. Þurfti þetta að vera svona?

Mér datt í hug að einhvern veginn á þessa leið væru skemmtikvöld í Guantanamo-búðunum. Fangar eru m.a. pyntaðir með hávaða, þeir fá ekki að sofa og loks brotna þeir saman. Þannig var upplifunin á tónleikunum. Á endanum leið mér eins og ég þyrfti að standa upp og segja frá öllu sem ég hef gert af mér í gegnum tíðina. Bara til að fá þögn. Máttur óhljóðanna er mikill.

Jónas Sen

**NIÐURSTAÐA:** Sjónrænt flott en óþarflega hávaðasamt verk eftir Ryoji Ikeda.

MIKILVÆG ÖRYGGISTILKYNNING!

MÖGULEG ELDHÆTTA
Í UPPÞVOTTAVÉLUM FRÁ: BOSCH SIEMENS

Athugaðu hvort þetta snertir uppþvottavélina þína!

**Á aðeins við um uppþvottavélar sem voru framleiddar á árunum frá 1999 til 2005.**
**Til að kanna hvort þetta á við um þína uppþvottavél, vinsamlega gerðu eftirfarandi:**

1 Athugaðu vörumerkið, tegundarnúmerið, lotunúmerið og raðnúmerið sem finna má innan á hurð uppþvottavélarinnar.

2 Farðu inn á heimsíðuna **www.dishcareaction.is** til að athuga hvort þetta snertir þína uppþvottavél. Eða hringdu í **00800-190 819 08** (gjaldfrjálst númer) til að fá nánari upplýsingar.




**Vinsamlega athugaðu:**
Rétt er að gera þá varúðarráðstöfun að þau tæki, sem þetta mál snertir, séu aðeins notuð undir eftirliti, þ.e.a.s. þegar einhver er á heimilinu til að fylgjast með notkun þeirra.

**Við hörmum öll óþægindi sem þetta getur valdið þér og þökkum þér fyrirfram fyrir samvinnu þína og þolinmæði.** Ef þú átt í vandræðum með að greina hvort þetta snertir uppþvottavélina þína eða þú hefur einhverjar spurningar vinsamlega hafðu þá samband við okkur með því að nota heimasíðuna eða **hringdu í gjaldfrjálsa númerið í samræmi við upplýsingarnar hér til hliðar.**

**www.dishcareaction.is 00800-190 819 08** (gjaldfrjálst númer)
BSH Home Appliances AB, pósthólf 503, SE-169 29 Solna


MAX ÚTSALA
ALLT Á LÁGMAX VERÐI – ALLT Á LÁGMAX VERÐI
Mikill afsláttur af kæliskápum
Þvottavélar Verð frá 69.989
32" sjónvörp Verð frá 59.989
39" sjónvörp Verð frá 79.989
Fartölvur á frábærum verðum
Heimabíókerfi með miklum afslætti
ÚTSÖLULOK UM HELGINA!
15% afsl.
DVD þættir 50% afsl.
Sjónaukar 20% afsl.
Fartölvutöskur 35% afsl.
Hárblásarar 30% afsl.
Ryksugur 15% afsl.
70% afsláttur af DVD seríum 70% afsl.
Saumavélar 20% afsl.
Samlokugrill 25% afsl.
Sléttu- og krullujárn 30% afsl.
Síðustu eintök og útlitsgölluð tæki með miklum afslætti
Opið mán. - fös. kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18
MAX Kauptúni 1 - Garðabæ
Sími 412 2200 - www.max.is
MAX RAFTÆKI



**HILDUR OG HARRO** Listasafnið í Turku í Finnlandi sýnir verk Errós, á meðan hinn finnski Harro sýnir á Kjarvalsstöðum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Erró fyrir Harro

Harro og Hildur Ásgeirsdóttir Jónsson opna sýningar á Kjarvalsstöðum á laugardaginn næsta klukkan 16.

Tvær sýningar verða opnaðar í Listasafni Reykjavíkur – Kjarvalsstöðum á laugardaginn kl. 16, sýning á verkum finnska listamannsins Harros og sýning Hildar Ásgeirsdóttur Jónsson á veggteppum sem ber heitið Úr iðrum jarðar.

Þetta er ekki fyrsta einkasýning Hildar, en hún hefur haldið þrjár einkasýningar hér á landi og fleiri í Bandaríkjunum þar sem hún stundaði nám. „Ég er búin að vera í vefnaði síðan ég útskrifaðist úr textíldeild í Bandaríkjunum árið 1995 og hef unnið í þessu allar götur síðan," segir hún. „Innblásturinn í verkin fæ ég úr íslensku landslagi, en verkin eru abstrakt og ég dreg bara það úr landslaginu sem mér finnst áhugavert, liti og formlínur sem spila saman," útskýrir Hildur. Verk Hildar eru sérstök að því leyti að hún málar á þræðina áður en hún vefur þau á vefstól. „Þetta er samblanda af vefnaði og málverki," bætir hún við.

Ásamt Hildi opnar hinn finnski Harro sýningu, en á móti kynnir Listasafnið í Turku í Finnlandi verk hins íslenska Errós fyrir Finnum. Harro og Erró hafa báðir lagt fram mikilvægan skerf til sögu samtímalistarinnar. Á sýningunni verður sjónum aðallega beint að popplistaverkum Harros frá árunum 1968 til 1972, en þau ollu uppnámi þegar þau voru fyrst sýnd í Finnlandi, en í verkunum byggir hann meðal annars á finnska fánanum, á vörumerkjum alþjóðlegra fyrirtækja og svínum svo eitthvað sé nefnt. - ósk

# Leiksýning sem stuðlar að bættri lýðheilsu

Rebekka A. Ingimundardóttir leikstjóri lofar að áhorfendum verði ekki strítt í þægilegu þátttökuleiksýningunni Sad sem er samstarfsverkefni milli Norðurlandaþjóða.

„Þessi leiksýning er okkar framlag til að stuðla að bættri lýðheilsu Íslendinga," segir Rebekka A. Ingimundardóttir, leikstjóri sýningarinnar Sad, sem fjallar um skammdegisþunglyndi. „Það má segja að áhorfendur séu sjúklingarnir og við séum læknarnir, eða einhvers konar lýðheilsustöð listamanna." Rebekka tekur fram að öll meðferð á áhorfendum verði vinaleg. „Við plokkum hvorki né pikkum í áhorfendur, og þeir þurfa ekkert að standa uppi á sviði."

Sýningin er sett á svið af sviðslistamönnum frá Íslandi, Danmörku og Færeyjum. „Við förum líka til Danmerkur og Færeyja með sýninguna," segir Rebekka. „Við völdum þema sem sameinar Norðurlandabúa, en skammdegisþunglyndi hefur aukist til muna í Skandinavíu á undanförnum áratugum. Fyrir þrjátíu eða fjörutíu árum var það nær óþekkt á Íslandi. Nú er það mjög algengt. Vísindamenn telja að það stafi af breyttu mataræði. Við borðuðum mikinn fisk einu sinni og fengum mikilvæg vítamín úr fiskinum, en nú eru allir farnir að borða kjúkling," segir Rebekka.

Skammdegisþunglyndi heitir Seasonal Affective Disorder á ensku. Það er skammstafað SAD. „Heiti sýningarinnar er hins vegar Sad, sem þýðir leiður á ensku," segir Rebekka.

Hún segir leikhópinn byggja á uppgötvun vísindamannsins Jens Hannibal. „Hann fann út að í augntóftunum eru frumur sem nema blátt dagsljós. Til þess að líkaminn sé í jafnvægi þarf maður að sjá þetta bláa ljós drjúgan part úr degi. Annars er hætt við skammdegisþunglyndi. En nútímamanneskjan er að berjast við það að í tölvunni er blátt ljós. Það ruglar þetta kerfi," segir Rebekka. „Í sýningunni verða áhorfendur leiddir í gegnum myrkraheima hugans, og út úr þeim."

Sad er sett upp í Læknaminjasafninu sem átti að rísa á Seltjarnarnesi fyrir nokkrum árum. „Þegar kreppan skall á var hætt við safnið. Þegar við komum þarna inn voru þetta bara steypuveggir og ekkert á gólfum," segir Rebekka. „Kreppan hefur komið sér vel fyrir leikhúsfólk sem er svag fyrir óhefðbundnum leikrýmum. Óklárað húsnæði er kjörið fyrir leiksýningar," segir Rebekka. „Annað sem gerir leiksýninguna óhefðbundna, er að áhorfandinn er inni á leiksviðinu á meðan á sýningunni stendur," segir Rebekka. „Við ætlum samt ekkert að stríða áhorfendum," segir hún. „Þetta er svona þægilegt þátttökuleikhús."

ugla@frettabladid.is



**REBEKKA** „Við ætlum samt ekkert að stríða áhorfendum. Þetta er svona þægilegt þátttökuleikhús." FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> **Í sýningunni verða áhorfendur leiddir í gegnum myrkraheima hugans, og út úr þeim.**
>
> *Rebekka A. Ingimundardóttir*

## → Þátttakendur

**Rebekka A. Ingimundardóttir,** leikstjóri og hönnuður. **Eivør Páldóttir** tónlistarmaður **(FO)**. **Friðgeir Einarsson** sviðslistamaður **(IS)**. **Helene Kvint** sviðslistamaður **(DK)**. **Lotte Tauber Lassen** myndbandahönnuður **(DK)**. **Michael Breiner** ljósahönnuður **(DK)**. **Ólöf Ingólfsdóttir** danshöfundur **(IS).**

- **Aðrir leikendur:** Vigdís Másdóttir, Saga Garðarsdóttir, Gréta Kristín Ómarsdóttir og Anna Katrín Einarsdóttir.
- **Leikmyndahönnun og útfærsla:** Eleni Podara og Hilmar Páll Jóhannsson.
- **Búningahönnun og útfærsla:** Eleni Podara og Elma Bjarney Guðmundsdóttir.
- **Hljóðhönnuður:** Steindór Grétar Kristinsson.
- **Sýningarstjóri:** Andrea Vilhjálmsdóttir.

Tæknimál eru í höndum EXTON.





*Mazda6 eru bestu kaupin í sínum flokki samkvæmt ritdómi Morgunblaðsins. Það ætti engan að undra því Mazda6 sameinar glæsilega hönnun, framúrskarandi akstursánægju og ótrúlega sparneytni. SKYACTIV spartækni Mazda skapar fádæma sparneytni fyrir stóran fjölskyldubíl. Þar sameinast ný vélar- og sjálfskiptitækni ásamt léttum en ofursterkum málmum sem létta bílinn. Eldsneytisnotkun SKYACTIV vélanna með sjálfskiptingu er einungis 4,8 l/100 km fyrir dísilvél og 6,0 l/100 km fyrir bensínvél.*

*MAZDA. DEFY CONVENTION.*

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga frá kl. 9-17 og laugardaga frá kl. 12-16.
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 I mazda.is

Vissir þú að Mazda6 hefur þennan staðalbúnað?
Snjallhemlunarkerfi (Smart City Break Support), blindpunktsaðvörunarkerfi (Rear Vehicle Monitoring), i-stop spartækni, Bluetooth síma- og tónhlöðutengi, 17" álfelgur, nálægðarskynjara, upplýsingasnertiskjá í mælaborði, hraðastilli (cruise) og regnskynjara í framrúðu. Komdu í reynsluakstur og gerðu samanburð.
Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

50 ár í bílgreininni
brimborg
Öruggur staður til að vera á


HOT WINGS LEIKUR
VINNINGAR Í HVERRI VIKU!
Garmin VIRB hasarmyndavél
Playstation 4
Hot Wings veisla
Skíða- eða snjóbretta-námskeið
Jöklaferð
KFC
VINSTRI VÆNGUR
BRJÓTTU SAMAN VÆNGINA
HÆGRI VÆNGUR
KFC SKEYTI Á DULMÁLI BORAR Á ÞIG GÖT OG ÞANNIG
Hot Wings
LEYSTU EITTHVERT AF EFTIRFARANDI VERKEFNUM:
SELFIE MEÐ SELEBI, SJÓSUND, KNÚSAÐU STJÓRNMÁLAMANN, GÓÐVERK, FARÐU Í ALLA STUTTERMABOLINA ÞÍNA Í EINU, QUIZ UP Á ESJUNNI, NOTA VENJULEGAN SÍMA MEÐ SNÚRU, HOPP'Í POLLA.
HOT WINGS MÁLTÍÐ 990 KR.
Sendu okkur mynd á Facebook-síðu KFC merkt:
#KFCHOPPANDIKÁTÍNAMEÐHOTWINGS
VINSTRI VÆNGUR
BRJÓTTU SAMAN VÆNGINA
HÆGRI VÆNGUR
svooogott™
FAXAFENI • GRAFARHOLTI • SUNDAGÖRÐUM
HAFNARFIRÐI • KÓPAVOGI • MOSFELLSBÆ
REYKJANESBÆ • SELFOSSI
WWW.KFC.IS
PIPAR\TBWA • SÍA • 140118




Nicotinell Spearmint 2 mg og 4 mg lyfjatyggigúmmí. Inniheldur nikótín. Ábendingar: Til meðferðar á tóbaksfíkn en lyfið dregur úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum og það auðveldar þar með reykingarfólki sem vill hætta að reykja, að hætta og auðveldar þeim sem ekki geta hætt, eða eru tregir til þess, að draga úr reykingum. Skammtar fyrir fullorðna 18 ára og eldri: Skammta skal ákvarða út frá því hversu háður nikótíni einstaklingurinn er. Mælt er með 4 mg lyfjatyggigúmmíi fyrir einstaklinga með mikla nikótínþörf og fyrir þá sem ekki hefur tekist að hætta með notkun 2 mg lyfjatyggigúmmís. Ef þú reykir fleiri en 30 sígarettur/sólarhring má miða við notkun 4 mg, 20-30 sígarettur/sólarhring er miðað við 2 eða 4 mg eftir þörf en ef reykt er minna en 20 sígarettur á sólarhring er æskilegt að nota 2 mg. Ef þú færð aukaverkanir við notkun stærri skammtsins (4 mg lyfjatyggigúmmí), skaltu íhuga minni skammt í staðinn. Tyggja skal eitt stk við reykingaþörf þar til finnst sterkt bragð. Þá skal láta það hvíla milli kinnar og tannholds. Þegar sterka bragðið minnkar skal tyggja aftur. Þetta skal endurtaka í 30 mín. Venjuleg notkun er 8-12 stk, þó ekki fleiri en 15 stk af 4 mg og 25 stk af 2 mg lyfjatyggigúmmíi á sólarhring. Meðferðarlengd er einstaklingsbundin en skal í flestum tilfellum standa í a.m.k. 3 mánuði, skal þá draga smám saman úr notkun lyfjatyggigúmmísins. Meðferð skal hætt þegar neyslan er komin niður í 1-2 lyfjatyggigúmmí á sólarhring. Venjulega er ekki mælt með notkun lyfsins lengur en í eitt ár. Sumir, sem eru hættir að reykja, gætu þó þurft lengri meðferð til þess að forðast að byrja aftur að reykja. Geyma skal afgangs lyfjatyggigúmmí þar sem reykingaþörf getur skyndilega komið upp aftur. Ráðgjöf getur aukið líkurnar á því að reykingafólk hætti að reykja. Nota má lyfið til að lengja reyklaus tímabil og draga þannig úr reykingum. Ef ekki hefur dregið úr fjölda sígaretta á sólarhring eftir 6 vikur skal leita faglegrar ráðgjafar. Reykingum skal hætt um leið og einstaklingurinn er reiðubúin til þess, þó ekki síðar en eftir 6 mánaða meðferð. Leita skal faglegrar ráðgjafar ef ekki hefur tekist að hætta reykingum eftir 9 mánaða meðferð. Frábendingar: Ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju hjálparefnanna, reykleysi. Ráðfærðu þig við lækni eða lyfjafræðing því ekki er víst að þú megir nota lyfið ef þú: ert á meðgöngu eða með barn á brjósti, hefur nýlega fengið hjartabilun eða hjartastopp, ert með hjarta- eða æðasjúkdóm, of háan blóðþrýsting, sykursýki, ofvirkan skjaldkirtil/nýrnahettur, magasár eða verulega skerta nýrna- og/eða lifrarstarfsemi eða ef þú ert yngri en 18 ára. Einstaklingum með gervitennur og þeim sem eiga í erfiðleikum með að tyggja tyggigúmmí er ráðlagt að nota önnur lyfjaform nikótínlyfja. Sjúklingar með arfgengt frúktósaóþol skulu ekki nota lyfið. Athuga ber að lyfið inniheldur natríum og bútýlhýdroxýtólúen (E321). **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarleiðbeiningar í fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.** Jafnvel lítið magn af nikótíni er hættulegt börnum og getur valdið alvarlegum einkennum eða dauða. Markaðsleyfishafi: Novartis Consumer Health S.A. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ

# HVAÐ? HVENÆR? HVAR? FIMMTUDAGUR

**6.FEBRÚAR**

### Gjörningar

**17.00** Verið hjartanlega velkomin á opnun sýningar Ásdísar Sifjar í Norræna húsinu. Sýningin samanstendur af videóverkum Ásdísar sem varpað verður á fjölmarga glugga Norræna Hússins. Sýningin stendur yfir 6.-8.febrúar frá kl 17-22 og er hluti af Vetrarhátíð í Reykjavík.

### Tónleikar

**19.30** Tónleikarnir Gringolts og Volkov eru hluti af tónleikaröðinni Rauð í Eldborg í Hörpu. Á efnisskránni er meðal annars Fiðlukonsert Schönbergs sem Einleikarinn Ilya Gringolts spilar með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Upplýsingar um miðaverð á midi.is.

**20.30** Tónleikaröðin Jón Ólafsson og gestir. Í þetta sinn fær Jón til sín Gunnar Þórðarson og heldur tónleika sem nefnast Bláu augun hans. Tónleikarnir eru í Salnum í Kópavogi og miðaverð er 3.500 krónur.

**22.00** Bee Bee and the Bluebirds skemmta á Café Rosenberg.

### Fræðsla

**20.00** Vikulegt Wikipediakvöld á Landsbókasafni Íslands í tölvuverinu á þriðju hæð. Vanir Wikipedianotendur veita leiðbeiningar um hvernig hægt er að vinna í Wikipediu.

### Hátíðir

**17.00** Ljósmyndadagar í Reykjavík hefjast á fyrirlestri bandaríska list- og ljósmyndafræðingsins Abigail Solomon-Godeau í Þjóðminjasafni Íslands.

### Kvikmyndir

**19.30** Konfúsíusarstofnunin Norðurljós sýnir annan hluta heimildasyrpunnar China from the Inside: Konur landsins.



Myndin er frá 2008. Hún verður sýnd í stofu 101 í Odda í Háskóla Íslands. Sýningartími: 60 mín. Allir velkomnir.

### Fyrirlestrar

**15.00** Næsti kvenheimspekingur sem verður kynntur í röðinni Kvennheimspekingar koma í kaffi er Jane Roland Martin. Ólafur Páll Jónsson flytur fyrirlesturinn í stofu 301 í Árnagarði í Háskóla Íslands.

**16.00** Ingunn Ósk Árnadóttir flytur fyrirlestur um verkefni sitt til meistaraprófs í landfræði. Heiti verkefnisins er „Það á ekki að vera að veita mönnum styrk til að vera í samkeppni hver við annan“: Upplifun þátttakenda af Vaxtarsamningi Austurlands. Fyrirlesturinn verður í stofu 129 í Öskju í Háskóla Íslands.

**17.15** Jón Björnsson heldur fjórða erindi sitt af fimm í röðinni Mynd og saga. Hann talar núna um Íkónur og myndbrotsöldina í Miklagarði. Ókeypis aðgangur. Fyrirlesturinn verður í Bókasafni Kópavogs.

**12.00** Alma Ómarsdóttir heldur fyrirlestur á vegum Mark Miðstöðvar margbreytileika- og kynjarannsókna og Miðstöðvar rannsóknarblaðamennsku á Íslandi undir yfirskriftinni Ástandið í fjölmiðlum: Umfjöllun fjölmiðla um íslenskar konur og erlendan her. Fyrirlesturinn verður í stofu 201 í Árnagarði í Háskóla Íslands.

**12.25** Málstofa Lífvísindaseturs verður haldin í stofu 343 í Læknagarði. Dr. Helga Ögmundsdóttir, prófessor í frumulíffræði við Læknadeild HÍ, heldur fyrirlestur sem heitir Nóbelsverðlaunin í læknisfræði 2013: Skipulag vöruflutninga. Erindið verður á ensku.

**13.00** Sara Hillers ver meistararitgerð sína: Kostnaðarsöm og vandmeðfarin lyf á Íslandi - Staða og samanburður við nágrannalönd. Vörnin fer fram í Haga við Hofsvallagötu, stofu 104. Allir velkomnir.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is*



**OFURHUGAR** Keppendurnir eru miklir ofurhugar og sýna listir sem eru sjaldséðar hér á landi. MYND/EINKASAFN

# Akureyri breytist í skíða- og brettaþorp

**Nokkrir af þekktustu skíða- og brettaköppum heims eru væntanlegir hingað til lands á Iceland Winter Games-vetraraleikanna sem fram fara á Akureyri í mars.**

„Það eru nokkrir af þekktustu skíða- og brettaköppum heimsins væntanlegir hingað til lands á Iceland Winter Games, þetta verður svakaleg hátíð,“ segir Davíð Rúnar Gunnarsson, viðburðastjóri hjá Viðburðastofu Norðurlands, sem stendur fyrir vetrarleikunum Iceland Winter Games.

Hingað til lands koma menn á borð við PK Hunder sem er frá Noregi en hann er í 13. sæti heimslistans í Free Skiing. Þess má geta að Hunder er einmitt að fara keppa á Vetrarólympíuleikunum sem hefjast á föstudaginn. Þá kemur Aleksander Aurdal einnig hingað og er hann í 39. sæti á heimslistanum, hann er einnig frá Noregi. Fleiri þekktir Free Skiing-kappar eru einnig væntanlegir.

Á Iceland Winter Games verður einnig keppt á snjóbrettum og eru stórstjörnur væntanlegar í þeirri grein. Marcus Kleveland, Mons Roisland, Petr Horak og Piot Janosz eru þar á meðal keppenda.

„Mons Roisland var í þriðja sæti á Burton European Open-mótinu. Marcus Kleveland er talinn vera besti fjórtán ára snjóbrettakappinn í heiminum og varð hann í áttunda sæti á sama móti. Hann var meira að segja að keppa í fullorðinsflokki sem er fimmtán ára og eldri og var því að keppa upp fyrir sig,“ útskýrir Davíð Rúnar.

Það koma ekki bara skíða- og brettakeppendur hingað til lands því Snow kiting-kapparnir Magnus Almås Parmann og Kristina Blomhoff Johansen eru einnig væntanlegir og ætla láta sig svífa yfir Akureyri. „Þau eru á skíðum og brettum, með litla fallhlíf og svífa því um. Þau ætla að svífa um bæinn og í Hlíðarfjalli,“ segir Davíð Rúnar léttur í lundu.

Þá er matvælafyrirtækið Norðlenska að þróa sérhannaðar Iceland Winter Games-pylsur. „Það verður öllu umturnað í bænum og þessar sérhönnuðu pylsur eru ekki það eina sem upp á verður að bjóða. Það verður margt annað um að vera og á skemmtistöðum bæjarins verða þekkt tónlistaratriði.“ Páll Óskar og fleiri þekktir listamenn koma fram á skemmtunum í tengslum við hátíðina. „Dj Margeir sér svo um stuðið í fjallinu á meðan á hátíðinni stendur.“

gunnarleo@frettabladid.is

# NÝR 4BLS BÆKLINGUR

## STÚTFULLUR AF NÝJUM SJÓÐHEITUM TILBOÐUM

**4BLS BÆKLINGUR**
NETBÆKLINGUR Á WWW.TOLVUTEK.IS MEÐ GAGNVIRKUM KÖRFUHNAPP






**50% AFSLÁTTUR** Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

SP Silicon Power

### 16GB MINNISLYKILL

Agnarsmár og stórglæsilegur USB3 minnislykill úr nautsterku silikoni sem festist tryggilega á lyklakippu

**2.495**

8GB USB2 1.495 • 32GB USB3 4.995



**ENN BETRA VERÐ**

THONET & VANDER

### SPIEL

Stórglæsilegt 2.1 hljóðkerfi frá Thonet&Vander með sérhannaða ofur öfluga 4" bassakeilu

**6.990**

FRÁBÆRT 2.1 HLJÓÐKERFI



**ÓGRYNNI LEIKJA**
NÆR ÓTAKMARKAÐ ÚRVAL AF LEIKJUM OG FORRITUM FYRIR ÞESSA ÓTRÚLEGU GRÆJU

JXD

### JXD LEIKJATÖLVA

Öflug spjald- og leikjatölva með öllum klassísku tökkunum ásamt 5" kristaltærum HD snertiskjá

**19.900**

ÓTRÚLEGT LEIKJAÚRVAL

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

**OPNUNARTÍMAR**
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

## TÖLVUTEK

Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

acer · ASUS · DELL · hp · lenovo · packard bell · SAMSUNG · TOSHIBA



## TÓNNINN GEFINN

Gunnar Leó Pálsson

# Guetta-geggjunin

Ein vinsælasta útvarpsstöð landsins FM 957 stendur á miklum tímamótum á árinu er stöðin verður 25 ára gömul. Af því tilefni ætlar einn virtasti og verðlaunaðasti plötusnúður heims að koma fram á tónleikum í Höllinni. Þetta er reyndar í annað sinn sem Guetta kemur fram hér á landi en hann kom hingað til lands árið 2008 og man undirritaður eftir því að hafa verið á þeim tónleikum.

Ég get ekki sagt að ég sé einhver plötusnúða eða raf/danstónlistarunnandi en hins vegar finnst mér David Guetta vera algjör snillingur. Ferill hans talar sínu máli, hann hefur unnið tvenn Grammy-verðlaun, bandarísku tónlistarverðlaunin og MTV-tónlistarverðlaunin í Evrópu, svo fátt eitt sé nefnt. Franski plötusnúðurinn hóf ferilinn sem klúbbaplötusnúður á níunda áratug síðustu aldar en gaf svo út sína fyrstu hljóðversplötu árið 2002 sem ber titilinn Just a Little More Love. Síðan þá hefur hann gefið út fimm aðrar hljóðversplötur og er önnur væntanleg á árinu. Vinsældir hans hafa aukist jafnt og þétt með árunum og hefur hann selt yfir sex milljónir platna á heimsvísu og yfir 15 milljónir smáskífulaga.



Það sem mér finnst magnað við þennan plötusnúð er hvernig hann nær búa til sérstaklega flotta takta, sem eru oft formúlukenndir og einhverjir myndu segja flóknir í danstónlistarheiminum. Þá þykir mér hann einnig hljóma sérstaklega vel miðað við marga aðra plötusnúða. Til þess að ná fram þeim áhrifum sem hrífa mig, tel ég Guetta, vin minn, vera mjög músíkalskan og skilja tónlist mjög vel.

Það eru þó skiptar skoðanir á manninum því margir telja hann hafa selt sál sína, þá aðallega vegna þess að hann er mikið að vinna með þekktum nöfnum. Margir hafa því talað um að hann hafi yfirgefið uppruna sinn. Guetta er með svipað mikla útvarpsspilun og margir af toppunum í tónlistarheiminum, eins og Jay Z og Rihanna. Hann hefur unnið með mörgum af þekktustu nöfnunum í tónlistarheiminum síðari ára. Hann pródúseraði til að mynda nokkra þekkta slagara eins og I Gotta Feeling sem Black Eyed Peas fengu aldeilis kredit fyrir og lagið When Love Takes Over sem skaut Kelly Rowland, fyrrverandi Destiny´s Child mey á stjörnuhimininn á ný. Þá hefur samvinna hans með stjörnum á borð við Rihönnu, Usher og Nicki Minaj einnig vakið mikla athygli.

David Guetta er að mínu mati kóngurinn í dans- og plötusnúðaheiminum. Tónlistin sem hann hefur framleitt eða átt þátt í að framleiða heyrist ansi víða og tel ég að ef við myndum til dæmis banna Guetta á skemmtistöðum landsins og í líkamsræktarstöðvum landsins myndi lítið vera dansað og spriklað á þeim stöðum, Guetta er geggjaður.

## Í spilaranum







**Beyoncé** – Beyoncé
**Bombay** Bicycle Club – So Long, See You Tomorrow
**Ásgeir** – In the Silence






**SÁTTIR SAMAN** Hljómsveitin Valdimar er hér í Stuttgart, ásamt Reini (þriðji f.h.), sem er eigandi tónleikastaðarins og jafnframt eigandi speglanna sem brotnuðu. MYND/EINKASAFN

# Valdimar fer í sína fyrstu Evrópuferð

**Hljómsveitin Valdimar er nú á sínu fyrsta tónleikaferðalagi um Evrópu. Hún hefur fengið góðar viðtökur og íslensku textarnir falla vel í kramið ytra.**

„Þetta er fyrsta formlega tónleikaferðalagið okkar á erlendri grundu,“ segir Valdimar Guðmundsson, söngvari hljómsveitarinnar Valdimars.

Hljómsveitin var stödd í höfuðborg Þýskalands, Berlín, þegar að blaðamaður Fréttablaðsins náði tali af söngvaranum.

Sveitin hélt út þann 31. janúar og dvelur ytra til 10. febrúar. „Við spilum á sjö tónleikum í heildina, fimm tónleikum víðs vegar um Þýskaland og svo verða stakir tónleikar í Austurríki og í Sviss,“ útskýrir Valdimar. Tónleikastaðirnir eru misjafnir, allt frá leikhúsum yfir í stofur í heimahúsum. „Við spiluðum á svokölluðum stofutónleikum sem fram fóru í stofunni heima hjá kærustu gítarleikarans í hljómsveitinni Kapnorth sem er frá Sviss.“

Hljómsveitin Kapnorth fékk Valdimar og félaga til koma með sér á tónleikaferðalag en þeir sáu Valdimar spila á tónleikum á Faktorý. „Þeir sáu okkur á tónleikum þegar þeir voru hér á landi að taka upp plötu og í kjölfarið spurðu þeir okkur hvort við værum til í að koma til Sviss og spila með þeim.“ Tónleikaplönin breyttust og fyrr en varir var búið að skipuleggja tónleikaferðalag.

Ferðalagið hefur gengið vel hingað til og hefur ávallt myndast góð stemning á tónleikum sveitarinnar. „Þetta hefur gengið vel, við höfum ekki lent í neinum hremmingum nema þegar Kristinn hljómborðsleikari braut spegla í íbúðinni sem við gistum í.“ Kristinn Evertsson hljómborðsleikari varð fyrir því óláni að brjóta tvo spegla í íbúð sem sveitin dvaldi í sem varð til þess að fleiri meðlimir skáru sig á speglabrotunum. „Þetta var nú bara slys, ekkert alvarlegt en það skáru sig reyndar nokkrir.“



**KOMA SÉR Í GÍRINN** Hljómsveitin Valdimar er hér að koma sér í gírinn fyrir tónleika. MYND/EINKASAFN

Eins og flestir vita eru textar sveitarinnar á íslensku, hvernig tekur fólk íslensku textunum ytra? „Í gærkvöldi var ég að tala við Þjóðverja sem mættu á tónleika, ég sagði að við værum að pæla í að semja enska texta sem myndu henta betur á erlendan markað, þá sagði Þjóðverjinn að það væri miklu betra að hafa textana á íslensku. Íslenskan hefur því hingað til bara verið til góðs,“ útskýrir Valdimar.

Spurður út í þau verkefni sem taka við þegar heim er komið, segir Valdimar vinnu í nýrri plötu taka við. „Við erum búnir að taka upp nokkra grunna og ætlum að halda áfram að vinna í nýju plötunni,“ segir Valdimar og bætir við að sveitin stefni á að gefa út nýja plötu síðar á árinu. Hljómsveitin hefur áður gefið út tvær breiðskífur, Undraland og Um stund.

gunnarleo@frettabladid.is

## 9.1.2014 → 15.1.2014





### LAGALISTINN

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | ▶ | Pharrell | *Happy* |
| 2 | ▲ | Kaleo | *Automobile* |
| 3 | ▼ | Avicii | *Hey Brother* |
| 4 | ▲ | Ellie Goulding | *How Long Will I Love You* |
| 5 | ▲ | Gary Barlow | *Let Me Go* |
| 6 | ▲ | Björgvin Halldórsson / Jón Jónsson ...................... Kæri vinur | |
| 7 | ▼ | Steindi jr / StopWaitGo | *Springum út* |
| 8 | ▼ | U2 | *Ordinary Love* |
| 9 | ▲ | A Great Big World / Christina Aguilera .......... Say Something | |
| 10 | ▼ | Mammút | *Blóðberg* |

### TÓNLISTINN

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | ▶ | **Skálmöld og Sinfó** | ***Skálmöld og Sinfó*** |
| 2 | ▲ | Kaleo | *Kaleo* |
| 3 | ▲ | Mammút | *Komdu til mín svarta systir* |
| 4 | ▲ | Ásgeir | *In The Silence* |
| 5 | ▲ | Baggalútur | *Mamma þarf að djamma* |
| 6 | ▼ | Ýmsir | *Pottþétt 61* |
| 7 | ▲ | Ýmsir | *Árið er* |
| 8 | ▲ | Ásgeir Trausti | *Dýrð í dauðaþögn* |
| 9 | * | Philip Glass | *Solo Piano Music* |
| 10 | ▼ | Björgvin Halldórsson | *Duet III* |

**Skýringar** ▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku * Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, K100,5, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elko, tonlist.is.

# iPad

## hvar sem er, hvenær sem er




## iPad mini
Nettur og flottur
**Verð frá: 54.990.-**

## iPad Air
Kraftmikill og léttur
**Verð frá: 89.990.-**



Smart Cover
Fyrir iPad, flottir litir
**Verð frá: 7.990.-**



Pantone iPad hlíf
Vinsælasta iPad hlífin í dag
**Verð: 6.990.-**



Power Jolt bílhleðsla
Fyrir iPad/iPhone
**Verð frá: 6.490.-**



iPad leiðarvísir
Allt um iPad í einni bók
**Verð: 4.490.-**

Birt með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar.

**Smáralind**
Virka daga 11 - 19 | Fimmtudaga 11 - 21 | Laugardaga 11 - 18
Sunnudaga 13 - 18 | Sími 512 1330

epli.is

**Laugavegi 182**
Virka daga 10 - 18 | Laugardaga 12 - 16 | Sími 512 1300

# Heillaðist af hreinleikanum

★★★★☆

**Jeune et Jolie**

Leikstjóri: Francois Ozon.

**AÐALHLUTVERK:** MARINE VACTH, GÉRALDINE PAILHAS OG FRÉDÉRIC PIERROT.

Með popp í annarri og appelsín í hinni kom ég mér huggulega fyrir í myrkrinu á frönsku kvikmyndahátíðinni í Bíó Paradís til að sjá myndina Jeune et Jolie. Myndin vann til TVE-verðlaunanna „Another Look Award“ á kvikmyndahátíðinni í San Sebastián International Film Festival 2013.

Hún fjallar um Ísabellu, unga stúlku sem er að stíga sín fyrstu skref í kynlífi og missir meydóminn rétt fyrir sautján ára afmælisdaginn. Ísabellu er fylgt eftir í gegnum fjórar árstíðir og er hver árstíð kvödd með lagi þar sem textinn er lýsandi fyrir andlega líðan og hugsanir hennar. Ég heillaðist af hreinleika myndarinnar og umgjörðinni. Hún var svo tilgerðarlaus og jafnvel látlaus en náði samt að fanga upplifun og tilfinningar á raunsæjan hátt. Það stakk mig í hjartað að fylgjast með hinni fallegu Ísabellu missa meydóminn. Hann var sætur, þau kynntust í sumarfríinu, döðruðu og eitt leiddi af öðru. Hún lá undir og hann hamaðist ofan á. Hún fjarlægðist líkama sinn og horfði á þau úr fjarska. Horfðu í augun á henni, hugsaði ég. Hvernig getur þú stundað kynlíf án þess að kyssa, knúsa og tjá tilfinningar? Af hverju spyrðu hana ekki hvort allt sé í lagi? Af hverju ertu að rúnka þér á henni? Ég átti erfitt með þessa senu en hún er raunsæ og lýsir raunveruleika alltof margra kvenna. Sem móðir, og kona, þá varð ég leið en fylltist jafnframt löngun til að breyta þessu og mundi þá að ég er að reyna. Ísabella lærði að kynlíf eru tilfinningalausar samfarir. Hann var samt ekki einhver aumingi, strákurinn, hann bara einhvern veginn hvorki kunni þetta né vissi um hvað málið snerist. Eftir þessa reynslu lýkur árstíðinni og við tekur ferðalag Ísabellu



milli hótelherbergja og eldri karlmanna. Hún tekur 300 evrur fyrir skiptið, segist vera tvítug og upplifir þetta sem valdeflandi, en skrúbbar sig hátt og lágt í sturtu eftir hvert skipti. Aftur fékk ég sting. Af hverju kaupa menn vændi? Meira að segja þegar þeir sáu að hún var yngri en hún sagðist vera og algerlega fjarlæg upplifuninni.

Myndin er laus við alla dramatík (þó efnið sé mjög dramatískt) og áhorfandinn fær svör við flestum sínum spurningum í tengslum við Ísabellu og þetta ferðalag hennar. En mig langaði bara að knúsa hana. Segja henni að þetta sé ekki svona, þarf ekki að vera svona, og svo langaði mig að berja þessa kalla. Allar konur eru systur, dætur, mæður, vinkonur, frænkur, eiginkonur; það þarf að stoppa eftirspurnina og tala opinskátt um hvað kynlíf sé og hvað ekki.

**Sigga Dögg**





**TÓNLISTARMAÐUR Í BOBBA** Lífið er ekki dans á rósum fyrir Llewyn Davis.

# Coen-bræðurnir og kattahatrið

Nýjasta mynd Coen-bræðranna, Inside Llewyn Davis, verður frumsýnd á morgun. Helstu vandræði við tökur myndarinnar fólust í köttum sem voru notaðir sem leikarar en aðalleikaranum er meinilla við ketti. Þá þróaði leikstjórateymið einnig með sér kattahatur.

**Lilja Katrín Gunnarsdóttir**
liljakatrin@frettabladid.is

Nýjasta mynd Coen-bræðranna, þeirra Ethans og Joels, Inside Llewyn Davis, verður frumsýnd á Íslandi á morgun. Myndin gerist um vetur í New York-borg þar sem tónlistarmaðurinn Llewyn Davis berst við að eiga í sig og á.

Félagi hans í tónlistinni, Mike, fremur sjálfsmorð, sólóplata hans Inside Llewyn Davis selst ekkert, hann á engan pening og þarf að sofa á sófanum hjá vinum og kunningjum. Hann reynir hvað sem hann getur til að meika það í tónlistinni og auðvitað blandast vandamál í ástarlífinu inní þá baráttu.

Coen-bræður eru kvikmyndaáhugamönnum ekki ókunnugir en síðasta mynd þeirra, True Grit frá árinu 2010, vakti gríðarlega lukku. Þá eru þeir af mörgum taldir eiga heiðurinn að einni bestu mynd allra tíma – Fargo frá árinu 1996.

Coen-bræður hafa unnið með sama kvikmyndatökumanninum að nær öllum myndum sínum. Sá heitir Roger Deakins en hann gat ekki unnið við Inside Llewyn Davis þar sem hann var upptekinn í tökum á James Bond-myndinni Skyfall. Hinn franski Bruno Delbonnel var fenginn til verksins í hans stað og hlaut nýlega Óskarstilnefningu fyrir kvikmyndatökuna – sína fjórðu á þrettán árum. Roger hefur hins vegar hlotið ellefu tilnefningar til Óskarsins og voru fimm af þeim fyrir myndir úr smiðju Ethans og Joels.

Það flækti gerð myndarinnar Inside Llewyn Davis talsvert að köttur leikur stórt hluverk. Coenbræður ráðfærðu sig við dýraþjálfara og héldu sérstakar áheyrnarprufur fyrir gulan kött. Nokkrir kettir voru valdir og var skipst á að nota þá eftir því hverju þeir voru góðir í. Coen-bræður sögðu við blaðamanninn Terry Gross að það hefði verið afar erfitt að vinna með marga ketti á setti og það hefði endað með því að þeim væri mjög illa við ketti í dag. Þá er aðalleikaranum Oscar Isaac einnig meinilla við ketti vegna þess að hann var einu sinni bitinn af ketti og fékk sýkingu í sárið.

Inside Llewyn Davis var heimsfrumsýnd í maí á síðasta ári á kvikmyndahátíðinni í Cannes og heillaði gagnrýnendur. Þá er hún tilnefnd til tvennra Óskarsverðlauna – fyrir bestu kvikmyndatöku eins og áður segir og bestu hljóðblöndun.

Auk Oscars Isaac eru það Carey Mulligan, Justin Timberlake, John Goodman og Ethan Phillips sem fara með aðalhlutverkin.

## ➜ Einkunnir

IMDb 7,9 | Rotten Tomatoes 94% | Metacritic 92

## ➜ Myndir sem Roger Deakins hefur unnið með Coen-bræðrum

- **Barton Fink** (1991)
- **The Hudsucker Proxy** (1994)
- 🏆 **Fargo** (1996)
- **The Big Lebowski** (1998)
- 🏆 **O Brother, Where Art Thou?** (2000)
- 🏆 **The Man Who Wasn't There** (2001)
- **Intolerable Cruelty** (2003)
- **The Ladykillers** (2004)
- 🏆 **No Country For Old Men** (2007)
- **A Serious Man** (2009)
- 🏆 **True Grit** (2010)

🏆 *Tilnefningar til Óskarsverðlauna*



# RISA SKÓ ÚTSALA

# 50-90% afsláttur

Í TOPPSKÓNUM
Í FULLUM GANGI




**Toppskórinn**
Outlet Grafarholti

Vínlandsleið 6, Grafarholti
Opið virka daga: 11-18 • **Laugardaga: 11-16**
**Sunnudaga: 13-17**

**Toppskórinn**
Markaður Smáratorgi

Smáratorgi, Kópavogi
Opið virka daga: 11-18 • **Laugardaga: 11-18**
**Sunnudaga: 12-18**

# „Ég er samt ekkert hlynntur svona janúaræði"

Davíð Kristinsson kynnir aðferð til að öðlast líkamlegt heilbrigði til frambúðar í bókinni 30 dagar - leið til betri lífsstíls.

Bókin 30 dagar - leið til betri lífsstíls er skrifuð af næringar- og lífsstílsþjálfaranum Davíð Kristinssyni en hann hefur verið starfandi einkaþjálfari um árabil. Bókin er ætluð öllum þeim sem langar til að hreinsa til í mataræðinu og byggja upp heilbrigðan lífsstíl.

„Í bókinni eru 150 uppskriftir og matseðill fyrir níutíu daga. Í henni er einnig að finna myndrænt æfingakerfi með leiðbeiningum. Æfingarnar eru miðaðar við að fólk geti stundað þær hvort sem það kýs að æfa sig heima eða á líkamsræktarstöð."

Davíð segir bókina ekki vera hefðbundna megrunarbók, markmiðið með henni er að gefa fólki tækifæri til þess að læra inn á sjálft sig og eigin líkama því það er lykillinn að heilbrigði.

„Á þessum þrjátíu dögum er takmarkið að átta sig á því hvaða mataræði og hvaða æfingar henta manni og hvað ekki, því það er ekki til nein ein lausn sem virkar fyrir alla. Fólk sem fylgir prógramminu léttist venjulega en ég vil meina að það besta við þessa leið sé að hún stuðli að því að fólk komist sem næst sinni persónulegu kjörþyngd."

Davíð segir bókina alls ekki bjóða uppá töfralausnir enda er hann ekki hrifinn af þeim.

„Auðvitað dúkkar árlega upp svokallað megrunaræði á þessum árstíma. Ég er samt ekkert hlynntur svona janúaræði þegar fólk til dæmis kaupir sér þriggja mánaða líkamsræktarkort, ætlar að svelta sig eða borða hollt í eina viku en gefst svo upp. Það er alls ekki hollt fyrir líkamann og virkar ekki til langs tíma." - sb



**VATT UPP Á SIG** Bókin 30 dagar - leið til betri lífsstíls byrjaði sem lítil hugmynd. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Allt kynlíf byrjar á þér sjálfum/ri

**Mér bárust þessar spurningar frá unglingum á aldrinum 13 ára til 16 ára.**

**?** Hvað má maður vera gamall til að stunda samfarir?

...

**SVAR** Þetta er ein algengasta spurningin sem unglingar spyrja mig að og þá sérstaklega unglingsstúlkur. Samkvæmt Hegningarlögum þá er refsivert að stunda kynlíf með barni sem er yngra en 15 ára. Það er ágætt að skoða aðeins hvað kynlíf þýðir en viðmið laganna er samræði. Það er ögn flókið að útskýra þetta ítarlega í stuttu máli því fleira telst til, en mig langar að fara aðeins út í hvernig þú veist hvort þú sért tilbúin/n. Sumir hafa notað viðmiðið hvort þú sért tilbúin/nn til að taka afleiðingum kynlífsins, ef um samfarir eru að ræða, þá getur það verið kynsjúkdómur og/eða getnaður. Fæstir unglingar eru í stakk búnir að taka þessum afleiðingum en rannsóknir hafa sýnt að því yngri sem einstaklingar eru þegar þeir byrja að stunda kynlíf því meiri líkur eru á því að þeir noti ekki smokkinn og sjái eftir kynlífinu.

Áður en þú ferð af stað þá væri gott ef þú gætir leitað til einhvers fullorðins einstaklings sem þú treystir til að ræða þessi mál frekar og fá svör við spurningum sem á þér brenna. Allt kynlíf byrjar svo á þér sjálfum/ri. Fyrsta skrefið í kynlífi er að kynnast eigin líkama og hans löngunum með sjálfsfróun. Þegar þú telur þig vera tilbúin/nn til að stunda kynlíf með einhverjum öðrum einstaklingi þá myndi ég setja það viðmið að þú treystir þér til að tala við bólfélagann hreinskilnislega um hvað þér þyki gott og hvað ekki. Þá er gott að muna að kynlíf er meira en samfarir því munnmök og kelerí eru líka kynlíf.

Kynlíf er samtal milli einstaklinganna sem það stunda svo þú verður að geta tjáð þig áður en þú ferð af stað. Ástina er ekki að finna í klofi bólfélagans svo vertu trúr tilfinningum þínum, hlustaðu á hjartað þitt og haus, og stattu með þér.

**?** Ég er búin að sofa hjá tveimur einstaklingum seinustu vikur, hvorugt með smokk, hversu mikilli hættu er ég í?

...

**SVAR** Bretar gerðu reiknilíkan þar sem maður gat slegið inn aldur, kyn og fjölda bólfélaga og þá sá maður hversu mörgum maður hefur „óbeint" sofið hjá. Niðurstöðurnar eru sláandi. Ef þú ímyndar þér að þessir einstaklingar sem þú svafst hjá hafi hver um sig sofið hjá tveimur öðrum einstaklingum, án smokks, þá hefur þú óbeint sofið hjá fjórum til viðbótar þínum tveimur. Tölur um kynsjúkdómasmit á Íslandi gefa tilefni til þess að hafa verulegar áhyggjur. Bæði eiga Íslendingar marga bólfélaga, eru slakir að nota smokkinn og kynsjúkdómar eru mjög algengir. Við nennum því ekki að leika okkur með rúllettulíkindi heldur tökum bara á þessu því það er frekar einfalt. Ég hvet þig til að skella þér til læknis, pissa í glas og fara svo að nota smokkinn í næstu samförum.

**KYNLÍF TAKTU ÞÁTT!**
Sendu Siggu Dögg póst og segðu henni frá vandamáli úr bólinu. Lausnin gæti birst í Fréttablaðinu.
kynlif@frettabladid.is





**VILHJÁLMUR OG JOKE** Hjónin bjóða upp á mat á góðu verði.

# Opnuðu veitingastað til að vera meira saman

Vilhjálmur Sigurðarson opnaði veitingastaðinn Souvenir með konu sinni í Belgíu. Áður en þau ákváðu það hittust þau ekki nema í átta klukkutíma á viku.

„Við ákváðum að opna veitingastað saman til að geta eytt meiri tíma saman," segir Vilhjálmur Sigurðarson, sem opnaði veitingastað í Belgíu á dögunum með konu sinni. „Við höfðum bæði svo mikið að gera áður og stundaskráin passaði svo illa saman að við hittumst ekki nema í átta klukkutíma á viku, og allur tíminn sem við höfðum saman fór í praktíska hluti eins og matarinnkaup og að borga reikninga," segir Vilhjálmur.

Kona Vilhjálms heitir Joke Michiel og er frá Belgíu. „Við kynntumst þegar hún var að gera sjónvarpsþátt um veitingastaðinn Hertog Jan, þar sem ég vann áður. Síðan þróaðist það yfir í eitthvað meira. Joke vann sem leikstjóri og framleiðandi fyrir sjónvarpsstöð hér í Belgíu. Við giftum okkur síðasta sumar og eigum von á okkar fyrsta barni eftir sex vikur."

Veitingastaðurinn heitir Souvenir og var opnaður 1. febrúar eftir langan undirbúning. „Þetta hljómar voðalega rómantískt, en þetta er auðvitað mikil vinna. Við erum stolt og sátt með að hafa tekið þessa ákvörðun, en þetta er auðvitað ekkert auðvelt. En þetta er hverrar mínútu virði," segir Vilhjálmur.

Vilhjálmur hafði lengi unnið sem kokkur. „Ég fór fyrst til Englands þar sem ég starfaði um skamma hríð. Síðan hélt ég áfram og endaði í Belgíu fyrir ið verða fjórum árum. Þar vann ég á stað sem heitir In de Wulf og síðan á Hertog Jan. Ég sagði upp stöðu minni á síðarnefnda staðnum til að stofna nýja veitingahúsið," segir Vilhjálmur.

Hjónin leituðu lengi að heppilegum stað fyrir veitingastaðinn. „Souvenir er í bæ sem heitir Leper og er í flæmska hluta Belgíu. Það mætti kalla það miðsvæði landbúnaðar í Belgíu. Við vinnum náið með bændum á svæðinu. Til dæmis kaupum við allar mjólkurvörur frá sama bóndanum. Það virðist vera mikil ánægja með staðinn. Hann fyllir upp í eitthvað sem vantaði hérna. Hugmyndafræðin er einföld: Við notum ferskt hráefni úr nánasta umhverfi og búum til ódýran mat. Þetta er góður veitingastaður en samt ekki í verðflokki þar sem menn verkjar í veskið eftir matinn. Hér eru margir staðir þar sem maturinn kostar 200-300 evrur á mann. Hjá okkur er hins vegar þriggja rétta matseðill í boði fyrir 28 evrur eða 5 rétta matseðill fyrir 55 evrur."

ugla@frettabladid.is



**FERSKT** Maturinn er úr fersku hráefni frá bændum í nágrenninu. MYND/HEIKKI VERDURME

➜ Vilhjálmur Sigurðsson lærði til kokks á Hótel Sögu og hefur starfað á betri veitingahúsum á Íslandi og í útlöndum í nokkur ár.

# 7 hlutir sem hjálpa þér að grennast

Piparmynta, hitastig og súkkulaði kemst á blað.

**Vefsíðan Heilsutorg.is birtir lista yfir sjö hluti sem geta hjálpað fólki að losna við aukakílóin þó að sjálfsögðu sé það tekið fram að hollur matur og hreyfing sé vænlegasta leiðin til að breyta um lífsstíl.**



**Lykt af piparmyntu**
Að lykta af piparmyntu reglulega getur hjálpað þér með hungurtilfinninguna og dregið töluvert úr henni.

**Liturinn á disknum sem þú borðar af**
Rannsókn sem var gefin út í síðasta mánuði sýnir að ef þú notar rauða diska eða skálar þegar þú ert að borða, þá borðar þú minna í einu.

**Notaðu peninga, ekki kort**
Að borga með peningum í stað korts á að hjálpa þér að velja hollari mat samkvæmt enn annarri rannsókn.

**Súkkulaði**
Að borða súkkulaði getur hjálpað þér að missa fitu af magasvæðinu. Samt ekki fara að raða í þig súkkulaði núna. Fáðu þér súkkulaði 2-3 í viku.

**Hitastigið í svefnherberginu**
Lækkaðu hitann í svefnherberginu hjá þér. Rannsókn sem gerð var í fyrrasumar sýndi að fólk sem sefur í köldum svefnherbergjum brennir meiri fitu en ella.

**Settu myndir á ísskápinn**
Að hengja myndir af hollustu á ísskápinn þinn gerir það líklegra að þú grípir eitthvað hollt úr honum ef þig langar í millimálabita yfir daginn.

** Heimild: Women's Health*

# Sonur Woody Allen kemur honum til varnar

Moses Farrow, sonur leikstjórans Woody Allen, segir það af og frá að hann hafi misnotað systur sína.

„Móðir mín stimplaði því inn í hausinn á mér að ég ætti að hata föður minn fyrir að sundra fjölskyldunni og misnota systur mína kynferðislega. Og ég hataði hann í mörg ár. Nú sé ég að þetta var hennar leið til að ná sér niðri á honum því hann varð ástfanginn af Soon-Yi,“ segir Moses Farrow, sonur leikkonunnar Miu Farrow og leikstjórans Woody Allen í samtali við tímaritið People. Eru þetta viðbrögð hans við bréfinu sem systir hans, Dylan Farrow, birti á bloggvef New York Times um helgina þar sem hún sagði föður sinn hafa misnotað sig í æsku.

Moses, Dylan og bróðir þeirra Ronan lentu í miðjunni í hatrammri forræðisdeilu foreldra sinna árið 1993, eftir að Mia fann nektarmyndir af ættleiddri dóttur sinni, Soon-Yi Previn, í fórum Woodys en þau Soon-Yi giftu sig árið 1997. Mia fékk forræði yfir börnunum þremur þegar deilunum lauk. Meint misnotkun Woody á Dylan var rannsökuð um svipað leyti en hann var aldrei kærður. Hann hefur staðfastlega neitað því að hafa misnotað dóttur sína.

Í bréfinu sem Dylan skrifaði sagði hún frá misnotkun sem átti sér stað á heimili móður sinnar þegar hún var sjö ára. Hún segir Woody hafa leitt sig upp á háaloft og misnotað sig er hún lá á maganum. Moses segir ekkert hæft í því

„Auðvitað misnotaði Woody ekki systur mína. Hún elskaði hann og hlakkaði til að sjá hann þegar hann kom í heimsókn. Hún faldi sig aldrei fyrir honum fyrr en móðir okkar náði að skapa andrúmsloft ótta og haturs í hans garð,“ bætir Moses við.

Moses er fjölskylduráðgjafi í dag og segir líf sitt betra vegna þess að hann eyddi tíma með Woody.

„Ég held að systir mín sé að missa af miklu í lífinu því hún er ekki í sambandi við föður sinn. Ég er mjög hamingjusamur að ég hafi tekið stjórnina og slitið sambandi við móður mína sem hefur leitt af sér ánægjulega endurfundi við föður minn,“ segir Moses. - lkg



**FJÖLSKYLDUDEILUR** Woody Allen og Mia Farrow með Moses, Dylan, Fletcher og Soon-Yi í New York árið 1986.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



**TIL Í TUSKIÐ** Lady Gaga vill ólm vinna með Britney.

## Syngja dúett saman

Söngkonurnar Britney Spears og Lady Gaga ætla að taka upp dúett saman í nánustu framtíð samkvæmt heimildum tímaritsins Us Weekly.

„Þetta mun gerast bráðlega,“ segir heimildarmaður tímaritsins og bætir við að þær hafi talað um samstarfið baksviðs á tónleikum Britney í Las Vegas í byrjun mánaðarins.

Lafðin skemmti sér konunglega á tónleikunum og birti mynd af sér með Britney á Twitter-síðu sinni nokkrum klukkustundum eftir herlegheitin.

Britney talaði fyrst um áhuga sinn á að vinna með Lady Gaga í desember í fyrra þegar hún spjallaði við aðdáendur sína á netinu.

„Ég væri til í að syngja dúett með Lady Gaga. Ég held að það gæti orðið gaman. Ég fíla hana sem listamann,“ sagði Britney. - lkg



**Á FÁRRA VITORÐI** Selena skráði sig í meðferð í byrjun janúar.

## Meðferð í laumi

Söngkonan Selena Gomez, fyrrverandi kærasta poppprinsins Justins Bieber, skráði sig í meðferð á meðferðarstofnuninni Dawn at The Meadows í Arizona í Bandaríkjunum í laumi í byrjun janúar.

Vandamál Selenu er ekki vímuefnanotkun heldur fór hún í meðferð til að ná áttum að sögn heimildarmanns tímaritsins Us Weekly.

Selena eyddi tveimur vikum á meðferðarstofnuninni en hún aflýsti tónleikaröð í Ástralíu til að hugsa um sjálfa sig. - lkg






| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| DALLAS BUYERS CLUB | 5:30, 8 | 12 |
| 47 RONIN 3D | 8 | 12 |
| LONE SURVIVOR | 10:30 | 16 |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM | 6 2D | L |
| HOBBIT 2 3D | 8 | 12 |
| SECRET LIFE OF WALTER MITTY | 5:30 | 7 |




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| GRUDGE MATCH | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| GRUDGE MATCH VIP | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | |
| JACK RYAN | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| LAST VEGAS | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| 12 YEARS A SLAVE | KL. 5:30 - 8:30 | 16 |
| AMERICAN HUSTLE | KL. 5:30 - 8:30 | 12 |
| JÓNSI OG RIDDARAREGLAN ÍSLTAL2D | KL. 5:50 | L |
| **SAMBÍÓIN EGILSHÖLL** | | |
| GRUDGE MATCH | KL. 5:35 -10:25 | 12 |
| JÓNSI OG RIDDARAREGLAN ÍSLTAL2D | KL. 5:15 | L |
| JACK RYAN | KL. 8 - 10:45 | 12 |
| 12 YEARS A SLAVE | KL. 5:15 | 16 |
| LAST VEGAS | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| AMERICAN HUSTLE | KL. 5:15 | 12 |
| WOLF OF WALL STREET | KL. 7:30 - 10:15 | 16 |
| **SAMBÍÓIN KRINGLUNNI** NÚMERUÐ SÆTI | | |
| GRUDGE MATCH | KL. 6 - 9 | 12 |
| 12 YEARS A SLAVE | KL. 6 - 9 | 16 |
| WOLF OF WALL STREET | KL. 5:40 - 9:10 | 16 |
| **SAMBÍÓIN KEFLAVÍK** | | |
| GRUDGE MATCH | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| JACK RYAN | KL. 10:20 | 12 |
| LAST VEGAS | KL. 8 | 12 |
| **SAMBÍÓIN AKUREYRI** | | |
| GRUDGE MATCH | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| JACK RYAN | KL. 10:20 | 12 |
| LAST VEGAS | KL. 8 | 12 |
| 12 YEARS A SLAVE | KL. 5:15 | 16 |
| JÓNSI OG RIDDARAREGLAN ÍSLTAL2D | KL. 6 | L |

SAMbio.is

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




| SMÁRABÍÓ | AUKAKRÓNUR 5% | |
|---|---|---|
| HER | KL. 8 - 10.40 | 12 |
| JACK RYAN | KL. 5.30 - 8 | 12 |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM ...2 2D | KL. 3.30 - 5.40 | L |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM ...2 3D | KL. 3.30 | L |
| 47 RONIN 3D | KL. 10.20 | 12 |
| BELIEVE | KL. 3.30 | L |
| SECRET LIFE OG WALTER MITTY | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 7 |
| SECRET LIFE OG WALTER MITTY LÚXUS | KL. 8 - 10.30 | 7 |
| THE HOBBIT 3D 48R | KL. 5.40 - 9 | 12 |
| THE HOBBIT 3D 48R LÚXUS | KL. 4.30 | 12 |

| HÁSKÓLABÍÓ | AUKAKRÓNUR 5% | |
|---|---|---|
| HER | KL. 6 - 9 | 12 |
| DALLAS BUYERS CLUB | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| EYJAFJALLAJÖKULL | KL. 6 | 7 |
| AUGUST: OSAGE COUNTY | KL. 8 - 10.35 | 12 |
| THE BOOK THIEF | KL. 6 - 9 | 12 |

| BORGARBÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | |
|---|---|---|
| HER | KL. 8 - 10:15 | 12 |
| DALLAS BUYERS CLUB | KL. 8 - 10:15 | 12 |
| THE BOOK THIEF | KL. 5.45 | 12 |
| AUGUST: OSAGE COUNTY | KL. 5.45 | 7 |

Miðasala á: midi.is og eMiði




**GÓÐ GJÖF** Elísabet á ýmsar gersemar.

# Einstök næla

Elísabet Bretadrottning skartaði einstakri barmnælu í sunnudagsmessu um síðustu helgi. Barmnælan er um 1.735.498 króna virði að mati skartgripasala. Nælan er úr átján karata hvítagulli, þrjú hundruð demöntum, ferskvatnsperlum og túrmalíni frá Madagaskar. Hún fékk næluna að gjöf.

Þá er Elísabet mjög hrifin af flísteppum en hún lætur gjarnan mynda sig með þykkt teppi við margvísleg tækifæri. Fjölmiðillinn The Huffington Post vakti athygli á þessu í grein um teppi drottningarinnar.

Hún er til að mynda alltaf með blátt flísteppi í bílnum sínum. Uppáhalds fylgihlutur hennar virðist vera teppið, þrátt fyrir að hún eigi bæði demantskórónur, mikilfenglegt hattasafn, og dýrar handtöskur.

- ue



**STÓRIR DRAUMAR** Clay vonast til að vinna hjörtu þjóðarinnar.

# Sækist eftir þingsæti

American Idol-stjarnan Clay Aiken ætlar að bjóða sig fram til þingsetu í Norður-Karólínu í Bandaríkjunum.

Clay lenti í öðru sæti í annarri seríu af American Idol árið 2003 og lýsir barnæsku sinni í nýju kosningamyndbandi. Þar talar hann um heimilisofbeldi, fátækt og móður sem mótaði líf hans.

„Ég var eins árs og móðir mín bankaði á dyrnar með einungis bleyjupakka, fötin sem við vorum í og mig í örmum sínum,“ segir Clay. Þau gistu á stofugólfi hjá vinafólki til að flýja föður Clays sem var „ofbeldisfullur maður sem datt í það og varð reiður“. Þá segir Clay að móðir hans hafi leitt huga hans frá ofbeldinu með tónlist.

- lkg

# Stjörnurnar í útlöndum

**BAKPANKAR**
Atla Fannars Bjarkasonar



**HARMDAUÐI** leikarans Philips Seymour Hoffman minnti mig á hræðileg örlög söngvarans Layne Staley. Hann lést árið 2002 eftir að hafa dópað frá sér flest, þar á meðal farsælan tónlistarferil með hljómsveitinni Alice in Chains. Staley kvaddi þennan heim umkringdur krakkpípum og kókaíni en enginn kvaddi hann. Hann var algjörlega afskiptur þegar hann lést. 39 kílóa brunarúst sem fannst eftir að gjaldkeri lét vita að ekki hafði verið hreyft við bankareikningi hans í viku.

**OG EKKI** var mikil reisn yfir Hoffman. Hann fannst heima hjá sér í stuttbuxum og nærbol með gleraugun á nefinu. Kaldhæðnislega eins og önnur hver persóna sem hann lék hefði stimplað sig út. Talið er að of stór skammtur hafi drepið hann — enda umkringdur heróíni og lyfseðilsskyldum lyfjum þegar hann fannst. Hoffman hafði talað opinskátt um fíkn sína og viðurkennt að vera sjúkur í allt sem var hægt að skrapa saman með kreditkorti.

**VIÐ ÞEKKJUM** stjörnurnar í útlöndum ekki persónulega þrátt fyrir að hafa eytt með þeim meiri tíma en meðal ættingja. Okkur stendur samt ekki á sama þegar þær deyja. Ekki frekar en þegar við lesum sömu hræðilegu fréttir af fólki sem við getum flett upp í Íslendingabók. Útbreiðsla þessara frétta minnir okkur stöðugt á að við erum að glíma við risavaxið vandamál á löngu úreltum forsendum stríðs sem er tapað.

**ÁRIÐ** er 2014 og stórkostlegar tækninýjungar líta dagsins ljós á næstu misserum. Líffæri verða þrívíddarprentuð og grædd í fólk (!), fleiri rafmagnsbílar verða framleiddir en nokkru sinni fyrr og flugvélar netvæðast á ógnarhraða. Það er samt skekkja. Við uppfærum símana okkar árlega en horfum í hina áttina á meðan gamaldags lagasetning dælir fíklum í fangelsi fyrir að vera fíklar, gerir fangaverði að meðferðarfulltrúum og leyfir heilbrigðiskerfinu ekki að gera það sem það gerir best: Að lækna veikt fólk.

# Heilluðu íslenskukennara upp úr skónum

**Magnús Kolbeinn og Árni Páll vöktu mikla athygli fyrir rappmyndband sem þeir bjuggu til fyrir íslenskuáfanga í Menntaskólanum í Kópavogi. Drengirnir fengu tíu fyrir verkefnið og nú er myndbandið notað í íslenskukennslu í skólanum.**

„Þetta byrjaði þannig að við fengum verkefni í íslensku sem átti að vera um Þórð Kakala og ferð hans frá Noregi. Hann átti að vera að skrifa móður sinni bréf. Við fengum þriggja daga skilafrest og máttum gera það sem við vildum. Við vildum koma á óvart og gera eitthvað öðruvísi,“ segir Árni Páll Árnason, nemandi á öðru ári í Menntaskólanum í Kópavogi. Hann og vinur hans, Magnús Kolbeinn Eiríksson, ákváðu að leysa íslenskuverkefnið með því að búa til rappmyndband.

„Við erum með frekar strangan íslenskukennara og bjuggumst við því að hann myndi slökkva á þessu. Svo gaf hann okkur tíu fyrir verkefnið,“ bætir Árni við. Hann samdi textann við lagið en takturinn var fenginn úr laginu Go To Church með Ice Cube, Lil Jon og Snoop Dogg. Magnús sá um heimildarvinnuna en strákarnir unnu verkefnið á mettíma.

„Þetta var yndislegt samstarf. Við byrjuðum að skrifa texta klukkan átta á fimmtudagskvöldi og kláruðum myndbandið á miðnætti. Skilafresturinn rann út á föstudeginum þannig að við vorum bara fjóra tíma að vinna þetta,“ segir Magnús.

Íslenskukennari drengjanna er Fríða Proppé en eftir að þeir gerðu myndbandið hefur það verið sýnt í öllum íslenskutímum í skólanum.

„Ég held að það sé vegna þess að það er svo frumlegt. Þetta hefur aldrei verið gert áður í skólanum. Ég held að Fríðu hafi líka fundist gaman að við höfum nútímavætt gamla sögu,“ segir Magnús. „Ég er mjög ánægður með að fá meira en 5 því ég tala að mestu leyti í myndbandinu,“ segir Árni. Hann er að eigin sögn stærsta stjarnan í Menntaskólanum í Kópavogi. Hann verður kynnir á söngvakeppni skólans 13. febrúar og ætlar sér stóra hluti í rappheiminum þar sem hann gengur undir listamannsnafninu Herra hnetusmjör.

„Ég hef verið í miklu sambandi við Erp – hann er pabbi, og Valbybræður. Við ætlum að gera hluti saman og ég mun gefa út „mix tape“ í mars eða apríl sem verður frítt á netinu. Ég hef verið að vinna í því í Stúdíói Rush í Hamraborg,“ segir Árni. Það stendur ekki á svörunum þegar hann er spurður hvert hann stefni í tónlistarbransanum. „Á toppinn.“

liljakatrin@frettabladid.is



**ANNT UM SKÓLANN** „MK er í hjarta mínu,“ segir Árni og Magnús tekur undir.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> **Við erum með frekar strangan íslenskukennara og bjuggumst við því að hann myndi slökkva á þessu. Svo gaf hann okkur tíu fyrir verkefnið.**
> *Árni Páll Árnason*


BÍÓ ★ PARADÍS EUROPA CINEMAS




SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADÍS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas




STÖÐ 2 OG BYLGJAN KYNNA
BÓ&BUBBI
SAMAN Í HÖRPU
LAUGARDAGINN 5. APRÍL KL. 20.00 Í ELDBORGARSAL ÁSAMT HLJÓMSVEIT
KYNNIR ARI ELDJÁRN
LÖGIN SEM HAFA LIFAÐ MEÐ ÞJÓÐINNI Í GEGNUM TÍÐINA.
MISSIÐ EKKI AF EINSTÖKUM TÓNLISTARVIÐBURÐI!
prime
BYLGJAN 989
midi.is
MIÐASALA HEFST ÞRIÐJUDAGINN 11. FEBRÚAR KL 12:00
Á MIÐI.IS, HARPA.IS OG Í SÍMA 528 5050

## Sævar verður fánaberi

**SKÍÐI** Sævar Birgisson, keppandi í skíðagöngu, verður fánaberi Íslands á setningarhátíð XXII Vetrarólympíuleikanna í Sotsjí sem fram fer annað kvöld. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu frá Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands.

Sævar mun enda tuttugu ára bið Íslendinga eftir skíðagöngumanni á Vetrarólympíuleikum en þeir Daníel Jakobsson og Rögnvaldur Ingþórsson kepptu í Lillehammer 1994.

Enn lengra er síðan fánaberi íslenska hópsins var skíðagöngumaður en það var Einar Ólafsson sem keppti á leikunum 1988 í Calgary.

Björgvin Björgvinsson var fánaberi á ÓL í Vancouver árið 2010 en Dagný Linda Kristjánsdóttir hélt á íslenska fánanum á leikunum í Tórínó árið 2006. - óój



## Beckham stofnar nýtt félag í Miami

**FÓTBOLTI** David Beckham tilkynnti í gær að hann ætli sér að stofna lið í bandarísku MLS-deildinni í Miami.

Það hefur legið lengi í loftinu að Beckham myndi stofna lið í deildinni. Hann lék með liði LA Galaxy í deildinni frá 2007 til 2012. Er hann samdi við félagið var inni í þeim samningi klausa um að hann gæti stofnað lið í deildinni á sannkölluðum afsláttarkjörum. Beckham hefur ákveðið að nýta það ákvæði eins og búist var við.

„Ég vil gera þetta að mínu liði. Þetta lið á að vera alþjóðlegt. Ég mun leggja mjög hart að mér að gera þetta lið sigursælt. Það eru spennandi tímar fram undan," sagði Beckham á blaðamannafundi í gær.

Ekki liggur fyrir hvenær þetta nýja lið kemur inn í deildina. Byggja á nýjan og glæsilegan völl fyrir liðið og það mun taka einhvern tíma.

Körfuboltakappinn LeBron James hefur lýst yfir áhuga á að taka þátt í verkefninu en fínn vinskapur er á milli hans og Beckhams. Eflaust munu fleiri stór nöfn koma að þessu félagi sem verður mikið í sviðsljósinu. - hbg



**DAVID BECKHAM** Hér í búningi LA Galaxy. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## ÍSLENDINGAR Í HOLLENSKU ÚRVALSDEILDINNI 2013-14



**20 + 13 + 7 + 2 + 2 = 44**

**ALFREÐ FINNBOGASON**
→ SC Heerenveen
25 ára framherji
Annað tímabil í deildinni
**20** mörk í **19** leikjum
Mark á **85,5** mínútna fresti

**ARON JÓHANNSSON**
→ AZ Alkmaar
23 ára framherji
Annað tímabil í deildinni
**13** mörk í **22** leikjum
Mark á **136** mínútna fresti

**KOLBEINN SIGÞÓRSSON**
→ AFC Ajax
23 ára framherji
Fjórða tímabil í deildinni
**7** mörk í **17** leikjum
Mark á **180** mínútna fresti

**JÓHANN BERG GUÐMUNDSSON**
→ AZ Alkmaar
23 ára kantmaður
Fjórða tímabil í deildinni
**2** mörk í **22** leikjum
Mark á **706** mínútna fresti

**GUÐLAUGUR V. PÁLSSON**
→ NEC Nijmegen
22 ára miðjumaður
Annað tímabil í deildinni
**2** mörk í **17** leikjum
Mark á **765** mínútna fresti

→ Ísland er næstmarkahæsta þjóðin í hollensku úrvalsdeildinni á þessu keppnistímabili á eftir heimamönnum. Danir eru í öðru sæti, fjórtán mörkum á eftir Íslandi.

### FLEST MÖRK Á EINU TÍMABILI

**→ Á Englandi**

**16 MÖRK 2001-2002**



**Eiður Smári Guðjohnsen** skoraði 14 mörk í 32 leikjum með Chelsea

**Guðni Bergsson** skoraði 1 mark í 30 leikjum með Bolton

**Hermann Hreiðarsson** skoraði 1 mark í 38 leikjum með Ipswich

**16 MÖRK 2011-12**



**Heiðar Helguson** skoraði 8 mörk í 16 leikjum með Queens Park Rangers

**Gylfi Þór Sigurðsson** skoraði 7 mörk í 18 leikjum með Swansea City

**Grétar Rafn Steinsson** skoraði 1 mark í 23 leikjum með Bolton

**→ Í Þýskalandi**

**26 MÖRK 1982-83**



**Atli Eðvaldsson** skoraði 21 mark í 34 leikjum með Fortuna Düsseldorf

**Ásgeir Sigurvinsson** skoraði 4 mörk í 23 leikjum með Stuttgart

**Pétur Ormslev** skoraði 1 mark í 9 leikjum með Fortuna Düsseldorf

# Nýtt met í íslenskum mörkum

Alfreð Finnbogason skoraði um helgina 43. markið sem Íslendingar hafa skorað í hollensku úrvalsdeildinni á þessu tímabili en með því hafa íslensku strákarnir í Hollandi bætt sextán ára gamalt markamet sem var sett í norsku úrvalsdeildinni sumarið 1998.

**FÓTBOLTI** Frábært gengi íslensku markaskoraranna í hollenska boltanum hefur ekki farið framhjá knattspyrnuáhugafólki hér á landi hvort sem það býr hér eða erlendis. Ísland á nú markahæsta leikmann hollensku deildarinnar og tvo af þeim þremur markahæstu. Sá þriðji er síðan í 15. sætinu og alls hafa fimm íslenskir leikmenn skorað í deildinni. Það kemur því kannski ekki á óvart að Íslandsmetið í markaskorun í erlendri deild sé fallið. Aldrei hafa verið skoruð fleiri íslensk mörk á einu tímabili á efstu deild í Evrópu.

### Alfreð bætti fleiri en eitt met

Metið féll þegar Alfreð Finnbogason skoraði sitt tuttugasta mark í 3-0 sigri Heerenveen á Den Haag á laugardaginn. Aron Jóhannsson bætti við marki í fyrrakvöld.

Alfreð bætti þar með fleiri en eitt met með þessu marki því eins og kom fram í Fréttablaðinu á mánudaginn þá varð hann þarna fyrsti íslenski knattspyrnumaðurinn til að skora yfir tuttugu mörk á tveimur tímabilum.

Gamla metið var orðið sextán ára eða síðan íslenska innrásin var gerð í norsku úrvalsdeildina árið 1998.

Þá streymdu leikmann til Noregs og margir þeirra slógu í gegn. Ríkharður Daðason fór þar fremstur en hann varð fimmti markahæsti leikmaður deildarinnar með 16 mörk í 25 leikjum með Viking. Tryggvi Guðmundsson (8 mörk fyrir Tromsö) og Helgi Sigurðsson (7 mörk fyrir Stabæk) voru einnig atkvæðamiklir og alls skoruðu níu leikmenn þessi 42 mörk.

Íslensku leikmennirnir ógnuðu þessu meti síðan tvisvar næstu tíu árin en sumrin 2002 og 2008 voru íslenskir leikmenn í norsku úrvalsdeildinni aðeins einu marki frá því að jafna metið frá 1998.

Íslenskir leikmenn í Noregi komust enn á ný inn á topp tíu listann síðasta sumar þegar 34 íslensk mörk litu dagsins ljós í norsku úrvalsdeildinni.

### Yfir 30 mörkin í fimm löndum

Íslenskir leikmenn hafa rofið 30 marka múrinn í fimm löndum því auk Hollands (2 sinnum) og Noregs (8 sinnum) hafa íslenskir markaskorarar komst í 30 mörkin í Svíþjóð (2012), Danmörku (2012-13) og Belgíu (2002-03).

Frammistaða íslensku strákanna í fyrravetur var vissulega ávísun á það sem koma skal í hollensku úrvalsdeildinni í vetur. Alfreð, Kolbeinn, Aron, Jóhann Berg og Guðlaugur Victor skoruðu þá saman 38 mörk á leiktíðinni og brutu upp einokum norsku deildarinnar á topplistanum. Aron kom þá seint í deildina og Kolbeinn missti mikið úr vegna meiðsla og því mátti búast við sterku áhlaupi í ár. Sí varð líka raunin.

Metið er fallið strax í byrjun febrúar og því er nóg eftir af leikjum fyrir íslensku strákanna til þess að bæta það enn frekar. 50 marka múrinn er næstur á dagskrá. Alfreð er á góðri leið með að bæta markamet íslensks leikmanns sem hann setti í fyrra (24 mörk) og Aron Jóhannsson á möguleika á því að verða fjórði íslenski leikmaðurinn til að skora tuttugu mörk á einu tímabili í efstu deild (vantar 7 mörk). Kolbeinn Sigþórsson var líka öflugur á lokasprettinum í fyrra þegar hann hjálpaði Ajax að verða hollenskur meistari þriðja árið í röð.

### Markametið í stóru deilunum

Deildirnar í Hollandi, Noregi, Belgíu, Svíþjóð og Danmörku eru allar á næsta stigi fyrir ofan íslensku Pepsi-deildina en íslenskir leikmenn hafa einnig minnt á sig á hæsta stigi.

Íslenska markametið í einni af fimm stærstu deildunum er hins vegar orðið þriggja áratuga gamalt eða síðan Atli Eðvaldsson, Ásgeir Sigurvinsson og Pétur Ormslev skoruðu saman 26 mörk í þýsku úrvalsdeildinni tímabilið 1982 til 83. Hér til hliðar má sjá lista yfir bestu árin í íslenskum mörkum í deildunum fimm.

ooj@frettabladid.is

# Farangurinn týndist

## Vetrarólympíuleikarnir byrja ekki vel fyrir Jamaíka.

**ÓL Í SOTSJÍ** Það byrjar ekki vel hjá jamaíska bobsleðaliðinu sem ætlar að taka þátt í Vetrarólympíuleikunum í Sotsjí en leikarnir verða settir á morgun.

Liðið er komið til Sotsjí en missti af fyrstu æfingu sinni í brautinni af því að farangur liðsmanna týndist á leiðinni frá Bandaríkjunum til Rússlands.

„Þetta er mjög pirrandi. Okkur tókst loksins að fjármagna ferðina og erum komnir á staðinn og þá gerist þetta,“ sagði Winston Watts í liði Jamaíka.

Liðinu tókst að safna rúmum fjórtán milljónum króna þegar liðið var búið að tryggja sér þátttökurétt á leikunum en fram að því stefndi í að fjárskortur kæmi í veg fyrir ferð Jamaíkamannanna til Rússlands.

Jamaíska bobsleðaliðið verður í sviðsljósinu í Sotsjí þótt að liðið sé ekki líklegt til árangurs. Það er nefnilega enginn búinn að gleyma hinni stórkostlegu mynd Cool Runnings, sem gerði þátttöku liðsins á Vetrarleikunum í Calgary skil. - óój

## Í STÓRU DEILDUNUM FIMM

**25 MÖRK 1985-86**



**Lárus Guðmundsson** skoraði 10 mörk í 26 leikjum með Bayer Uerdingen

**Ásgeir Sigurvinsson** skoraði 9 mörk í 32 leikjum með Stuttgart

**Atli Eðvaldsson** skoraði 6 mörk í 30 leikjum með Bayer Uerdingen

### ➜ Á Spáni



**5 MÖRK 1985-86**

**Pétur Pétursson** skoraði 5 mörk í 27 leikjum með Hercules Alicante.

**5 MÖRK 2006-07**

**Eiður Smári Guðjohnsen** skoraði 5 mörk í 25 leikjum með FC Barcelona.

### ➜ Í Frakklandi

**25 MÖRK 1981-92**



**Teitur Þórðarson** skoraði 19 mörk í 38 leikjum með Lens

**Karl Þórðarson** skoraði 6 mörk í 37 leikjum með Laval

**14 MÖRK 1950-51**

**Albert Guðmundsson** skoraði 14 mörk í 24 leikjum með Racing Paris

### ➜ Á Ítalíu

**2 MÖRK 1948-49**



**Albert Guðmundsson** skoraði 2 mörk í 14 leikjum með AC Milan.

**2 MÖRK 2012-13**

**Birkir Bjarnason** skoraði 2 mörk í 24 leikjum með Pescara.

## ➜ Gamla markametið



| NOREGUR, 1998 | 43 MÖRK |
|---|---|
| Ríkharður Daðason, Viking (að ofan) | 16 |
| Tryggvi Guðmundsson, Tromsö | 8 |
| Helgi Sigurðsson, Stabæk | 7 |
| Heiðar Helguson, Lilleström | 2 |
| Auðun Helgason, Viking | 2 |
| Brynjar Björn Gunnarsson, Moss | 2 |
| Rúnar Kristinsson, Lilleström | 2 |
| Bjarki Gunnlaugsson, Molde | 2 |
| Bjarki Gunnlaugsson, Brann | 1 |

Brynjar Björn Gunnarsson, Stefán Þór Þórðarson, Óskar Hrafn Þorvaldsson, Gunnlaugur Jónsson, Ágúst Gylfason, Arnar Þór Viðarsson, Valur Fannar Gíslason og Árni Gautur Arason spiluðu allir í deildinni þetta sumar án þess að skora.

| | |
|---|---|
| NOREGUR, 1998 | 43 MÖRK |
| NOREGUR, 2002 | 41 MARK |
| NOREGUR, 2008 | 41 MARK |
| HOLLAND, 2012-13 | 38 MÖRK |
| NOREGUR , 2007 | 37 MÖRK |
| NOREGUR, 2000 | 36 MÖRK |
| NOREGUR, 2001 | 34 MÖRK |
| NOREGUR, 2013 | 34 MÖRK |
| SVÍÞJÓÐ, 2012 | 33 MÖRK |
| NOREGUR, 2011 | 32 MÖRK |
| DANMÖRK, 2012-13 | 31 MARK |
| BELGÍA, 2002-03 | 30 MÖRK |

## KÖRFUBOLTI KVK

**KEFLAVÍK - SNÆFELL 79-88**

**Keflavík:** Sara Rún Hinriksdóttir 21/5 fráköst/3 varin skot, Diamber Johnson 18/6 fráköst/5 stoðsendingar, Bryndís Guðmundsdóttir 14/10 fráköst, Birna Ingibjörg Valgarðsdóttir 13/4 fráköst, Bríet Sif Hinriksdóttir 6/5 fráköst, Sandra Lind Þrastardóttir 5/9 fráköst/4 varin skot, Telma Lind Ásgeirsdóttir 2.

**Snæfell:** Chynna Unique Brown 23/4 fráköst/5 stoðsendingar, Hildur Sigurðardóttir 21/9 fráköst/8 stoðsendingar, Hildur Björg Kjartansdóttir 18/12 fráköst, Eva Margrét Kristjánsdóttir 10/7 fráköst, Helga Hjördís Björgvinsdóttir 6, Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir 6/5 fráköst, Hugrún Eva Valdimarsdóttir 4.

**GRINDAVÍK - KR 78-84**

**Grindavík:** María Ben Erlingsdóttir 22/11 fráköst, Pálína Gunnlaugsdóttir 17/7 fráköst, Helga Rut Hallgrímsdóttir 14/9 fráköst, Crystal Smith 12/4 fráköst/7 stolnir, Ingibjörg Jakobsdóttir 11/10 stoðsendingar, Marín Rós Karlsdóttir 2.

**KR:** Ebone Henry 25/15 fráköst/6 stoðsendingar/9 stolnir, Bergþóra Holton Tómasdóttir 25, Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 20/9 fráköst, Björg Guðrún Einarsdóttir 9, Anna María Ævarsdóttir 3, Sara Mjöll Magnúsdóttir 2/9 fráköst.

**HAUKAR - HAMAR 81-72**

**Haukar:** Lele Hardy 31/21 fráköst, Margrét Rósa Hálfdanardóttir 17, Dagbjört Samúelsdóttir 12, Lovísa Björt Henningsdóttir 8/6 fráköst/4 varin skot, Gunnhildur Gunnarsdóttir 7/6 stoðsendingar, Auður Íris Ólafsdóttir 3/6 fráköst, Íris Sverrisdóttir 3.

**Hamar:** Chelsie Alexa Schweers 34/9 fráköst, Fanney Lind Guðmundsdóttir 13/6 fráköst, Íris Ásgeirsdóttir 12/6 fráköst, Sóley Guðgeirsdóttir 6/4 fráköst, Marín Laufey Davíðsdóttir 4/16 fráköst, Katrín Eik Össurardóttir 3/8 fráköst.

**VALUR - NJARÐVÍK 71-64**

**Valur:** Anna Alys Martin 22/4 fráköst/6 stoðsendingar/6 stolnir, Ragna Margrét Brynjarsdóttir 19/16 fráköst, Guðbjörg Sverrisdóttir 8/10 fráköst, Hallveig Jónsdóttir 8, María Björnsdóttir 5, Unnur Lára Ásgeirsdóttir 4/4 fráköst, Þórunn Bjarnadóttir 3, Rut Herner Konráðsdóttir 2/6 fráköst.

**Njarðvík:** Nikitta Gartrell 23/14 fráköst, Ína María Einarsdóttir 16, Guðlaug Björt Júlíusdóttir 12, Erna Hákonardóttir 5, Salbjörg Sævarsdóttir 3/10 fráköst/3 varin skot, Andrea Björt Ólafsdóttir 3/8 fráköst, Ásdís Vala Freysdóttir 2.

## HSÍ BIKAR KVENNA

**VALUR - ÍBV 27-20**

**Valur-kvenna - Mörk (skot):** Karólína Bærhenz Lárudóttir 6 (6), Hrafnhildur Ósk Skúladóttir 6 (9), Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 5/1 (9/1), Kristín Guðmundsdóttir 4 (13), Aðalheiður Hreinsdóttir 2 (3), Rebekka Rut Skúladóttir 2 (4), Bryndís Elín Wöhler 1 (2), Morgan Þorkelsdóttir 1 (3), Sigurlaug Rúnarsdóttir (1), Jónína Líf Ólafsdóttir (2),

**Varin skot:** Berglind Íris Hansdóttir 10 (25/1, 40%), Sigríður Arnfjörð Ólafsdóttir 3 (8, 38%),

**Hraðaupphlaup:** 5 (Karólína 3, Hrafnhildur 2)

**Fiskuð víti:** 1 (Karólína )

**Utan vallar:** 0 mínútur.

**ÍBV-kvenna - Mörk (skot):** Arna Þyrí Ólafsdóttir 5 (9), Vera Lopes 5/1 (11/2), Ester Óskarsdóttir 4 (13), Sandra Dís Pálsdóttir 3 (5), Guðbjörg Guðmannsdóttir 2 (3), Selma Rut Sigurbjörnsdóttir 1 (1), Þórsteina Sigurbjörnsdóttir (1),

**Varin skot:** Erla Rós Sigmarsdóttir 8 (11, 73%), Dröfn Haraldsdóttir 6 (30/1, 20%),

**Hraðaupphlaup:** 2 (Arna Þyrí, Ester)

**Fiskuð víti:** 3 (Arna Þyrí, Vera Lopes 2 )

**Utan vallar:** 2 mínútur.

**GRÓTTA - FRAM 23-19**

